

FRÆNDAFUNDUR 11

Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu
í Reykjavík 16.-18. ágúst 2022

Fyrirlestrar frá íslensk-føroyskari ráðstevnu
í Reykjavík 16.-18. august 2022

Ritstjórar
Jóhannes Gísli Jónsson
Tóta Árnadóttir



Málvísindastofnun
Reykjavík 2023

FRÆNDAFUNDUR 11

Frændafundur 11

Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu
í Reykjavík 16.–18. ágúst 2022

Fyrirlestrar frá íslensk-føroyskari ráðstevnu
í Reykjavík 16.–18. august 2022

Ritstjórar
Jóhannes Gísli Jónsson
Tóta Árnadóttir

Málvísindastofnun
Reykjavík 2023

Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir

Tölvuvinnsla: Jóhannes Gísli Jónsson

ISBN 978-9935-25-505-1

©2023: Höfundar
Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

Formáli	7
Fyrirlesarar á ráðstefnunni	9
Helgi Gunnlaugsson: On crime and punishment in four Nordic island nations: Iceland, Greenland, the Faroe Islands and the Åland Islands	11
Anna Karen Unnsteins, Karl Aspelund og Kristinn Schram: Hvað tákna hún nú? Slóð fjallkonunnar inn í samtímann	19
Ingibjörg Eyþórsdóttir: Two Icelandic ballads on rape and punishment	30
Tóta Árnadóttir og Iben Nyholm Debess: Ljóð sum arvalutur	41
Yelena Sesselja Helgadóttir: Á bók og bandi: Um handrit og hljóðrit sem heimildir þjóðfræða (með áherslu á íslenskar þulur síðari alda)	52
Cherlon Ussery, Gísli Rúnar Harðarson and Annika Simonsen: Scope and ditransitives in Insular Scandinavian	65
Jóhannes Gísli Jónsson and Iðunn Kristínardóttir: PPs for indirect objects in Icelandic	78
Gísli Rúnar Harðarson: Notes on object inversion in Icelandic	92
Mirko Garofalo: The role and distribution of nominalized clauses: A view from Icelandic	104
Helga Hilmisdóttir: Málbeiting og sambýli við ensku: Eigindleg rannsókn á <i>what</i> og <i>ha</i> í tölvuleikjum íslenskra grunnskóladrengja	117
Sigríður Sigurjónsdóttir: Digital language contact with English: Comparison of children's language input and use in Iceland and the Faroes	129
Eva Hrund Sigurjónsdóttir: Íslensk og færeysk gælunöfn	141
Guðrún Steinþórsdóttir: Sek eða saklaus?.....	150
Erla Olsen: Online teaching, mental well-being and learning	159
Renata Emilsson Peskova: Language portrait as an analytical tool of students' developing linguistic identities: Extending the methodology	170

Formáli

Í þessari bók eru fyrirlestrar frá Frændafundi 11, íslensk-færeyskri ráðstefnu sem var haldin við Háskóla Íslands 16.–18. ágúst 2022 (sjá <https://fraendafundur.hi.is/>). Fyrirlestrunum er hér raðað upp eftir efni en allmargir fyrirlesarar kusu að skila ekki greinum í ritið.

Færeyjanefnd Háskóla Íslands skipulagði Frændafund 11 í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Íslandsnefnd Fróðskaparseturs Føroya. Í Færeyjanefndinni sátu Jóhannes Gísli Jónsson (formaður), Guðrún Kristjánsdóttir (Heilbrigðisvísindasviði), Kristinn Schram (Félagsvísindasviði), Kristín Jónsdóttir (Menntavísindasviði), María Anna Garðarsdóttir (Hugvísindasviði) og Ólafur Pétur Pálsson (Verkfræði- og náttúruvísindasviði). Í Íslandsnefndinni voru Tóta Árnadóttir (formaður), Erla Olsen, (Námsvísindadeildini), Lena Reinert (Føroyamálsdeildini), Hans Andrias Sølvará (Søgu- og samfélagsdeildini), Magni Mohr (Heilsu- og sjúkrarøktarvísindi) og Uni Árting (Náttúruvísindadeildini). Á ráðstefnunni voru haldnir 63 fyrirlestrar, þar af fimm boðsfyrirlesarar á ólíkum fræðasviðum, en aldrei áður hafa jafn margir og fjölbreytilegir fyrirlestrar verið haldnir á Frændafundi.

Samstarf Háskóla Íslands og Fróðskaparseturs Føroya byggist á samstarfs-samningi sem gerður var árið 1990 en hann hefur verið endurskoðaður nokkrum sinnum, nú síðast árið 2022. Fyrsti Frændafundurinn var haldinn við Háskóla Íslands 1992 en síðan þá hafa ráðstefnurnar verið haldnar þriðja hvert ár og til skiptis í Færeyjum og á Íslandi. Ráðstefnuritin hafa ýmist verið gefin út í Þórshöfn eða í Reykjavík. Á Frændafundi er hefð fyrir því að fyrirlestrar séu annaðhvort á íslensku eða færeysku þótt önnur tungumál hafi einnig verið leyfð. Þetta fyrirkomulag hefur ekki gefist vel og því var sú breyting gerð á Frændafundi 11 að fyrirlesarar voru beðnir um að tala á íslensku eða færeysku í fyrirlestrum á sviði hugvísinda en aðrir fyrirlestrar áttu helst að vera á ensku. Þessi breyting er líka mikilvægur þáttur í því að auka hlut annarra fræðasviða en hugvísinda á Frændafundum.

Ráðstefnan var styrkt af eftirtöldum aðilum: Clara Lachmann Fond, Fróðskaparsetri Føroya, Háskólasjóði, Letterstedtska föreningen, Málvísindastofnun HÍ og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þessum aðilum eru hér með færðar þakkir fyrir aðstoðina. Við viljum einnig þakka nafnlausum ritrynum fyrir þeirra starf en allar greinarnar í þessari bók voru ritryndar.

Ritstjórar

Fyrirlesarar á ráðstefnunni

Amalía Björnsdóttir, Háskóla Íslands
Andri Rafn Ottesen, Háskóla Íslands
Anelia Philbrow, Fróðskaparsetur Føroya
Anett Blischke, Háskóla Íslands
Ann-Sofie N. Gremaud, Háskóla Íslands
Anna Karen Unnsteins, Háskóla Íslands
Anna-Elisabeth Holm, Fróðskaparsetur Føroya
Annika Simonsen, Háskóla Íslands
Ari Páll Kristinsson, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Arnar Thoroddsen, Háskóla Íslands
Artëm Ingmar Benediktsson, Háskóla Íslands
Atli Freyr Hjaltason, Háskóla Íslands
Ásgrímur Angantýsson, Háskóla Íslands
Ásrún Jóhannsdóttir, Háskóla Íslands
Bárður Larsen, Fróðskaparsetur Føroya
Bryndís Brandsdóttir, Háskóla Íslands
Carina Ren, Aalborg Universitet
Carmen Gaina, Universitetet i Oslo
Cherlon Ussery, Carleton College
Christiaan Richter, Háskóla Íslands
Einar Freyr Sigurðsson, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Elisabeth Skarðhamar Olsen, Fróðskaparsetur Føroya
Erla Olsen, Fróðskaparsetur Føroya
Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Háskóla Íslands
Finnur Friðriksson, Háskólanum á Akureyri
Gísli Rúnar Harðarson, Háskóla Íslands
Guðný Jónsdóttir, Háskóla Íslands
Guðrún Kristjánsdóttir, Háskóla Íslands
Guðrún Steinþórsdóttir, Háskóla Íslands
Gunnar Jóhannesson, Háskóla Íslands
Hanna Ragnarsdóttir, Háskóla Íslands
Helen F. Leslie-Jacobsen, Universitetet i Bergen
Helga Bragadóttir, Háskóla Íslands
Helga Hilmisdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Helgi Gunnlaugsson, Háskóla Íslands
Hinrik Hafsteinsson, Háskóla Íslands
Hlíf Árnadóttir, Háskóla Íslands
Höskuldur Þráinsson, Háskóla Íslands
Iben Nyholm Debess, Fróðskaparsetur Føroya
Iðunn Kristínardóttir, Háskóla Íslands
Ingibjörg Eyþórsdóttir, Háskóla Íslands
Ingileif Jónsdóttir, Háskóla Íslands
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Háskóla Íslands
Jakob Frímann Þorsteinsson, Háskóla Íslands
Jana Ólavsdóttir, Jarðfeingi
Jóhannes Gísli Jónsson, Háskóla Íslands
Karl Aspelund, University of Rhode Island og Háskóla Íslands

Knud Simonsen, Fróðskaparsetur Føroya
Knút Háberg Eysturstein, Fróðskaparsetur Føroya
Kristinn Schram, Háskóla Íslands
Kristján Rúnarsson, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Magnfríður Júlíusdóttir, Háskóla Íslands
Magni Mohr, Fróðskaparsetur Føroya
Magnus Steinsson við Streym, Háskóla Íslands
Maria Skaalum Petersen, Fróðskaparsetur Føroya
Mauricio Latapí, Háskóla Íslands
May-Britt Skoradal, Fróðskaparsetur Føroya
Mikael M. Karlsson, Háskóla Íslands
Mirko Garofalo, Háskóla Íslands
Oddur Snorrason, Háskóla Íslands
Ragnar Sigrunarson, Fróðskaparsetur Føroya
Ragnheiður Bogadóttir, Fróðskaparsetur Føroya
Renata Emilsson Peskova, Háskóla Íslands
Rosannguaq Rossen, Ilisimatusarfik (Grønlands Universitet)
Rósa Þorsteinsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Rúnar Unnþórsson, Háskóla Íslands
Rúnar Vilhjálmsson, Háskóla Íslands
Samúel Lefever, Háskóla Íslands
Seán Vrieland, Københavns Universitet
Sigríður Sigurjónsdóttir, Háskóla Íslands
Sigrún Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands
Silja Aldudóttir, Bókadeild Føroya Lærarafelags
Sumarliði Ísleifsson, Háskóla Íslands
Tóta Árnadóttir, Háskóla Íslands og Fróðskaparsetur Føroya
Valgerður S. Bjarnadóttir, Háskóla Íslands
Yelena Sesselja Helgadóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Ögmundur Erlendsson, Háskóla Íslands

On crime and punishment in four Nordic island nations: Iceland, Greenland, the Faroe Islands and the Åland Islands

1. Introduction

In 2015, the Scandinavian Research Council for Criminology (SRCC) funded a research group of Nordic scholars to study crime and punishment in four island Nordic countries: Greenland, Iceland, the Faroe Islands and the Åland Islands. The research group consisted of representatives from the four island nations, in addition to researchers from Norway and Denmark. One of the main objectives of this research group was to examine how conflicts and crimes are handled in these individual societies. Criminality, incarceration and crime control were the main themes of their research.

In this paper presentation, given at the Frændafundur 11 in Reykjavík in August 2022 at the University of Iceland, some of the key findings from the research project were presented. The content of this paper has been largely drawn from this talk and different publications, which have appeared in the most recent years. A final group report was published by SRCC in 2019 with all the key findings of this project; the report is called *Crime and crime control in four Nordic island societies: The Faroe Islands, Greenland, Iceland and the Åland Islands*, and is edited by Annemette Nyborg Lauritsen, associate professor at the University of Greenland in Nuuk. Another valuable source used for this paper comes from a book chapter in Icelandic from a book published by the University of Iceland Press (Gunnlaugsson 2021).

Many differences exist between the four Nordic island societies in culture, the way they have achieved autonomy/independence and to the extent that this has been implemented. However, they have more characteristics in common than they have with the other Nordic countries: small populations living in secluded island societies, geographic isolation from other countries, rough living conditions and high dependence on the forces of nature. In such small societies, people are visible to each other and are mutually dependent, and daily life is subject to strong traditions. To various degrees they have all battled for autonomy and independence. All these characteristics influence the way these island societies handle conflicts, they perceive crimes and they work out their local policies on conflicts and crime.

There is some criminological research on Iceland (see, for example, Gunnlaugsson and Galliher 2000 and Ólafsdóttir and Bragadóttir 2006). However, very little is known about Greenland, and even less criminological research is available on the Faroe Islands and the Åland Islands. Therefore, the main intention of the research group was to bring forth knowledge about variations and similarities on crime, incarceration and control in these four island societies.

The research group visited all the four island nations and spent a week in each of them: the Faroe Islands in November 2015, the Åland Islands in October 2016, Iceland in October 2017 and, finally, Greenland in October 2019, where the group members organised an open conference on the themes with approximately 40 participants.

A working group seminar was held each time during our visits, focusing on our objectives and themes with inputs from all the group members (Gunnlaugsson 2016). We visited relevant authorities and learnt about their country's crime and the control system. We also met with representatives from the correctional facilities, police, courts, prisons, and university faculties. At all these places, we were received kindly with a smile, and we gained interesting and relevant insights into various parts of the societies in question that seem to influence crime and crime control. This article is

based on reflections of the author resulting from the experiences of the visits to these four island nations, in addition to the research reports published by the SRCC including the findings of the research group.

2. The Faroe Islands

Our first impression of the Faroe Islands on our visit in November of 2015 was of an idyllic society with little crime. Littering in public places and graffiti were hardly observed. Everything appeared to be clean, with houses being small, colourful and well maintained for the most part. Quickly, we found out that there is very little criminological literature on crime in the Faroes, and very few statistics in this field are available. However, in 2018, less than 500 crimes were reported to the police, with theft, vandalism and violent crimes making up close to 70% of the reports. A decline in reports was detected in recent years, in particular in thefts and vandalism (Hjelm-Rasmussen 2019).

We learned that the local criminal law is under Faroese rule, but the courts and police are shared with Denmark. The main prison, Arresthúsið, was located approximately 20 km from Tórshavn, the capital, in the mountains in an abandoned US military station. The prison is relatively inaccessible, no public transportation operates to and from there and, in winter, it is often cut off from the rest of the world because of weather conditions. The prison has a 14-person capacity, divided between 5 detention cells and 9 cells for incarceration. Most inmates were male, and only 1–2% are women. According to the local prison director, as of 2018, the average occupancy was approximately 80% (Hjelm-Rasmussen 2019). Convicts with less than a two-year prison sentence serve time there, but those with a longer sentence are transferred to Denmark. A total of 6 Faroese served sentences in the Vestre prison in Copenhagen in 2016. Moreover, the Faroese prison population is among the lowest in the world, that is, 21 per 100 thousand inhabitants (World Prison Brief 2023).

Coming from Iceland, I was surprised to learn that the Faroese prison director did not have any communication with Iceland nor any knowledge of the Icelandic prison situation. The author later learned that the same holds for the director of the Icelandic Prison and Probation Administration; no knowledge existed about Faroese prison, and no exchange of information took place between the two institutions. Less than ten inmates can serve time at the Arresthúsið in the Faroe Islands.

At the time of our visit, one older inmate had received a longer prison sentence and was to be transferred to Denmark. However, reportedly, the director was able to keep him at Arresthúsið because it was believed to be better for him. With this case, we saw a concern reflecting positive and humane sentiments toward prisoners.

The Faroese police are armed with guns while on duty as is customary with the Danish police. We asked the chief of police in Klaksvík if this was really necessary in a peaceful society like the Faroe Islands. “A necessary precaution,” he replied sharply. When asked if he had ever used a weapon while on duty, he admitted that once he had grabbed the gun without using it. A young police officer confessed to us that he felt naked if he did not have the gun with his police uniform while on duty.

Even though the Faroe Islands appear peaceful and crime free, serious crime can be found here. At a meeting, a local senior social worker informed us that cases of sexual victimisation of children had recently caused an alarm in the Faroese society. This was a hidden phenomenon that suddenly appeared in the justice system and public debate. Two prominent stories on digital sexual victimisation and incest were covered in the local newspapers during the week we stayed there (“Nyttulaus viðgerð” 2015 and “Øvundsjúka” 2015). As in most societies, this type of crime also exists in the Faroe Islands, and, two years earlier, a similar public alarm over sexual victimisation of children, boys in particular, had been raised in Iceland (Valgerðardóttir 2013). The marginalised position of homosexual people in Faroe

ON CRIME AND PUNISHMENT IN FOUR NORDIC ISLAND NATIONS

society has also made the news in Iceland (Gunnarsson 2018), but signs show improvement in their struggle for human rights.

3. The Åland Islands

The research group visited the Åland Islands in the first week of October 2016. We took the ferry from Stockholm to Mariehamn, the capital of Åland, and had a meeting on board with the captain about crime-related matters in connection with the trips between Stockholm, Åland and Helsinki. Åland comprises clusters of islands east of Sweden; the islands are autonomous, demilitarised and neutralised, with approximately 30,000 Swedish-speaking inhabitants in union with Finland. Because of this, the Åland Islands are called Fredens öar. No military may stay on the islands, the region cannot be fortified, and there is no military service on the islands. This island community heavily relies on tourism, with a relatively high standard of living. The community is characterised by social welfare and strong social capital, and crime is perceived as being low by the locals.

According to the local police, a high number of reported crimes in the Åland Islands are related to the passenger ferries between Sweden and Finland with a stopover in Mariehamn. Earlier research on crime and criminality in Swedish-speaking island regions in Finland has shown reluctance of inhabitants to report crime to the police and trying to solve crime on their own (Mallén 2005). Based on crime statistics, the local police provided us with the total number of reported crimes during the past few years, and this number had been stable.

In 2016, 12 Ålanders served a prison sentence. All sentences were served in the Turku prison in Finland. In 2018, 12 Ålanders were imprisoned, 6 of whom served a prison sentence and six were jailed following arrest. In 2018, 4 Ålanders served their sentence as community service (Mallén 2019).

Our visit to the Åland Islands attracted some attention from the public and mass media. The local newspaper interviewed us, inquiring about the purpose of our visit and objectives of the research group and published the interview in their weekend edition (“Kriminologer med fokus på ö-samhällen” 2016).

4. Iceland

We visited Iceland in the first week of October 2017. We visited three of the five prisons operating in Iceland at the time. Moreover, we had a meeting with the Prison and Probation Administration at their headquarters and another meeting with the capital area police.

Construction and renovation were taking place during the Litla-Hraun visit, the largest prison in Iceland. Therefore, fewer than usual inmates served time there. The prison facilities seemed worn-out and old, despite some maintenance work being done over the years. Interactions between the guards and inmates seemed impersonal but friendly.

The same impression of impersonal but friendly communication between the staff and inmates was perceived by us when we visited the newest prison, Hólmsheiði, close to Reykjavík. This is a modern prison similar to the new Nuuk prison in Greenland but smaller. This is also the first prison that the Icelandic authorities have specifically designed as a prison. Other prisons in Iceland had all originally been intended for other purposes or were built by Danish authorities. The Hólmsheiði prison is a high-security prison with a transparent fence around the area and a locked gate at the entrance to the building. Guards are stationed in the middle of the building in what can easily be referred to as a “bunker” where they can monitor inmates placed in different wings and units. The new prison includes a separate division for female prisoners, and they started serving there in November 2016. A new, improved custody unit has also been included at Hólmsheiði that replaces the old one located at Litla-Hraun. The custody unit at Litla-Hraun was impractical when investigating a criminal case, that is, to transport police and lawyers between Reykjavík and Litla-

Hraun (approximately 60 km) for interrogation of crime suspects. In addition, two other prisons are operated in Iceland, Sogn and Kvíabryggja, both of which are open institutions giving more freedom to their inmates than in the closed prisons (Pakes and Gunnlaugsson 2018; Pakes 2020).

The incarceration rate in Iceland is comparatively low, approximately 37 per 100,000 inhabitants, which is below almost all other European nations, including Nordic nations except the Faroe Islands and Åland (World Prison Brief 2023). Even though the number of prisoners does not necessarily reflect the crime rate in society, this figure indirectly supports the notion of Iceland being a low-crime country. With the new prison addition of Hólmsheiði, the total capacity of prisoners in Iceland has been raised to approximately 180 cells or rooms. In addition, a half-way house is also operated in Reykjavík with a capacity of approximately 20 residents.

5. Greenland

The last group visit was to Nuuk, Greenland, in October 2019. There we organised an open conference on crime and punishment in small societies with participants from different parts of the world. A total of 40 participants, including a number of local professionals in Greenland attended the conference. At the same time, a group report including our key findings was published by the SRCC (Lauritsen 2019).

Greenland is part of the Danish kingdom, but in 2008, Greenland was granted self-government from the previous home rule. Despite self-government, the Greenlandic justice sector remains a Danish matter.

Greenland is characterised by great distances and contrasts. If you want to travel between two towns, you need to use boats or aeroplanes, since roads do not connect towns; often, these are long and costly journeys. Nuuk, the capital, with less than 20,000 inhabitants, has a touch of a big city; however, life in smaller settlements appear as from a different world, not Nuuk. In many settlements, ships and flight transportation are not possible during winter months because of harsh conditions. Social and economic inequalities are also pronounced in Greenland, with the Gini coefficient used to calculate income inequality that is considerably higher than in the other Nordic countries (Lauritsen 2019).

The difficult circumstances in Greenland serve as the background to much higher levels of crime than those found in other Nordic countries (Lauritsen 2019). Although property crimes constitute the bulk of the reported crime, there is a higher number of violent crimes than in Denmark. For instance, the reporting frequency of sexual crimes is almost ten times higher than in Denmark. In terms of serious crime, the Greenland situation runs counter to the criminological assumption that small and homogenous nations have little crime (see, for example, Adler 1983). In addition to this, other factors that seem to play a more decisive role in the local crime rate include harsh natural conditions, social and economic hardship and rapid social change. However, most of these crimes are domestic, occurring among family members and close friends. Street crime among strangers is not prominent; therefore, public safety is not in any real jeopardy.

The Greenlandic correctional facilities are not called “prisons”, but “anstalt”, or institutions. This can be described as open institutions, presumably designed so to avoid the detrimental effects known to be caused by closed prisons. Despite the intention of openness and contact with society, in practice, a completely different picture appears, according to a local criminological scholar and member of our research group, Lauritsen (2019). Reportedly, most inmates, or approximately three out of every four, spend most of their time within the institution. Therefore, in practice, the Greenlandic correctional facilities have developed into institutions that are more similar to closed prisons than the facilities as which they were originally intended.

In 2018, the institutional capacity in Greenland totalled to 154 cells in 6 institutions (Lauritsen 2019). These institutions are typically characterised by

ON CRIME AND PUNISHMENT IN FOUR NORDIC ISLAND NATIONS

overcrowding, which is a pressing issue. Not included in the Greenlandic numbers of inmates are approximately 30 Greenlandic convicted men who served indefinite sentences for homicide or sexual offences at the Herstedvester prison in Denmark. The Greenlandic inmate population is more than 3 times higher than that in other Nordic nations, that is, 233 prisoners per 100,000 inhabitants (World Prison Brief 2023). Therefore, this high number of inmates reflects the high rate of serious crime characterising Greenlandic society. With the new anstalt in Nuuk opening in 2019, all convicts are supposed to serve their time in Greenland.

In the fall of 2015 and 2016, I spent a few weeks as a guest professor at the University of Greenland in Nuuk where I taught an intensive criminology course at the MA level. Staying there for more than a few days gave me an opportunity to learn more about Greenlandic society and get to know the local university students better. The students in Nuuk did not seem very different from my students at the University of Iceland: bringing their computers to class, using their mobile frequently, and being active on social media! For the most part, they showed interest in the subject and, gradually, became more active in class.

A part of their class assignments was to explore crime and social deviance in Greenlandic society. Alcoholism and public drunkenness have been a well-known social problem in Greenland for a long time. This problem was mapped out in some of the student projects. The total consumption of alcohol is much higher than that in many other nations, including Nordic ones. However, signs of a decreased use could be detected. According to the students in my class, a generation gap existed between the young and older generations in Greenland, and alcoholism characterised the old much more than the young. The young generation suffered from the drunkenness of their parents and grandparents over time and, subsequently, learned a lesson, according to the students. Many young people do not use alcohol or use it more moderately than the earlier generations do or did. Student gatherings on weekends on campus and local music festivals seemed to back up this student observation. Drunkenness was not easily visible and drinking behaviour appeared similar to what you might find in other Nordic nations in similar student gatherings. However, visiting the local bars in downtown Nuuk, particularly bars that the locals visit, a different picture emerged, with more apparent public drunkenness and rowdiness. This, however, is perhaps not unknown in the Reykjavík nightlife in the early morning hours on weekends.

Concerns of drug use are also prevalent in Greenland. A case in point showing the alarm is that the members of the Greenlandic parliament agreed to undergo a drug test where the outcome was negative for all the members. The most widespread drug type is cannabis, and it surprised me to learn how many people in the older age groups admitted to using it in local user surveys. Studies in other Nordic countries show cannabis use mostly in younger age groups, and it is almost negligible among people older than 50 years of age. Other types of drugs are not common in Greenland, unlike other Nordic nations where one can find most drugs on the illicit market (see, for example, Tham 2021).

Of special interest to me, coming from Iceland, was to notice lustful advertisements in the local media, e.g. “stripshow med Marie” or “den frække aften begynder med topløs servering i baren” (“Fræk weekend på Kristinemut” 2015). These advertisements not only include nude female dancers but also male performers (“Nick forkæler pigerne som fræk bartender” 2016). My students did not find these ads questionable or out of the ordinary. In Iceland, nude public dancing has been banned since 2009, as the exploitation of personal nudity is prohibited. When I mentioned the Icelandic legislation, the immediate reaction of the students was surprise and disbelief. Strip shows are just a typical part of the local nightlife and entertainment industry, according to the students. On discussing the matter more closely in class, some of the students admitted that the Icelandic approach might have some merit. One female student remarked that there are indeed some bar

restrictions concerning nudity on these premises, such as breastfeeding not being allowed. Thus, bar owners did not seem entirely unethical!

6. Concluding remarks

The four island societies share many similarities besides being Nordic. All of them have been governed by other nation states, and their criminal justice systems trace their origins to bigger nations. The systems in Iceland, the Faroe Islands and Greenland are largely shaped by the Danish penal code and the system in Åland by Finland. If independence is achieved, a major task awaits Greenland, the Faroe Islands and Åland, that of filling the void left by Denmark and Finland. All the four island nations have small populations, i.e. less than half a million or only 2% of the total population of the Nordic nations. Iceland is the largest among the four, with 395,000 inhabitants, in addition to being an independent nation.

Iceland, the Faroe Islands and Åland share the same qualities of being small and homogenous societies, consequently having few crimes reported to the police. Social control is informal and social ties are strong and cohesive, with high social capital. A distinguished criminologist from New Zealand, John Pratt (2008a, 2008b), once described Scandinavia as exceptional when it comes to crime policies, with consistently low rates of imprisonment and relatively lenient penalties. However, to us, Greenland appears as an exception to his description. Crime rate is comparatively high including serious types of violence and sexual victimisation. Moreover, the prison population in Greenland is also higher than that in all the other Nordic nations and also high globally. To fully explain the Greenlandic situation is beyond the scope of this paper. However, harsh natural and social conditions undoubtedly play a role, making it difficult to nurture precious social capital with the strong and stable social ties vital to prevent serious crime.

The research group views this project as a starting point to future studies on these four Nordic island nations. Particularly, more urgent research is needed for the Faroe Islands and the Åland Islands, which have barely been included in the Nordic discussions on criminology, let alone in international literature.

REFERENCES

- Adler, Freda. (1983). *Nations not obsessed with crime*. Fred B. Rothman and Company.
- Fræk weekend på Kristinemut. (2015, September 23). *Nuuk Ugeavis*.
- Gunnarsson, Jónas Atli. (2018, July 28). 10 staðreyndir um Føreyjar [10 facts about the Faroe Islands]. <https://kjarninn.is/skyring/2018-07-27-10-stadreyndir-um-faereyjar/>
- Gunnlaugsson, Helgi. (2016). Can prison walls be broken? The prison situation in Iceland. *Kriminalitet, frihedsberøvelse og kontrol i Nordiske ø-samfund: Færøerne, Åland, Island og Grønland*. Rapport fra arbejdsgruppemøde på Færøerne 2.–6. november 2015 (pp. 9–20). Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi.
- Gunnlaugsson, Helgi. (2021). Afbrot og refsingar í fjórum norrænum eyjasamfélögum [Crime and punishment in four Nordic island societies]. In Bjarni Randver Sigurvinsson, Egill Benedikt Hreinsson and Jónas Elíasson (Eds.), *Trú og þjóðfélag: Afmælisrit til heiðurs Pétri Péturssyni* (pp. 147–156). Háskólaútgáfan.
- Gunnlaugsson, Helgi and John F. Galliher. (2000). *Wayward Icelanders, boundary maintenance, and the creation of crime*. University of Wisconsin Press.
- Hjelm-Rasmussen, Monica. (2019). The Faroe Islands. In Annemette Nyborg Lauritsen (Ed.), *Crime and crime control in four Nordic island societies* (pp. 21–33). Nordisk samarbejdsråd for kriminologi.

ON CRIME AND PUNISHMENT IN FOUR NORDIC ISLAND NATIONS

- Kriminologer med fokus på ö-samhällen. (2016, October 25). *Nya Åland*.
- Lauritsen, Annemette Nyborg. (2019). Greenland. In Annemette Nyborg Lauritsen (Ed.), *Crime and crime control in four Nordic island societies* (pp. 34–44). Nordisk samarbetsråd for kriminologi.
- Mallén, Agneta. (2005). *Trygghet i skergårdsmiljö: En studie om rädsla för brott i Åboland*. Doctoral dissertation, Sociologiska institutionen vid Lunds universitet. <https://lucris.lub.lu.se/ws/portalfiles/portal/5642726/26558.pdf>
- Mallén, Agneta. (2019). The Åland Islands. In Annemette Nyborg Lauritsen (Ed.), *Crime and crime control in four Nordic island societies* (pp. 63–79). Nordisk samarbetsråd for kriminologi.
- Nick forkæler pigerne som frække bartender. (2016, September 21). *Nuuk Ugeavis*.
- Nyttulaus viðgerð: Vonleyst at rökka pedofilum. (2015, October 30). *Dimmalætting*.
- Ólafsdóttir, Hildigunnur and Ragnheiður Bragadóttir. (2006). Crime and criminal policy in Iceland: Criminology at the margins of Europe. *European Journal of Criminology*, 3(2), 221–253. <https://doi.org/10.1177/1477370806061977>
- Pakes, Francis. (2020). Old-fashioned Nordic penal exceptionalism: The case of Iceland's open prisons. *Nordic Journal of Criminology*, 21(1), 1–16. <https://doi.org/10.1080/2578983X.2020.1809199>
- Pakes, Francis and Helgi Gunnlaugsson. (2018). A more Nordic Norway? Examining prisons in 21st century Iceland. *The Howard Journal of Crime and Justice*, 57(2), 137–51. <https://doi.org/10.1111/hojo.12244>
- Pratt, John. (2008a). Scandinavian exceptionalism in an era of penal excess: Part I: The nature and roots of Scandinavian exceptionalism. *British Journal of Criminology*, 48(2), 119–37. <https://doi.org/10.1093/bjc/azm072>
- Pratt, John. (2008b). Scandinavian exceptionalism in an era of penal excess: Part II: Does Scandinavian exceptionalism have a future? *British Journal of Criminology*, 48(3), 275–92. <https://doi.org/10.1093/bjc/azm073>
- Tham, Henrik. (2021). *Retreat or entrenchment? Drug policies in the Nordic countries at a crossroads*. Stockholm University Press.
- Valgerðardóttir, Sunna. (2013, January 31). Holskefla kynferðisbrotamála [A flood of sexual crime cases]. *Fréttablaðið*.
- World Prison Brief. (2023). *From highest to lowest prison populations*.
- Övundsjúka: Hevndarpornó í rættinum. (2015, November 4). *Socialurin*.

ÚTDRÁTTUR

‘On crime and punishment in four island Nordic nations:
Iceland, Greenland, the Faroe Islands and the Åland Islands’

Keywords: crime, criminality, crime control, police, social deviance

Norræna sakfræðiráðið (Nordisk Samarbetsråd for Kriminologi) setti saman vinnuhóp norrænna fræðimanna árið 2015. Markmiðið var að rannsaka hvernig fámenn eysamfélög á norðurslóðum takast á við afbrot og refsingar. Löndin eru Grænland, Ísland, Færeyjar og Álandseyjar og í hópnum voru fræðimenn frá þeim öllum, auk aðila frá Danmörku og Noregi. Á margan hátt eru löndin ólík en þau eiga sér samt ýmislegt sameiginlegt fyrir utan að vera eysamfélög. Grænland og Færeyjar eru enn nátengd Danmörku og réttarvörslukerfi þeirra er danskt og starfslíðið danskir embættismenn þótt fjöldi innfæddra í starfslíðinu hafi vaxið á allra síðustu árum. Á hinn bóginn hefur Ísland sín sögulegu og menningarlegu tengsl við gömlu herrabjóðina Danmörku og Álandseyjar búa við sjálfstjórn í nánnum tengslum við Finnland. Hópurinn hélt sinn fyrsta fund í Þórshöfn í Færeyjum í nóvember 2015, hittist aftur á Álandseyjum í október 2016 og þriðja sinni á Íslandi í október 2017. Áfangaskýrsla kom út með helstu niðurstöðum hópsins árið 2016. Haustið 2019 var

HELGI GUNNLAUGSSON

síðan lokafundur hópsins á Grænlandi og ráðstefna jafnframt haldin með fjölda annarra fræðimanna. Á sama tíma kom út skýrsla með helstu niðurstöðum hópsins á vegum Norræna sakfræðiráðsins. Á fundunum kynntu þátttakendur helstu niðurstöður sínar um stöðu afbrota og refsinga í löndunum fjórum. Jafnframt voru heimsóttir helstu aðilar réttarvörslukerfisins í Færeyjum, Álandseyjum, Grænlandi og á Íslandi eins og lögregla, dómstólar, fangelsi og yfirstjórn fangelsismála. Í greininni er greint frá niðurstöðum hópsins og hugleiðingum höfundar á ýmsum réttarfarslegum og menningarlegum einkennum eysamfélaganna fjögurra. Að lokum eru dregnir fram lærdómar sem aðrar þjóðir geta hugsanlega dregið af sögu eyríkjanna fjögurra.

Helgi Gunnlaugsson
Háskóla Íslands
helgigun@hi.is

ANNA KAREN UNNSTEINS
KARL ASPELUND
KRISTINN SCHRAM

Hvað táknar hún nú? Slóð fjallkonunnar inn í samtímann

1. Inngangur

Hlutverk fjallkonunnar, táknmynd íklædd skautbúningi og kyrtli, er rótgróið í þjóðhátíðardegi Íslendinga og mörgum mikilvægt. Í sögulegu samhengi á hún sér uppruna sem tákn landsins innan tengslaneta Sigurðar Guðmundssonar og Kvöldfélagsins á síðari hluta 19. aldar og varð svo fljótlega að tákni ríkisvalds í höndum íslenskrar valdastéttar. Nýlegar rannsóknir sýna okkur slóð fjallkonunnar inn í samtímann sem er mörkuð rómantískum upphafsmyndum, menningarpólitík og jafnvel óræðni á tímum aukins margbreytileika í samfélaginu. Viðtals- og vettvangsrannsóknir á meðal fjallkvenna nútímans og þeirra fjölmörgu sem að þeim og sviðsetningu þeirra koma lýsa ólíkri reynslu af því að vera í gervi hennar, ólíkum birtingarmyndum og þeim, oft mótsagnakenndu, hreyfiöflum sem búa að baki. Með þátttökuathugunum, könnunum og sjónrænum rannsóknaraðferðum skoðum við þá ímyndarheima, sjálfsmyndarsköpun og orðræðu sem birtist á mörkum hversdagsmenningar í nútímanum, þar á meðal í fatnaði, tísku og menningararfi. Við spyrjum hvaða hlutverki sviðsetning fjallkonunnar gegnir fyrir almenning og fjallkonur samtímans. Þá greinum við þróun þessarar táknmyndar í ljósi nýrra kannana og gagna og hugmynda Baudrillard um þróunarstig ímynda í þjóðfélagi og veltum vöngum yfir framhaldinu, nú þegar fjallkonan og búningurinn hennar hafa hugsanlega rofið tengsl sín við félagslegan veruleika Íslendinga.

2. Konan og búningurinn

Til að átta okkur á hvernig skautbúningur og kyrtill Sigurðar Guðmundssonar málara og táknmynd fjallkonunnar runnu saman þá verðum við að líta á seinni hluta 18. aldar, þegar Eggert Ólafsson lætur búa til mynd þar sem kona táknar þjóðina eins og var víða um Evrópu (Eggert Ólafsson 1832). Hugmyndir um þjóðbúninga verða áberandi í Evrópu, t.d. í Þýskalandi og Frakklandi, í byrjun 19. aldar og berast þaðan til námsmanna í Kaupmannahöfn. Þá fer þessi kvenímynd að birtast í skrifum Fjölnismanna, t.d. í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar, og hugleiðingar um þjóðbúninga verða sterkari á sama tíma. Sigurður málari fer þá að hanna sína þjóðbúninga og endurskapa þá undir 1860. Um það leyti birtast myndrænu gerðir fjallkonunnar, fyrst á titilmynd seinni binda enskrar þýðingar á *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar, *Icelandic Legends*, þar sem fjallkonan birtist með eldkórónu og sverð sitjandi á steini (Jón Árnason 1864–1866, II: Titilmynd; sjá einnig Gunnell 2017a og 2017b). Að Sigurði málara látnum er gefið út eftir hann ljóðið *Faldafestir* þar sem má sjá að hann tengir landið og náttúru Íslands beint við búninginn þar sem partar af búningnum tákna fjöllin, annar partur táknar hafið og svo framvegis (Sigurður Guðmundsson 2006). Fjallkonan í þjóðsagnaútgáfunni býr til ímynd af gyðju og landvætti sem síðar birtist í leikriti Indriða Guðmundssonar, *Nýársnótt* (Indriði Einarsson 1907). Í leikritinu, sem var frumflutt í Reykjavík 1871 og sýnt víða á Íslandi og í Íslendingabyggðum í Vesturheimi, birtist Áslaug álfkona íklædd kyrtlbúningi Sigurðar sem verndarvættur sveitunga gegn álfkonungi sem er skýr birtingarmynd konungsveldis Dana. Þar rennur saman ímynd álfkonunnar,

landvættarins, táknmynd íslenskrar náttúru (í gegnum ljóð Sigurðar) og hreinleiki íslenskrar kvenmyndar. Birtingarmynd Íslands sem verndandi kvenímyndar, sem er þjóðlega klædd, formfestist svo áfram á leiksviðum á Íslandi og á Íslendingahátíðum í Vesturheimi (Gunnell 2017a:28–30).

Næsta skref í þessu ferli er þegar konur í Reykjavík taka sig saman og gefa Alexandrínu Danadrottningu skautbúning og möttul í tilefni af heimsókn hennar til Íslands 1921 („Hennar hátign“ 1921). Þar tekur valdastéttin skautbúning Sigurðar og landvættarímyndina (tilvonandi fjallkonuna) um leið og innlimar hvort tveggja í formgerð sína. Drottningin er þannig „íslenskuð“ um leið og búningurinn verður danskt krúnudjásn og uppreisnarímyndir af tagi Áslaugar álfkonu verða með því máttlausar.

Jónas frá Hriflu undirstrikar eignarhald valdastéttarinnar á ímyndinni síðan á Vestmannadögum á Þingvöllum 1939, þar sem eiginkona hans er klædd skautbúningi og leikur fjallkonuna með Ameríku og Kanada sér við hlið sem hirðmeyjar (Klemenz Jónsson 1994). Fjallkonan og skautið renna þar enn frekar saman og í þetta sinn við æðstu innlendu valdakonu landsins. Lokahnykkurinn er svo þegar fjallkona Íslands átti að birtast í rigningunni á Þingvöllum þann 17. júní 1944 klædd skautbúning sem hún hafði fengið lánaðan frá gamalli konu í Grjótaþorpinu.

Fjallkonan í þetta skipti var barnabarn Hannesar Hafstein, fyrsta ráðherra Íslands, og úr efri stétt samfélagsins („Fjallkona Lýðveldishátíðarinnar“ 1944). Þarna verður til leiksýning þjóðernisins sem fjallkonan sýnir árlega á Austurvelli frammi fyrir Alþingishúsinu, þar sem valdastéttin, landvætturinn, landsmóðirin, landverndarinn, búningurinn og þjóðernishreyfingin öll verður að einu í einni konu. Síðan verður sýningin smám saman að rútínu, árlegu helgihaldi þar sem leiksýningin er heimur fjallkonunnar og hlutverk fjallkonunnar og ímyndin sem slík er orðin mótanleg.

3. Menningararfur mótast og þróast

Þegar ímynd er orðin mótanleg og þegar efnivið hennar, hefðum, frásögnum eða hversdagsmenningu er fengið hlutverk menningararfs er hún jafnan undirbyggð með vísan til upprunaleika. Ef varpað er ljósi á með hvaða hætti tilteknir hópar iðka slíkan menningararf í samtímanum má hins vegar sjá hvernig óræðni, breytileiki, íronía og þverþjóðleiki geta verið þýðingarmeiri þættir en látið er í veðri vaka. Við getum þannig spurt hvert sé hlutverk leiks, óræðni og íroníu í tilurð og viðhaldi menningararfs í þverþjóðlegum samskiptum og framsetningu þjóðernislegrar sjálfsmýndar? Nærtækt gæti þótt að lýsa þjóðlegum klæðnaði nútímans sem hefðartilbúningi, nálgun sem tengja má rannsóknnum Eric Hobsbawm og Terence Ranger. Undir ritstjórn þeirra fjallaði t.d. Hugh Trevor-Roper um ýmis skosk þjóðernistákn, svo sem sekkjapípur og klæði skreytt litskrúðugum, köflóttum mynstrum (e. *tartan*) sem einkenna áttu einstakar ættir og eru um allan heim tengd skotapilsnum (Trevor-Roper 1983). Lagði hann áherslu á tilurð þeirra í nútímanum fremur en úr alþýðuhefðum fortíðar. Sú nálgun er þó vandasöm að því leyti að það gefur í skyn að skýr viðmið séu til um hvað sé upprunaleg og sönn hefð og hvað ekki. Þjóðfræðingar á borð við Reginu Bendix hafa þannig bent á veifar undirstöður þeirrar tvíhyggju sem greinir að þjóðfræði og gervipjóðfræði (e. *fakelore*). Þar leggur Bendix áherslu á hvernig menningarpólitík upprunaleikans er samofin markaðs-öflum og fræðilegri viðleitni sem gerir leitina innantóma í fjölmenningu nútímans (Bendix 1997).

Í margræðni sinni eru þjóðbúningar og annar þjóðlegur klæðnaður dæmi um menningararf sem verður ekki afmarkaður með skýrum hætti. Skautbúningar og kyrtlar fjallkvenna eru hannaðir búningar úr smiðju Sigurðar málara og kvenna sem hann vann með. Peysuföt, upphlutsbúningar og faldbúningarnir gömlu eru hins vegar klæði sem þróuðust meðal kvenna og formfestust síðan sem þjóðleg klæði á ýmsum stigum og tímabilum og hafa gengið undir talsverða endurnýjun lífdaga og

HVAÐ TÁKNAR HÚN NÚ? SLÓÐ FJALLKONUNNAR INN Í SAMTÍMANN

endurskoðun síðan um miðja síðustu öld (Karl Aspelund 2015). Upprunasaga fjallkonunar, sem hér hefur verið stuttlega rakin, sýnir það og sama má segja um framsetningu hennar í samtímanum. Þar er „helgi“ búninga auðvitað æði misjöfn og vekja tilbrigði við hefðina jafnan athygli. Nefna má t.d. gjörning listakonunnar Rúrí (Þuríður Rúrí Fannberg) á stúdentahátíð þann 1. desember 1974, þar sem hún klæddist upphlutsbúningi með blússu og svuntu í bandarísku fánalitunum og með gyllt skotfærabelti í stað stökkabeltis og skarti úr smámynt og plastglingri. Viðbrögð voru sterkari en listakonan sjálf átti von á. Hún sagði síðar: „Sumir voru reiðir en aðrir voru yfir sig hrifnir... Eftir á veit ég að þetta voru bestu viðbrögð sem hægt er að óska sér því það þýðir að verkið snertir við fólki.“ (Bergþóra Njála Guðmundsdóttir 2006).

Myndlistarfólkið Libia Castro og Ólafur Ólafsson unnu einnig með fyrirframgefnar ímyndir á sýningu sinni á Straumi árið 2000 þar sem þau tóku á móti gestum klædd upphlutsbúning og peysufötum. Ljósmynd frá viðburðinum, sem er sjálfstætt verk, sýnir listamennina á vettvangi sýningarinnar en bakgrunnurinn er álver Rio Tinto Alcan handan hraunbreiðunnar. Að eigin sögn voru myndlistarmennirnir að leika sér að umbreytingu þjóðlegra sjálfsmýnda og staðalmynda landslags. „Unnið er með fastsetta formgerð; búninga sem tákna eigi alþýðuna og þjóðina, en þó augljósum breytingum, þar sem Libia er ekki íslensk, Ólafur er ekki kona og bakgrunnurinn ekki sveitabær heldur álver“¹ (Castro og Ólafsson 2000).

Eins mætti nefna umtalið sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vakti við opnun sýningar í Þjóðminjasafninu árið 2004. Þar hún þar íslenskan kvenbúning án skothúfu sem harmað var í greinarskrifum ásamt því að ráðherrann væri í hvítum bol undir upphlutnum í stað skyrtu („Klæðnaður sem vakti athygli“ 2012). Ekki síðri athygli vakti innkoma Jóns Gnarr borgarstjóra nokkrum árum síðar í gleðigöngu Hinsegin daga í Reykjavík íklæddur „kvenþjóðbúningi“ (Kristjana Arnarsdóttir 2013). Nokkuð var svo reynt á hugtakið þegar fegurðardrottningin Arna Ýr Jónsdóttir sýndi „þjóðbúning“ Íslands á Miss Universe keppninni í Las Vegas sem að sögn var víkingabúningur og óður til sterkra víkingavenna (Tryggvi Páll Tryggvason 2017). Búningur Örnú, eins og „þjóðbúningar“ annarra keppenda, hafði á yfirborðinu ekkert með þjóðlegan klæðnað að gera, heldur var hann fantasíu-kvenímynd sem tilheyrði leiksviði og hugmyndaheimi fegurðarsamkeppninnar.

Líkt og þessi dæmi sýna fer mótun ímynda fram með margvíslegum hætti og í ólíku samhengi. Það sem þau eiga þó sameiginlegt er tilkall til hefðar og jafnframt það framandi samhengi sem þeim er gefið. Þar er þó ekki um að ræða einfaldan flutning óslitinnar hefðar milli kynslóða langt aftur í tímann. Sú athygli sem þessir gjörningar vekja, sem á köflum er neikvæð, geta heldur varla talist hamlandi enda spretta þeir ekki upp úr viðleitni til að fylgja alþýðuhefðum af nokkurri einurð. Sú óræðni sem einkennir birtingarmyndir þjóðlegs klæðnaðar í samtímanum má laga að mismunandi menningarlegu samhengi. Þannig er erfitt að ræða um ekta eða óekta þjóðlegan klæðnað. Hann er eftir sem áður óræður arfur – óræðni sem arfur. Sjónarspili þjóðmenningar nægir þannig að höfuðtáknin birtist á ákveðnum stöðum og stundum. Það mætti segja að í því ástandi sjáum við ekki landið fyrir landakortinu svo snúið sé út úr myndmáli Jorge Borges sem Jean-Francois Baudrillard notar í greiningu sinni á þróun tákna, eins og nánar verður getið (Baudrillard 1994:1–2).

¹ „In our case we were using a construct; a pre-existing costume representative of folk and nation, but obviously rather differently, since Libia is not Icelandic, Ólafur is not a woman, and the background was an aluminium factory and not a farm.“

4. Fjallkonur samtímans og viðhorf til þeirra

Síðustu tvö sumur, 2021 og 2022, höfum við rannsakað fjallkonur samtímans. Sumarið 2021 tók Anna Karen Unnsteins viðtöl við þrjár nýlegar fjallkonur á höfuðborgarsvæðinu, fjallkonu Reykjavíkur 2019, fjallkonu Hafnafjarðar 2021 og starfsmann Árbæjarsafns sem klæddist skautbúningi á safninu Þjóðhátíðardaginn 2021. Einnig tók hán viðtöl við tvo klæðskera og Þjóðbúningasérfræðinga í Reykjavík og Hafnarfirði sem hafa séð um fjallkonur síns bæjarfélags í fleiri ár, ásamt því að skauta fjallkonur (festa höfuðfatið) fyrir framan áhorfendur og segja frá tilurð búninganna. Fjallkona Reykjavíkur 2019, Aldís Amah Hamilton, var þó ekki skautuð fyrir framan áhorfendur.

Ávallt ríkir mikil leynd yfir vali á fjallkonu Reykjavíkur og hún er því færð í búning og skautuð inni í Alþingishúsinu við Austurvöll rétt áður en hún stígur út, fullbúin og glæsileg. Hún gengur síðan fram hjá heiðursverði að púlti þar sem hún flytur frumsamið ljóð fyrir framan áhorfendur og þá sem horfa á í sjónvarpinu. Aldís lýsti þeim heiðri sem fylgdi hlutverkinu þegar hún var komin í búninginn, sem hefur, með örfáum undantekningum, verið sá sami síðan 1971 (Klemenz Jónsson 1994). Henni fannst eins og að baki henni stæðu ótal fyrrum fjallkonur, leikkonur sem hún dáist að og höfðu áður staðið í sömu sporum. Hún hefði alltaf verið hrifin af fjallkonunni en eftir að hún hóf nám og síðar starf sem leikkona hefði það orðið viss draumur að verða valin í hlutverkið.

Bergrún, fjallkona Hafnafjarðar 2021, sagði hlutverkið vissulega heiður en hún hefði þurft að hugsa sig vandlega um áður en hún samþykkti hlutverkið. Bergrún sagðist hafa sett fjallkonuna og fegurðarsamkeppnir á sama stall áður en hún tók við hlutverkinu og sem femínisti og pönkari hefði hún þurft að hugsa sig vandlega um hvort hún ætti yfirhöfuð að taka hlutverkinu. Bergrún talaði við Hildi Rosenkjær, sagnfræðing og eigenda Þjóðbúningastofunnar Annríkis, sem sér um búninga fjallkvenna í Hafnarfirði. Eftir að þær höfðu rætt saman og Hildur hafði útskýrt fyrir henni sögu og gildi búningsins og fjallkonunnar sjálfar ákvað Bergrún að láta slag standa. Þetta væri ekki bara drottningarleikur eins og hún hafði áður haldið, það væri eitthvað meira á bak við þetta.

Bergrún var, ólíkt Aldísi, skautuð fyrir framan áhorfendur áður en hún flutti ávarp sitt. Hún sagðist hafa átt erfitt með að sitja kyrr og tala ekki allan tímann meðan Hildur festi skautið á höfuð hennar og sagði gestum frá því sem hún hafði áður frætt Bergrúnu um. Þegar því var lokið gekk Bergrún með fjölskyldu sinni að sviðinu þar sem hún flutti fjallkonuávarp, sem hún hafði samið sjálf í tilefni dagsins.

Önnur skautun fjallkonu þennan dag átti sér stað á Árbæjarsafninu, þar sem Þórey, starfsmaður safnsins, var klædd í búninginn sem Aldís hafði klæðst tveimur árum áður og fjallkona Reykjavíkur klæðist ár hvert. Oddný Kristjánsdóttir, Þjóðbúningasérfræðingur safnsins, sagði þar, líkt og Hildur, frá sögu búningsins, höfuðfatsins og fjallkonunnar, meðan hún skautaði Þóreyju. Þegar skautið var fast og Oddný hafði lokið frásögn sinni var Þjóðbúningaklætt fólk í salnum beðið að koma upp og sýna búninga sína. Að því loknu gengu allir út í góða veðrið og hópmynd var tekin af þrúðbúnu Þjóðbúningafólki með fjallkonuna fyrir miðju. Þórey hafði ekki sagt stakt orð þegar þarna var komið sögu en eftir myndatökuna kom fjöldi fólks upp að henni og spjallaði við hana í stutta stund.

Nokkrum dögum síðar hitti Anna Karen Þóreyju til að ræða um upplifunina þennan dag. „Þetta er í rauninni bara hluti af starfinu,“ sagði hún aðspurð um daginn sem fjallkona. „Það er alveg þínu heiðurshlutverk á ákveðinn hátt [að vera valin] en það er bara af því að þú passar í búninginn.“ Ólíkt Bergrúnu og Aldísi fjarlægði Þórey sig algerlega hlutverkinu; þetta var bara hver annar vinnudagur fyrir hana nema í fínni fötum en venjulega.

Einn meginmunur á upplifun Þóreyjar og hinna var að Þórey flutti ekki ávarp sem fjallkona. Fjallkona Reykjavíkur flytur yfirleitt frumsamið ljóð á 17. júní og eins og

HVAÐ TÁKNAR HÚN NÚ? SLÓÐ FJALLKONUNNAR INN Í SAMTÍMANN

áður sagði flutti Bergrún ljóð sem hún hafði sjálf samið í tilefni dagsins í Hafnarfirði. Aftur á móti er það ekki hefðin á Árbæjarsafni, heldur virðist tilgangurinn þar vera að sýna búninginn sem fjallkona Reykjavíkur klæðist og útskýra betur eðli hans og samsetningu. Eins og Þórey sagði sjálf, var hún einfaldlega valin í hlutverkið þar sem hún passaði í búninginn: „Ég var meira bara að vera til sýnis,“ sagði hún aðspurð. Það fólk sem hafði rætt við hana eftir skautunina hafði nánast eingöngu gefið sig á tal við hana til að segja henni hversu falleg hún væri í búningnum. Aðspurð sagðist hún ekki hafa fengið neina spurningu um búninginn sjálfan eða um neitt sem tengdist safninu þó að hún væri vissulega enn í hlutverki starfsmanns safnsins þennan dag: „[F]ólk hefur kannski ekki lagt í það að eiga í casual samræðum við fjallkonuna [...] ég held að ég hafi ekki beint verið álitin starfsmaður safnsins, eða svona óbreyttur starfsmaður safnsins á þessum degi.“

Svipað var uppi á teningnum á sama tíma í Hafnarfirði eftir að Bergrún hafði lokið ávarpi sínu. Sá siður er í Hafnarfirði, ólíkt t.d. í Reykjavík, að fjallkonan yfirgefur ekki svæðið eftir ávarp sitt, heldur upplifir hún hátíðarhöldin í búningnum með fjölskyldu og vinum. Eftir ávarpið gáfu ýmsir sig á tal við hana, sagði hún, fólk vildi taka myndir með henni og fleira. Umræður Hafnfirðinga við fjallkonuna virðast hafa verið svipaðar og á Árbæjarsafni. Fólk sagði henni hversu falleg hún væri, sem hún setti spurningarmerki við sjálf. „[M]ér fannst svolítið óþægilegt... það eru svo margir sem koma og vilja spjalla við mann þennan dag og einhver gamall maður, svo upptekinn að því að ég væri svo ung og glæsileg og, þú veist, konan hans er líka glæsileg og svo stendur hún við hliðina á honum og er að hlusta á þetta, [...] frekar einmitt að hlusta [á fjallkonuna] frekar en að horfa.“ Því miður er ekki víst að Bergrúnu hafi orðið að ósk sinni. Hún sagði frá fólk sem kom og talaði við hana en hún nefnir aldrei að neinn hafi komið til hennar og rætt ljóðið við hana.

Greining á athugasemdakerfum ýmissa íslenskra vefmiðla um fjallkonu Reykjavíkur 2022 benda til þess að Íslendingar horfi frekar á manneskjuna sem líkamnar fjallkonuna en að þau hlusti á það sem hún hefur að segja. Fjallkona Reykjavíkur 2022 var Sylwia Zajkowska, leikkona sem fluttist til landsins frá Póllandi rétt um tveimur árum fyrr, í miðjum alheimsfaraldri. Hún flutti ávarp fjallkonu eftir Brynju Hjalmsdóttur sem byrjar á orðunum: „Engin tunga bragðast eins, engin tunga bragðast illa“ (sjá <https://brynjahjalmsdottir.com/cassel/>). Sylwia flutti ljóðið með sterkum pólskum hreim og að því er virðist stakri prýði og fékk meðal annars lof forsætisráðherra eftir ávarpið. Ekki voru þó allir eins sáttir. Þegar fjölmiðlar birtu fréttir um fjallkonuna birtist mikill fjöldi athugasemda á borð við: „Íslenskar hefðir til margra ára og tunga er á hverfandi hveli.“ (Svanberg Hjelm 2022). Mun fleiri tjáðu sig um framburð og uppruna fjallkonunnar en segja má að dregið hafi niður í umræðunni þegar fyrrverandi prófessor í íslenskri málfræði, Eiríkur Rögnvaldsson, varði hreim fjallkonunnar en fyrirsögn viðtals við hann var *Íslendingar of óþolinmóðir gagnvart erlendum hreim* (Óttar Kolbeinsson Proppé 2022). Í þessari fréttaumfjöllun og þeim hundruðum ummæla sem fylgdu var ekki að sjá nokkra umræðu um ljóðið sem fjallkonan flutti. Það mætti því halda að enginn hefði hlustað á það sem fjallkonan hafði að segja, eingöngu á það hvernig það var flutt. Allar þær neikvæðu athugasemdir sem beindust að Sylwiu snerust að henni persónulega, um hana sem pólskan innflytjenda en ekki sem leikkonu í hlutverki fjallkonu.

5. Netkönnun sumarið 2022

Hlustar þá enginn á fjallkonuna, hvort sem hún er pönkari í Hafnarfirði eða innflytjandi og leikkona í Reykjavík? Og ef enginn hlustar á hana, til hvers er hún, og hvað táknar hún þá fyrir almenningi? Hvert er hlutverkið, sem leikið er? Til að reyna að svara þessum spurningum var gerð viðamikil netkönnun sumarið 2022 meðal almennings. Svarendur voru spurðir út í 17. júní sem hátíð og viðhorf þeirra

og hugmyndir um fjallkonuna. 295 svör bárust frá konum á aldrinum 13–70 (nær engin svör voru frá körlum eða kvárum) yfir sumarið. Þær spurningar sem hér verður greint frá voru *Hvað tákna fjallkonan fyrir þér?* ásamt því að svarendur voru beðin um að segja hvort fjallkonan væri *ómissandi*, *frekar mikilvæg*, *ekki mjög mikilvæg*, eða hvort hún *skipti ekki máli* í hátíðarhöldum Þjóðhátíðardagsins. Þegar farið var yfir svörin við spurningunni *Hvað tákna fjallkonan fyrir þér?* var hægt að flokka þau í fjóra meginflokka sem innihalda 259 svör af 295 en eftirstandandi 36 svör pössuðu ekki í neinn flokk (t.d. glæsileiki, Þjóðbúningadrottningin o.fl.) (Anna Karen Unnsteins 2022): *Ekki neitt* (106 svör); *Kona* (58 svör); *Ísland* (þmt. *Þjóðarsál*, *móðurjörð* o.fl.) (49 svör); *Hefð* (46 svör).

Af þeim 106 sem sögðu fjallkonuna ekki tákna neitt, sögðu 14 að hún væri ómissandi, 24 að hún væri frekar mikilvæg, 24 að hún væri ekki mjög mikilvæg og 44 að hún skipti ekki máli. Það kemur ekki á óvart að flestir töldu hana ekki skipta máli en áhugavert er að svo stór hluti svarenda, 48 manns, staðsetja sig fyrir miðju og vilja ekki taka afgerandi afstöðu til hennar þó að fjallkonan þýði ekkert fyrir þeim. Könnunin sýnir að fjallkonan virðist vera frekar vera merkingarlaus fyrir yngra fólki en eldra; 33 á aldrinum 13–20 segja hana ekki tákna neitt og 48 á aldrinum 21–30 ára segja það sama. Tala þeirra sem finnst fjallkonan merkingarlaus fer síðan hríðlækkandi með hækkandi aldri. Einn svarandi á aldrinum 31–40 ára sagði fjallkonuna frekar mikilvæga en sagði hana tákna „Svo sem ekkert sérstakt. En ég er mjög ánægð með fjölbreytni hennar á síðustu árum.“ (Anna Karen Unnsteins 2022). Annar svarandi á aldrinum 21–30 ára sagði fjallkonuna einnig frekar mikilvæga en tákna ekkert sérstakt og bætti því við að það væri „gaman að sjá hver [sé] valin“ (Anna Karen Unnsteins 2022).

Af þeim 46 sem sögðu fjallkonuna tákna hefðina um fjallkonu að einhverju leyti sögðu 24 hana ómissandi, 16 sögðu hana frekar mikilvæga, einn ekki mjög mikilvæga og fimm sögðu að fjallkonan skipti ekki máli. Hér er aldursdreifingin mun jafnari en í fyrri flokknunum, þó að konur á aldrinum 51–60 ára séu greinilega stærsti aldursflokkurinn (13 manns). Konur á þeim aldri sögðu fjallkonuna meðal annars tákna „virðingu við hefð og þjóð“, og „hátíðlegan vana“ sem hafi fylgt henni og þessum degi frá barnæsku og ljóðalestur sem tilheyrir alls staðar við þessi hátíðarhöld þennan dag (Anna Karen Unnsteins 2022). Þessi svör sem fengust í könnuninni gefa því skýrt til kynna að fjallkonan sé í hugum margra nú orðin að tákni sem vísar eingöngu á sjálft sig.

6. Þróun ímyndar í Þjóðfélagi – hvað næst?

Lítum á þróun þessara tveggja fyrirbæra: fjallkonunnar og kvenbúninga Sigurðar málara, þá einkum skautbúningsins sem ímyndar í Þjóðfélagi. Það má rekja þróunarferli þeirra saman, enda eru þeir samrunnir eins og áður var rætt: Búningurinn varð fjallkonubúningur og einkenni og útlit fjallkonunnar varð búningurinn. Til samans hafa þessi fyrirbæri orðið að tvíeinu tákni með einstaka tilvist og eiginleika. Hugmyndir Jean Baudrillardar um þróunarstig tákna mynda í Þjóðfélagi má nota til að skilja hvernig búningarnir og fjallkonan hafa orðið að því sem þau eru og hvar þetta tvíeina tákni stendur í dag. Í frægri umfjöllun sinni um myndgervingar rekur hann hvernig tákni þróast í Þjóðfélagi í fjórum skrefum stig af stigi (Karl Aspelund 2015).²

² „Such would be the successive phases of the image: it is the reflection of a profound reality; it masks and denatures a profound reality; it masks the absence of a profound reality; it has no relation to any reality whatsoever; it is its own pure simulacrum. In the first case, the image is a good appearance - representation is of the sacramental order. In the second, it is an evil appearance - it is of the order of maleficence. In the third, it plays at being an appearance - it is of the order of sorcery. In the fourth, it is no longer of the order of appearances, but of simulation“ (Baudrillard 1994:6).

HVAÐ TÁKNAR HÚN NÚ? SLÓÐ FJALLKONUNNAR INN Í SAMTÍMANN

Á fyrsta stiginu er táknið spegilmynd djúpstæðs veruleika, jákvæð birtingarmynd sem tilheyrir heimi helgidóma (e. *sacrament*). Hér sjáum við frumstig hvoru tveggja, kvenímyndar Íslands og þjóðlegra klæða íslenskra kvenna um og upp úr byrjun 19. aldar. Fjallkonan er ekki að fullu sýnileg og jafnvel ekki nafngreind, heldur birtist í greinum og ljóðum þjóðernissinnaðra höfunda sem tákn lands og þjóðar án staðlaðs útlits. Þó er vísað í landið frekar en fólkið í landinu og er náttúrutákn málmál því undirstaða þess sem á eftir kemur. Búningurinn er hins vegar ekki nýsköpun, heldur er bein tenging í klæði sem eru annaðhvort í notkun eða skiljanlegur áhorfendum og lesendum út frá fyrri þekkingu og augljósum tengingum. Þar mætti nefna mynd Eggerts Ólafssonar til minningar um Lovísu Danadrottningu 1752, þar sem kona með skildahúfu táknaði Ísland, rómantík Jónasar Hallgrímssonar (1844) þegar hann biður að heilsa konu sem birtist sem engill „með húfu og rauðan skúf, í peysu“ eða þegar Gísli Thorarensen og Sigurður Guðmundsson málarí vísa til gyðjunnar Aþenu til að styðja við fullyrðingar um fegurð faldsins út frá grísk-rómverskum klassíkisma³ (sjá einnig Gunnell 2017a og Svein Yngva Egilsson 2017).

Á öðru stigi segir Baudrillard táknið hafa umhverfst. Það sé orðið að illri birtingarmynd („evil appearance“) sem tilheyrir veröld fólkskulegs ásetnings: Það hylur og vanar undirliggjandi veruleika. Hér sjáum við frumgerð fjallkonunnar og búningsins verða að skilgreindum táknum, sem er beitt í beinskeyttum tilgangi (það sem Baudrillard kallar „fólkskulegt“ [fr. *malefice*]). Þetta má skilja á þann hátt að tákningu er beitt gegn einhverju(m).

Eins og áður var nefnt sjáum við til dæmis í Nýársnótt Indriða Einarssonar álfkonuna Áslaugu birtast í Sigurðarkyrtili til að bjarga saklausum Íslendingum frá illum öflum Álfakonungsins, tákning myndar Danaveldis (Gunnell 2017a). Eins sjáum við að Sigurð Guðmundsson, með aðstoð útgáfu Guðrúnar Gísladóttur af greininni hans eftir hans dag, hefur skilgreint búninginn sem „Ísland persónifiserað“ svo íslenskar heldri konur gætu verið klæddar til höfuðs dönsku tískunni og með útliti sínu verið varnargarður gegn danskri og hálf-danskri menningu yfirhöfuð (Sigurður Guðmundsson 1878/2006).

Undirliggjandi veruleikinn undir lok 19. aldar var þó sá að búningurinn, klæðin, voru í hvunn dagsbrúki. Skautbúningurinn var, a.m.k. upp undir aldamótin 1900, borinn til kirkju og í brúðkaupum og við jarðarfarir og kyrtillinn notaður á dansleikjum (sjá t.d. Karl Aspelund 2017:127 o.áfr.). En þegar komið var undir lok 19. aldar var þessi veruleiki kvennanna líka nýttur í pólitískum tilgangi. Leikgerð af einhverju tagi hafði laumast inn og var farin að hylja hvunn daginn. Yfirstéttir Íslands og Danmerkur áttu þó síðasta leikinn um tíma í þessu tafla þegar ungar konur á Akureyri stilltu sér upp eins og hofgyðjur við konungskomuna 1907 (Poulsen og Rosenberg 1958:299). Leikgerðin náði svo ákveðnu hámarki þegar íslenskar konur gáfu, eins og áður var nefnt, Danadrottningu Sigurðarbúninginn („Hennar hátign“ 1921). Þá var undirliggjandi veruleiki búningsins nánast horfinn á augabragði um leið og búningurinn varð að tákni þjóðarinnar innan danska og hálf-danska valdakerfisins. Þjóðernisleiksýningin sem Jónas frá Hriflu setti upp á Þingvöllum 1939, þar sem konan hans birtist í sama gervinu og Danadrottning bar sem Ísland, sneri svo taflinu enn við og dýpkaði eignarhald yfirstéttarinnar á ímyndinni („Enn um Vestmannadaginn“ 1939).

Þriðja stigið, segir Baudrillard (1994), sýnir okkur tákni sem gælir við að birtast, áþekkt göldrum. Nú er táknið misvísun, að hætti töfrabragða, sem dylur þá staðreynd að það er enginn undirliggjandi djúpstæður veruleiki til að vísa á. Upp úr miðri 20. öld, þegar fjallkonan var orðin að árlegum leikþætti í staðfestingu innlands valds, var ekkert eftir nema að viðhalda ímyndunum. Búningurinn og fjallkonan runnu saman

³ Sjá t.d. Eggert Ólafsson (1832), Gísli Thorarensen (1892:205) og Sigurð Guðmundsson (1857:52–53).

Í eina táknaða veru þar sem bæði táknið kolluðu á og kröfðust nærveru hins. Það að búningurinn táknaði þetta eða hitt skipti ekki máli, né var það neitt meginmál að fjallkonan hafði sögu. Fjallkonan var orðin að helgileik, búningurinn var orðinn að ímynd hennar, og konan í búningnum var aukatriði nema í rétt augnablik að lokinni athöfn þegar hún varð aftur að sjálfri sér. Búningar Sigurðar voru og eru enn álagahjúpar sem umvefja konu og galdra fram fjallkonu (í Reykjavík) árlega þegar hún er skrydd (í Alþingishúsinu, á Arbæjarsafni...) og konan hverfur inn í búninginn. Það segir líka sitt að almenningur þekkir svo yfirleitt ekki muninn á skautbúningi og kyrtli og þekkir báða sem fjallkonubúning. Prestskrúði er t.d. alltaf virkur í helgileik kirkjuathafna og messugestir þekja fæstir mun á einum eða öðrum, litavali eða táknerfi helgidaga. Innviðir viðhalda hefðinni en hefðin nær ekki út fyrir raðir þeirra.

Á fjórða stiginu tilheyrir táknið hins vegar ekki lengur flokki birtingarmynda, heldur myndgervinga, þ.e.a.s. táknið vísar ekki lengur á neinn sérstakan veruleika heldur snýst eingöngu um sig sjálft. Þar virðumst við stödd í dag. Og hvað tákna fjallkonan fyrir áhorfendum á 17. júní? Það virðist ekki skipta máli. Táknið þarfnast engra útskýringa því það er engin krafa gerð um undirliggjandi merkingu. Táknið sjálft er eina tilvísunin og undirliggjandi raunveruleiki táknsins. Fáninn, fjallkonan, ræðan og lúðrasveitin, blóðurnar og ísinn eru fyrirbærið 17. júní og orðin 17. júní innihalda þjóðernistilfinningar og staðhæfingar á einhverju sem snýst um þáttöku í að láta þessa hluti birtast án þess að krefjast þess að þeir hafi skýran tilgang.

Hins vegar er rétt og skylt að falla ekki í sömu gryfju og Baudrillard (1994) sjálfur kann að hafa gert og sjá ekki út fyrir þennan sjóndeildarhring. Það er jú hættuleg tilhneiging að ætla sögunni að skila endapunktum. Fljótlega eftir að skrif Baudrillards birtust á ensku lagði félagsfræðingurinn William Bogard til að Baudrillard hefði e.t.v. verið heldur fljótur á sér að gefa í skyn tilgangsleysi frekari félagslegra rannsókna:

If Baudrillard's challenge reduces, in the face of contemporary culture, to the simple question 'why do sociology?', perhaps the answer is to be prepared for the day when the social reappears (Bogard 1990:14).

Við gætum t.d. hugað að því að meðan fjallkonan var að formfestast og meðan heldrikenningar Sigurðar málara voru að verða nánast eingöngu fjallkonubúningar á 20. öldinni, þá voru íslenskar konur að viðhalda og endurvekja klæði og handverk í kringum aðra þjóðlega búninga sína, sem ekki voru hluti af ímyndasköpun þjóðernismenningarsköpunar: Peysuföt, upphlutir, og faldbúningar af ýmsum tilbrigðum eldri tímabila hafa sótt í sig veðrið og eru nú algengari við ýmsar athafnir en þeir voru fyrir rétt mannsaldri. Ef til vill er næsta stig eftir fjórða stig Baudrillards einmitt það sem William Bogard vísar á: Við sjáum hið félagslega, hið jarðtengda, birtast á ný í búningunum sem þróuðust með þjóðinni þegar hönnuðu tákmyndirnar hafa endanlega rofið jarðtenginguna sína. Faldbúningurinn gamli er endurvakin, upphlutir og peysuföt sjást við útskriftir og athafnir og leikfléttur alþýðumennningar setja búningana í nýtt samhengi kyngervis, kynferðis og hönnunar. Auk þess eru allir þessir búningar nú kallaðir til í uppfærða leikgerð þjóðernisins í kringum fjallkonuna á Austurvelli, þar sem konum er boðið að sitja í bakgrunni sjónvarpsmyndarammans sem umlykur valdafólkið við athöfnina. Hugsanlega er nýtt tákmyndakerfi að mótast fyrir augunum á okkur þar sem stærri og fjölbreyttari kvenímynd sögulegs þjóðernis er að birtast.

HEIMILDIR

- Anna Karen Unnsteins. (2022). *Könnun á 17. júní hátíðarhöldum Íslendinga*. Óbirt handrit. Háskóli Íslands.
- Baudrillard, Jean. (1994). *Simulacra and simulation* (Sheila Faria Glaser þýddi). University of Michigan Press. (Upprunaleg útgáfa 1981)
- Bendix, Regina. (1997). *In search of authenticity: The formation of folklore studies*. The University of Wisconsin Press.
- Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2006, 15. janúar). Köllun, þörf, eða klikkun. *Tímarit Morgunblaðsins*.
- Bogard, William. (1990). Closing down the social: Baudrillard's challenge to contemporary sociology. *Sociological Theory*, 8(1), 1–15. <https://doi.org/10.2307/202191>
- Castro, Libia og Ólafur Ólafsson. (2000). Untitled (portrait of the artists wearing the Icelandic women's costume; peysuföt and upphlutur). <https://www.libia-olafur.com/works/untitled-portrait-of-the-artists-wearing-the-icelandic-womens-costume-peysufot-and-upphlutur/>
- Eggert Ólafsson. (1832). *Kvæði Eggerts Ólafssonar*. S.L. Möller.
- Enn um Vestmannadaginn á Þingvöllum. (1939, 3. ágúst). *Lögberg*, 52(30), 2.
- Fjallkona lýðveldishátíðarinnar. (1944, 30. júní). *Fálkinn*, XVII(26), 1.
- Gísli Thorarensen. (1892, 13. desember). Kvenbúningrinn. *Fjallkonan*, IX(50), 194–206. (Greinin er ranglega eignuð Jónasi Hallgrímssyni í tímaritinu).
- Gunnell, Terry. (2017a). The development and role of the fjallkona (mountain woman) in Icelandic national day celebrations and other contexts. Í Guzel Stolyarova, Irina Sedakova og Nina Vlaskina (ritstj.), *The ritual year 11: Traditions and transformation* (bls. 22–40). Kazan.
- Gunnell, Terry. (2017b). From sagen to translated sagnir: A previously uncharted chapter in the evolution of the Icelandic fjallkona. Í Klaus Müller-Wille, Kate Heslop, Anna Katharina Richter og Lukas Rösli (ritstj.), *Skandinavische Schriftlandschaften: Vänbok til Jürg Glauser* (bls. 228–232). Beiträge zur Nordischen Philologie, 59. Nar Franke Attempto Verlag GmbH + Co. KG.
- Hennar hátign Alexandrina drottning. (1921, 1. september), *19. júní*, IV(3), 17.
- Indriði Einarsson. (1907). *Nýársnóttin*. Bókaverzlun Guðm. Gamalielssonar.
- Jón Árnason. (1864–1866). *Icelandic legends* (I.–II. bindi) (George E. J. Powell og Eiríkur Magnússon þýddu). Richard Bentley.
- Jónas Hallgrímsson. (1844). *Ég bið að heilsa*. Árnastofnun. <https://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=3687>
- Karl Aspelund. (2015). Breytileg merking menningararfs: Skautbúningurinn, konurnar, landið og þjóðin. Í Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (ritstj.), *Menningararfur á Íslandi: Gagnrýni og greining* (bls. 73–116). Háskólaútgáfan.
- Karl Aspelund. (2017). Skáldskapur þjóðanna. Í Karl Aspelund og Terry Gunnell (ritstj.), *Málarinn og menningarsköpun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858–1874* (bls. 93–135). Opna og Þjóðminjasafn Íslands.
- Klemenz Jónsson (ritstj.). (1994). *Hátíð í hálfu öld*. Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Lýðveldishátíðarnefnd 1994.
- Klæðnaður sem vakti athygli (2012, 21. október). *Morgunblaðið*.
- Kristjana Arnarsdóttir. (2013, 10. ágúst). Borgarstjórinn í þjóðbúningi. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/2013288384d>
- Óttar Kolbeinsson Proppé. (2022, 26. júní). Íslendingar of ópolinmóðir gagnvart erlendum hreim. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222279767d/>
- Poulsen, Svinn og Holger Rosenberg. (1958). *Íslandsferðin 1907*. Ísafoldarprentsmiðja.

- Sigurður Guðmundsson. (1857). Um kvennbúninga á Íslandi að fornu og nýju. *Ný Félagsrit*, 17, 1–53.
- Sigurður Guðmundsson. (1878/2006). *Um íslenskan faldbúning*. Guðrún Gísladóttir (1878) og Þjóðbúningastofan (2006).
- Svanberg Hjelm. (2022). Ummæli við frétt Vísis Sylwia Sajkowska er fjallkonan 2022. *Facebook*. <https://www.facebook.com/visir.is/posts/pfbid02pibvZrxoZcimoFNXAe52s2G44ktU8LDdGg3wmoEnyX5HA5BB9LtkeS7ibVPtxb7vl>
- Sveinn Yngvi Egilsson. (2017). „alt meir Grískt en Rómverskt“. Í Karl Aspelund og Terry Gunnell (ritstj.), *Málarinn og menningarsköpun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858–1874* (bls. 65–92). Opna og Þjóðminjasafn Íslands.
- Trevor-Roper, Hugh. (1983). The invention of tradition: The highland tradition of Scotland. Í Eric Hobsbawm og Terence Ranger (ritstj.), *The invention of tradition* (bls. 15–42). Cambridge University Press.
- Tryggvi Páll Tryggvason. (2017, 19. nóvember). Sjáðu Örnú Ýr sýna „þjóðbúninginn“ í Miss Universe. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20171672614d>

ABSTRACT

‘What is this symbol, now? The Lady of the Mountain’s path into the present’

Keywords: Lady of the Mountain, national dress, national identity, public celebrations, symbols in society

The Lady of the Mountain is a symbol clothed in the emblematic national women’s costumes of 19th-century Icelandic nationalism. Her role is embedded in the Icelandic National Day and her appearance at events that day is of much significance. Rooted historically in 19th-century nationalistic culture creation, she was soon appropriated to serve as a symbol of the land and nation within the system of an Icelandic ruling class. A recent investigation reveals the Lady’s path into the present to include romanticized origins, cultural politics, and considerable ambiguity in a time of increasing social diversity. Interviews and fieldwork among those who have performed as the Lady in the present day and the circles around them reveal a multiplicity of experiences of her performance and appearance, as well as contradictions in the motivations and forces behind them. With participant observation, surveys, and fieldwork, we look at the imagery, identity creation, and discourse that appears at the boundaries of mundane apparel and fashion, and the experience of cultural heritage. We ask what purpose the staging of the Lady’s appearance serves for the public and the Ladies themselves in the present. We then consider the progress of the symbol itself, and what might be the next phase of the female avatar of Iceland in light of the surveys and interviews through Baudrillard’s categorization of the progression of an image in society from sacrament to simulation.

Anna Karen Unnsteins
Háskóla Íslands
aku1@hi.is

Karl Aspelund
University of Rhode Island og Háskóla Íslands
aspelund@uri.edu

HVAÐ TÁKNAR HÚN NÚ? SLÓÐ FJALLKONUNNAR INN Í SAMTÍMANN

Kristinn Schram
Háskóla Íslands
khschram@hi.is

Two Icelandic ballads on rape and punishment

1. Introduction

Most Icelandic ballads tell stories about women and they and the men around them – their relatives, lovers, and antagonists – are at the centre of the narrative. The narration is mostly objective, but all the same sympathy towards women and their destiny is expressed in most cases, and in that they differ from other genres within Icelandic literature in the late Middle Ages and early modern times. Violence in abundance is also a big part of the ballad corpus in Iceland as elsewhere.

In this paper, the focus will be on two ballads on rape and punishment: *Kvæði af Margrétu og Eilíf* (ÍF 14)¹, that can only be found in the Faroe Islands and Iceland, and *Kvæði af herra kóng Símoni* (ÍF 26), that can be found in Denmark as well as in Iceland. They were chosen for their clear and dramatic stories that are similar in many ways; both tell us about rape, pregnancies, and punishment, and both show obvious sympathy towards the women involved. But the comparison does not reach much further. In ÍF 14, Margrét is passive and not much of an agent in her own life, but in ÍF 26, Ingigerður, who is a married woman, takes matters into her own hands. These ballads differ in some ways from similar types found in Denmark and the Faroe Islands, as will be discussed here below.

But before continuing, a few words must be said about the Icelandic ballad tradition, and the assertion at the beginning of this paper must be addressed.

2. The ballad tradition in Iceland

Not many ballads are preserved in Iceland in comparison with the other Nordic countries.² In Denmark ballads were at the centre of literature and oral culture of the late Middle Ages and early modern times, and much longer in the Faroe Islands. In Iceland they were always marginal, as different genres of poetry and prose were at the centre of the stage. Also, in Iceland *rímur* and *Fornaldarsögur Norðurlanda* (Legendary Sagas) took over a part of the matter presented in ballads elsewhere as will be discussed.

Ballads preserved in Iceland are only 110 and sixteen of them are not considered a part of the genre according to *The types of the Scandinavian medieval ballad* (Jonsson et al. 1978), a much-used catalogue of Nordic ballads, since they are either compositions based on prose or not in ballad metre. On the other hand, 539 ballads from Denmark have numbers according to *Danmarks gamle Folkeviser* (DgF) (1853–1976), most of them included in the catalogue, and even if 236 Faroese Ballads are listed there, many of them do not have TSB-numbers since they are considered too young as they do not fit into the definition of medieval ballads, or have a known author (Jonsson et al 1978:318–319). They are nonetheless a part of the Faroese corpus and had their role in revitalising the ballad-tradition at the end of the 18th century (Andreassen and Marnersdóttir 2018:16).

The ballad-preservation in Iceland is mainly from the 17th–19th centuries and in the 20th century some tape-recordings were made of people chanting old ballad tunes

¹ ÍF refers to *Íslensk fornkvæði* (1962–1981), a publication of Icelandic ballads in eight volumes, edited by Jón Helgason.

² The term Nordic countries will be used here rather than Scandinavian since Iceland is not always included in that concept and ballads can be found in the Swedish-speaking part of Finland.

to texts already collected. But the ballads were no longer a living tradition in Iceland at that time, and it is obvious from manuscripts from the 19th century that the sources often only knew parts of the ballads and lacked the skills to use the themes and formulas needed to present them:

Although there is little stylistic change, nonsensical refrains are more frequent. The texts are often incomplete, i.e., they were considered as fragments by the singers themselves who often indicate when they think they have forgotten something from the ballad they had heard. This shows that the tradition was decaying, especially the creative power that allows the singer to recreate his ballad as a whole even if he may not remember everything that he originally heard. (Vésteinn Ólason 1982:20–21)

The tape recordings are mainly of old people chanting fragments of more or less the same ballads, which is consistent with what can be seen in manuscripts from around 100 years earlier discussed by Ólason.

As is well known, the Nordic countries are often divided into East- and West-Nordic, based on their geographical position. The same division more or less applies to the Scandinavian languages spoken in the area³, and it has been stated that the ballad tradition follows the same division, as Eyðun Andreassen and Malan Marnersdóttir (2018:15) have pointed out:

There are big differences in form, topic choice, theme, style and narrative technique, and distribution between groups. In Denmark and Sweden, the largest part of the folk literature is ballads of chivalry, whereas the heroic ballads predominate by a significant margin on the Faroe Islands and in Norway. After distribution a distinction is therefore made between an Eastern Scandinavian and a Western Scandinavian area.

Jonsson et al. (1978) divide the ballads into six groups according to their subject matter: A. Ballads of the supernatural, B. Legendary Ballads (which includes ballads build on biblical and hagiographic stories, not *Fornaldarsögur*, called *Legendary Sagas* in English), C. Historical Ballads, D. Ballads of Chivalry, E. Heroic Ballads, and F. Jocular Ballads. This division is based on *Danmarks gamle Folkeviser*, which Svend Grundtvig began publishing in 1853. To the modern reader this division is not always clear or logical as more than one subject matter can be present in one ballad.

Iceland is not mentioned in the quotation above and does not follow this classification. Icelandic ballads are almost exclusively of the chivalric kind, although the majority of ballads in other West-Nordic countries, the Faroe Islands and Norway, are heroic. The main reason seems to be that the Icelandic poetic genre *rímur* was the platform for heroic epic tales within Icelandic tradition for centuries. They were composed at least since the beginning of the 14th century, so they are of similar age to ballads – and people may even have danced to *rímur* at some point. There are some similarities between *rímur* and the ballads: they are epic, are made of short stanzas, often quatrains, but their metres are very versatile, many of them have a known author even if the oldest ones seldom do⁴, they tend to be very learned,

³ Other languages spoken in the Nordic countries are excluded here: Finnish, Sámi, and Inuit languages.

⁴ The oldest preservation of *rímur* is *Ólafs ríma Haraldssonar* by a known author, Einar Gilsson, a poet and a *lögmaðr*, the highest official in Iceland at the time (Vésteinn Ólason 1982:59). It was most likely composed around the middle of the 14th century. It can be found in *Flateyjarbók* which was written around 1390. Other *rímur* of similar age do not have a

TWO ICELANDIC BALLADS ON RAPE AND PUNISHMENT

as *heiti* and *kennings* from scaldic poetry are used abundantly; they are also very long, and are in that way similar to the heroic ballads of the Faroe Islands. And they tend to be very male-oriented. Also, the *Fornaldarsögur*, the heroic or legendary sagas that often are the building material of both *rímur* and the heroic ballads, were themselves very popular in Iceland, as can be seen in the many manuscripts preserved (Vésteinn Ólason 1982:52–53; Mitchell 1991:163–164).

In his doctoral thesis, Vésteinn Ólason (1982:16) made, in his own words, “an attempt at recreating, as fully as possible, the history of the oral tradition of ballads in Iceland“. He traced the connection between ballad types in the Nordic countries, Scotland and England and their form in Iceland, and pointed out similarities and dissimilarities between countries and manuscripts. Ólason (1982:403–404) determined that 43 ballads were likely or most likely brought to Iceland from the West-Nordic area, that is Norway and the Faroe Islands; twenty ballads or ballad versions likely or most likely came from Denmark; fifteen more show Scandinavian origin but cannot be localized further, and only sixteen are probably of Icelandic origin. Only four Icelandic ballads are classified as heroic, but that classification really applies to only two of them, and the word *rímur* (sing. *ríma*), appears in both their titles, *Eyvindar ríma* (ÍF 81) and *Þorgeirs rímur* (ÍF 82), even if neither of them is a *ríma* by form.⁵ The other two are closer to ballads of the supernatural on one hand and chivalric ballads on the other. And even if 43 and probably more ballads came to Iceland through the Faroe Islands and Norway, only one of them is considered heroic. That is *Kvæði af Loga í Vallarhlíð* (ÍF 28), which could just as well be in the chivalric group, like *Magna dans* (ÍF 33), a very similar ballad in almost every way. This indicates that the heroic ballad-genre did not interest the Icelanders, who composed *rímur* about the heroic matter instead. Iceland can therefore be said to be an area of its own when it comes to the ballad tradition.

3. Two ballads on rape

What did interest Icelanders when it came to ballads? The main characteristics of ballads preserved in Iceland are: a) they are of the chivalric kind, as has been pointed out, b) they sympathise with women in most cases, c) the protagonists are often women, or they tell of conflict between men over women even if women themselves are not at the centre of events, d) their subject tends to be love and/or lust, conflict between love and the rules of the patriarchy, and we have rape, incest, hate, violence, and death in abundance. But also, pregnancies, childbirth, exposure of new-borns, exposed new-borns saved, and absolution when badly needed.

3.1 *Kvæði af Margrétu og Eilíf* (ÍS 14)⁶

This ballad is only found in Iceland and the Faroe Islands. The Faroese version is considered older, and it was known in Iceland before the reformation as Vésteinn Ólason (1982:174–179) has pointed out. However, the Icelandic preservation is older.

known author, *Sörlarímur*, *Völsungsrímur*, *Úlfhamsrímur* and others (Björn Karel Þórolfsson 1934:294, 298–312; Vésteinn Ólason 1982:52–78).

⁵ The ballad form is not as versatile as that of *rímur*, their stanzas are either made of two or four lines; in two-lined stanzas the lines rhyme, in four lined stanzas, the rhyme is *xaya* which is highly unusual in *rímur*. The rhyme can be full, but just as often it is half-rhyme or assonance. This can be seen in the mentioned ballads.

⁶ *Kvæði af Margrétu og Eilíf* (ÍF 14) is preserved in three versions; in the manuscript-group Add. 11.177 (B), NKS 1141 fol (V¹) and JS 405 4to (V²), all derived from AM 147 8vo (G), but is missing there (hereafter the group will be called the G, B and V-manuscripts), Lbs. 1518 8vo, where the beginning is missing, and JS 513 8vo, which has a long prose-introduction. In AM 234 fol only the refrain is written.

INGIBJÖRG EYÞÓRSDÓTTIR

Of three versions preserved of this ballad in Iceland, the two older ones tell us about Margrét and her brother Eilífur, daughter and son of Eirekur, the king of Denmark. Margrét has been in a convent for three months and is at the beginning of the ballad in B and V-manuscripts, traveling alone from the convent to a feast at her father's castle, when her brother comes upon her and rapes her. He tears her clothes and blood flows. As a result, she gets pregnant and when the time comes, gives birth to three sons in the convent. King Eirekur tries to force her to tell him the name of the father, but in vain: she is silent. While she is giving birth, her father sets fire to the convent. So, in this instance we have incest, rape of a nun-to-be, pregnancy, birth, and punishment in the form of what Ingrid Åkesson (2014) has described as *honour killing* similar to traditions in countries like Pakistan and India in modern times.

In Faroese, the ballad is called *Kong Magnus i Noregi ella Margretu kvæði* (CCF 31).⁷ What is striking when the Icelandic and the Faroese versions are compared is how similar they are in many ways. In the example below, it is almost impossible to see which is which. Of course, it must be kept in mind that Faroese orthography is based on the Icelandic one, but the words themselves are almost the same and the mode of narration is also the same. The text has been transcribed to modern Icelandic orthography as the spelling of the manuscript is not relevant here:

13. Reif hann hennar stakkinn
ofan úr hverjum geira
gullband lá um axlirnar
dreyrinn óx æ meira.
Vér lofum þann guð sem leyst hefur allan vanda.

14. Reif hann hennar stakkinn
reif hann hennar serk
áður hann gat framið
það syndsamlega verk.
Vér lofum...
(B and V-manuscripts, Jón Helgason I 1962:100–101, transcribed to modern orthography by the author.)

⁷ There are two Faroese versions; A. from Hammershaimbs *Færøiske Kvæder II* (1855) and B. from *Jakob Jakobsens Samling* from 1904.

TWO ICELANDIC BALLADS ON RAPE AND PUNISHMENT

The Faroese version:

5. Hann reiv af henni stakkin
niður úr hvörjum geira,
gullband um hennar herðar lá,
hon hevði ekki eftir meira.
Sótu tey systkin tvey í tann grøna lund,
sum fagurt tjald neig úti við Oyrarsund

6. Hann reiv af henni stakkin
so hennar silkiserk
til hann hevði vunnið henni
tað syndar neyðis verk.
(*Föroya kvæði* I 1951–1963:650–651, manuscript A.)

The two Icelandic versions are both longer and more detailed, perhaps due to their early preservation (17th and 18th centuries) and the story is unusually clear. The older one is 42 stanzas, and Lbs. 1518 8vo where the beginning is missing has 37 stanzas, while the Faroese version from the 19th century is 34 stanzas. The refrain is not the same. But the rape is described in similar ways in all these variants, and the rape is denounced, called “það syndsamlega verk” – or “sinful deed” in the Icelandic version quoted, and “tað syndar neyðis verk” in the Faroese one, which has approximately the same meaning, but the Faroese takes it a step further. In the Faroese version the conversation between Margrét and her father is much longer, and the ballad does not end by Margrét giving birth, since she dies in the burning castle before it comes to that.

Ingrid Åkesson (2014) has pointed out that to kill daughters, sisters and wives who have broken the law of the patriarchy with fire is quite common within the Swedish ballad tradition. She has described it as *hedersmord* (*honour killing*) when women are executed by family members for extramarital sexual activities, or for having exposed their newly-borns. Rumours of such activity is adequate evidence, and the method of execution is often by fire. The women have soiled the family honour, and this is how their male relatives see fit to deal with it.

The act of killing a woman accused rightly or wrongly of having extramarital sex can be found in at least three other ballads preserved in Iceland: In one version of *Ólöfar kvæði* (ÍF 34/80) a father kills his daughter with fire (*Loga kvæði*, in ÍB 302 8vo from 1856, (Jón Helgason VII 1970:164), in *Kvæði af Rögnvaldi og Gunnhildi* (ÍF 12) (found in G, B and V-manuscripts (see fn.1), Jón Helgason I 1962:79–84) a husband beats his wife who is slandered by his vindictive brother. She dies eventually but goes to heaven, and in *Soffiu kvæði* (ÍF 52), where frúin Kristín is forced by her brother to dance until she dies, because she has had a child fathered by her nephew. What is interesting to modern eyes in *Kvæði af Margrétu og Eilíf*, is that the daughter is killed, not the son who was the rapist; however, we must remember that Margrét refused to give up the name of her perpetrator. The brother also dies at the end of the ballad as he tries to extinguish the fire with the blood from his heart, both in the Faroese and Icelandic versions.

But there is a difference between the countries. In the Faroese versions, Margrét dies in the burning convent after having had a long conversation with her father. At the end of the Icelandic versions, Margrét gives birth to three sons in the burning building, with help from three holy maidens, one of them the virgin Mary herself, the others Brít (Briet/Brigid) and Barbara, both beloved saints (in Lbs 1518 8vo Vilborg takes the place of Barbara). This underlines the sympathy with Margrét even more, she is not judged within the ballad, her soul is saved even if she dies in the

fire, and her children are wrapped in a scarf of silk and carried to heaven. They are not doomed for eternity even if they were not baptised before their death, as can be seen in the last stanza in the oldest version of the ballad:

42. Tóku þær hennar börnin
og lögðu í silkiklút
fagrar lágu leiðir um
til himnaríkis búða.
(B and V-manuscripts, Jón Helgason I 1962: transcription by the author.)

In Lbs 1518 8vo, Margrét and her sons are all led to heaven by the three maidens in the last stanza:

37. Tóku þær svo sveinana
og ófu þá í skraut
leiddu frúna Margrétu
í himnaríki braut.
(Lbs 1518 8vo, Jón Helgason V 1970:69, the whole ballad 63–69, transcription by the author.)

It is obvious that Margrét has the narrative's sympathy and we can speculate if she didn't have the audiences' sympathy as well. She is a victim of the circumstances and her father's harsh punishment and her passivity is almost heart-breaking; she has no sense of defending herself or acting in any way. But the three holy maidens give the narrative a benign and catholic appearance and manage to shift the attention from the punishment of a cruel father to this scene of serenity and forgiveness.⁸ The conclusion is unexpected but a similar catholic twist can be seen in some other Icelandic ballads, where women that are in a tight spot are saved by catholic representatives or they seek shelter in convents. Margrét and her unbaptized sons are saved by three representatives of Catholicism, as the catholic spirit of absolution comes to the rescue.

The third and youngest Icelandic version of the ballad is very interesting, as the story is told in prose supported by only three stanzas. Here it says that Margrét's and Eyleifur's father has skills in magic and has made Margrét pregnant. Consequently, he wants to kill her and he lights a fire that can only be put out with human blood. Margrét gives birth in the fire with help from three midwives her brother has provided. Margrét and her three sons are saved but Eyleifur stabs himself and throws himself on the fire to extinguish it. Here the story has changed drastically; the father is the perpetrator, the brother is noble and sacrifices his life, and the three midwives are not holy maidens but earthly women. The source of this version is known, her name was Gunnhildur Jónsdóttir and it was recorded in the 19th century (JS 513 8vo, Jón Helgason VII 1970:94–95).

3.2 *Kvæði af herra kóng Símoni* (ÍF 26)⁹

In this ballad we also have a king, rape, pregnancy and punishment. But here the woman who is raped is anything but passive. King Símon appears before a court where he is about to be judged, having been accused of rape. He claims he is certain that lady Ingigerður will vouch for him. But she, who is a married woman, says that he had been a guest at her house, she had given him food and drink and a bed to sleep in, but he had broken into her sleeping loft and raped her. She was pregnant at the

⁸ Vésteinn Ólason (1993:361) discusses this in *Íslensk bókmenntasaga II*.

⁹ The ballad is only preserved in G, B and V-manuscripts (Jón Helgason I 1962:43–46).

TWO ICELANDIC BALLADS ON RAPE AND PUNISHMENT

time. His men held her legs, while he “committed his will”. He held her yellow hair and put her head in a sack, while he committed the foul deed – so here we have a similar phrasing as in *Kvæði af Margrétu og Eilíf*:

8. Þú lést þína sveina
halda fótum mín
meðan þú herra kóng Símon
framdir vilja þinn.
Hvað vilja bændur kæra,
nú mega hoffmenn læra.
9. Þú tókst í minn gula lokk
og vast mitt höfuð í serk
heyrðu það herra kóng Símon
þú vannst þar níðings verk
Hvað vilja...
(G, B og V-manuscripts, Jón Helgason I 1962:45, transcribed by the author.)

Following the rape, she loses her unborn child. When the king hears her story, he repents and offers her gold but she declines and sentences him to death. He is then decapitated while Ingigerður holds his yellow hair, as he had held hers while raping her. She then takes the head and throws it into some excrement:

13. Þeir tóku hann herra kóng Símon
og hjuggu hans höfuð við stökk
en hún frúin Ingigerður
hélt út í hans lokk.
Hvað vilja...
14. Hún tók í hans gula lokk
og kastaði hans höfði í saur
heyrðu það herra kóng Símon
þú gjörðir svo til vor.
Hvað vilja bændur kæra,
nú mega hoffmenn læra.
(G, B og V-manuscripts, Jón Helgason I 1962:46, transcribed by the author.)

Eisini hava so stórar savningar av teksti, veri tað seg talu- ella skriftmál, virði fyri menning av føroyskari máltøkni. Hóast menning hevur verið av tilfari til føroyska máltøkni seinastu árinum, er enn gott við meira tilfari, og eitt slíkt savn við talumálsteksti kann eisini viðgerast við t.d. PoS-tagging eftir orðaflokki og bending og læra bæði granskarar og maskinur um føroyskt mál. Seta vit ljóðið saman við tekstinum víðka vit enn meira um móguleikarnar at styrkja føroyska máltøkni, sum altíð hevur tørv á meira talumáli saman við tilhoyrandi teksti. Enn hevur ikki verið kannað, hvussu góðskan er á ljóðinum, og um tað er egnað at nýta til máltøkni. Tað elsta tilfarið er helst í ov vánaligari ljóðgóðsku, men okkurt av tí nýggjara kann hava virði. Avskriftirnar í sjálvum sær hava í øllum førum virði, serliga um vit fáa loyvi at deila tær longri út enn bert til granskarar.

3.3.7 Avbjóðingar – atlit til leikfólk og granskarar í senn

Hyggja vit yvirskipað eftir ljóðsavninum, tilfarinum, innsavnarum og brúkarum, stinga nakrir grundleggjandi spurningar seg upp. Bæði tilfarið í savninum og nýtslan av tilfarinum er stundum fleirbýtt, og við vaksandi mongd og slagi av tilfari er neyðugt at hava eina hugsjón um, hvat aðalendamálið við slíkum savni er.

Nýtslan av savninum er bæði almenn og innanhýsis. Hetta merkir, at bæði vanlig fólk í Føroyum og í verðini hava atgongd og hava áhuga í at leita sær runt í tilfarinum. Samstundis er savnið byrjað sum dátuinnsavning til gransking, hoyrir heima á einum granskingarstovni og verður handfarið sum granskingartilfar. Tað kann vera ein avbjóðing at skipa tilfar, so tað er væl egnað at nýta fyri bæði leikfólk og granskarar í senn – bæði viðvíkjandi innihaldi, tøkni og skipan. Rættindi, dátuvernd og atgongd eru eisini stórar avbjóðingar, sum serliga stinga seg upp, tá viðvíkur almennari atgongd til savnið.

Tilfarið í savninum er savnað inn av fakfólki við ymiskari bakgrund og við ymiskum granskingarendamáli, og hetta sæst aftur í tilfarinum. Sum granskingartilfar er savnið ein dátugrunnur við tvørfakliga áhugaverdum innihaldi: tjóðlívsfrøði, málføði, tónleikfrøði, fólkalívsfrøði, bókmentaføði og onnur hugvísindalig fak kunnu øll granska í tilfarinum. Hetta gevur sjálvandi savninum virði og fjølbroytta nýtslu, men setur eisini bæði krøv og avmarkingar til, hvussu tilfarið skipast á bestan hátt, so granskingarsíðvenjur og háttaløg hjá øllum fakum verða virð, samstundis sum vit fáa sum mest burtur úr tilfarinum. Kvalitativ og kvantitativ gransking hava sera ymiskt háttar og ymiskt skipaðar dátur sum grundarlag. Tilfarið í savninum hevur higartil verið skipað mest til kvalitativa gransking, partvíst av praktiskum ávum, men menningarmøguleikarnir nevndir í omanfyristandandi brotum kunnu broyta savnið at vera grundarlag undir kvantitativari gransking umframt nýtslu-gransking afturat. Tað kann tí tykjast avbjóðandi at rúma so ymiskt háttar og ymiskt ætlaðum tilfari í somu skipan og í sama savni, men tað er ein sannroynd, at tilfarið í ljóðsavninum kann vera virðismikið grundarlag undir fleiri sløgum av gransking, og at vit mugu tillaga okkara skipan av tilfarinum, so tað kann gagnnýstast á besta hátt av øllum.

4. Samanumtøka

Lýsingin av tilfarinum í ljóðsavninum á Føroyamálsdeildini sum “mentanararvur” undirstrikar bæði ábyrgdarkenslu frá Setursins síðu, men eisini eina ásannan av, at tilfarið onkursvegna er ogn hjá einum breiðari skara enn bert einum avmarkaðum hópi av granskarum. Kortini eru nógvar avbjóðingar tongdar at uppgávuni at “taka við arvinum” á nøktandi hátt og at “geva øðrum lut í arvinum”. Ljóð sum arvalutur hevur sínar avbjóðingar, men um orka og áhugi er fyri at menna ljóðsavnið, eru møguleikarnir nógvir – tað krevur fyrst og fremst at støða verður tikin til framtíðar-hugsjón við savninum og at raðfestingar fyri víðari menning verða gjørdar og framdar, sum bæði kunnu gagna gransking á Setrinum og lata upp fyri, at onnur eisini sleppa at granska í tilfarinum.

BÓKMENTIR

- Andreassen, Eyðun. (1996). *Føroyskur dansur – ein stutt lýsing*. Forlagið tungulist.
- Björnsson, Pétur Húni. (2019). *Íslensk þjóðlög? Söfnun, útgáfa og viðtøkur þjóðlagasafns Bjarna Þorsteinssonar, Íslenszk þjóðlög*. MA-ritgerð, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/32123>
- Forvitnisligur mentanararvur verður talgildur. (2017, 21. juni). <https://www.setur.fo/fo/setrid/tidindi/forvitnisligur-mentanararvur-verdur-talgildur/>
- Havens, Kayri og Sandra Henderson. (2013). Citizen science takes root. *American Scientist*, 101(5), 378–385. <https://doi.org/DOI:10.1511/2013.104.378>
- Honko, Lauri (ritstj.). (1980). *Folklore och nationsbyggande i Norden*. Nordiska institutet för folkdiktning.

LJÓÐ SUM ARVALUTUR

- Marcus, Leonard M. (2020, 9. október). Music recording. Í *Encyclopedia Britannica*. <https://www.britannica.com/topic/music-recording>
- Nolsøe, Mortan. (1982). Ballads and their cultural setting in the Faroe Islands. Í Bengt R. Jonsson (Ed.), *ARV: Scandinavian Yearbook of Folklore*, 38 (bls. 155–164). The Royal Gustavus Adolphus Academy.
- Yates, Michael. (1982). Percy Grainger and the impact of the phonograph. *Folk Music Journal*, 4(3), 265–275. <http://www.jstor.org/stable/4522107>
- Þorsteinsdóttir, Rósa. (2013). Ísmús (Íslenskur músík- og menningararfur): An open-access database. *RMN Newsletter*, 7, 97–101. <https://www.helsinki.fi/en/networks/retrospective-methods-network/archive>

ABSTRACT

‘Sound as heritage’

Keywords: sound archives, cultural heritage, folklore, spoken language, language technology

In this article we discuss the concept of ‘sound as heritage’, using the sound archive at the Department of Faroese Language and Literature at the University of the Faroe Islands as a reference point. Both authors have engaged with the archive in various ways and approach the questions of historic value and future utilization from different, but complementary angles. The article is to be seen as a case study presenting the background, content and current state of the sound archive, and an attempt to visualize future paths in the development and use of the archive.

Starting with the historical background of the scholarly traditions and circumstances which the collection was based on originally, we discuss the societal impact of the sound archive and reflect on practical and ethical issues regarding the collection process and structure of the material. Recognising that the concept of “folk culture” is intertwined with outdated research practices and potentially problematic connotations, we acknowledge that the contents of the archives still hold societal value for various reasons and to various parties, as it has entered the sphere of “cultural heritage”. With this in mind we discuss future options for those in charge of the collection today; we take a more applied approach and present technical and structural details about the sound archive, and then go on to reflect and discuss future development possibilities and how the material can increase in value once used and applied in fields that were not originally intended as the purpose of the collection. Specifically, we outline how the purpose of the archive can be expanded to serve as data foundation for e.g. quantitative research in spoken language as well as being applicable as a language resource in Faroese language technology development.

Tóta Árnadóttir
klivdalur@gmail.com

Iben Nyholm Debess
Fróðskaparsetur Føroya
ibennd@setur.fo

**Á bók og bandi:
Um handrit og hljóðrit sem heimildir þjóðfræða
(með áherslu á íslenskar þulur síðari alda)**

1. Inngangur

Munnlegur flutningur er forsenda fyrir tilveru þjóðkvæða sem munnlegrar hefðar þar sem þjóðkvæði lifa, þrífast og þróast einmitt í munnlegum flutningi. Þetta gildir m.a. um íslenskar þulur síðari alda¹ og náfrændur þeirra, færeysk *skjaldur*.² Tilkoma hljóðupptökutækja, sem urðu aðgengileg á Íslandi á ofanverðri 20. öld, þýddi því byltingu í söfnun þjóðkvæða en með nýju tækninni varð mögulegt að varðveita þuluflutning í mun meiri mæli en hægt er í handritum. Þó misstu handritin ekki heimildargildi sitt við það en umtalsverður fjöldi þulutexta er varðveittur í handritum frá ofanverðri 20. öld, einkum í SÁM 32 og SÁM 30a–SÁM 30c á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík sem og í svörum við „59. spurningaskrá: Þulur og gátur“ frá 1984 á Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands.³

Til umræðu í þessari grein er munurinn á handritum og hljóðritum sem heimildum um íslenskar þulur síðari alda – bæði sá sem stafar af ólíku eðli handrita og hljóðrita og þó einkum hinn sem skýrist af tíðaranda eða öðrum utanaðkomandi ástæðum. Samanburðarathugun á færeyskum *skjaldrum* verður kynnt þar sem því verður við komið en hún er nauðsynleg – ásamt samanburði við svipaðan kveðskap í Skandinavíu í framtíðinni – til að komast að því hvaða einkenni eru sameiginleg með íslenskum þulum og öðrum skyldum kveðskap og hvað er séríslenskt. Mesti munurinn á handritum og hljóðritum liggur að sjálfsögðu í því að hljóðrit varðveita munnlegan flutning á þulum og *skjaldrum* en þetta langmikilvægasta atriði skýrir sig sjálft. Hér verður frekar rætt hvaða upplýsingar um flutninginn eru skráðar í handritin og hljóðritin og koma síðar fram við heimildaskráningu; það sem má kalla lýsigögn fyrir þulutexta. Athugað verður hvað má lesa úr þessum lýsigögnum og úr samhengi þulna í handritum og hljóðritum um heimildarmenn þulutexta, viðtakendur, stað og stund þuluflutnings og flutningsmáta.

2. Heimildir og lýsigögn um þulur og *skjaldur*

Langsamlega flest handrit með þulum eru pappírshandrit frá 17.–20. öld en einhverjar uppskriftir eru líka til frá þeirri 21. Elsta handritið, sem hefur að geyma

¹ Þulur síðari alda eru íslensk þjóðkvæði frá 15.–20. öld, sjö eða fleiri línur að lengd og ekki erindaskipt. Reglur um línulengd, skiptingu á sterkum og veikum stöðum í línunum, stuðlasetningu og rím eru sveigjanlegar. Þulur eru einnig sveigjanlegar í byggingu, byggjast einkum á upptalningu textaeininga (heita, minna – móttífa – og blokka), á tilbrigðum og textatengslum og eiga sér sameiginlegt safn helstu byggingareininga (þulusjóð). Þær eru fluttar einkum til afþreyingar, t.d. fyrir börn, en hafa einnig ákveðið heimslýsingar- og fræðsluhlutverk (Yelena Sesselja Helgadóttir 2020:14, sbr. 270–274; dæmi um þulur má sjá víða í þessu riti). Orðið *þula* er haft í þessari grein um þulur síðari alda (frekar en t.d. um þulur á miðöldum).

² Í þessari grein verða notaðar færeyskar beygingarmyndir af orðinu *skjaldur* og af heiti á færeyska *Bandasavninum* (sjá kafla 2 og víðar).

³ „59. spurningaskrá: Þulur og gátur“ Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands er varðveitt sem handrit ásamt svörum en vísað er í þau með bókstöfunum ÞÞ ásamt einkvæmu svarnúmeri og blaðnúmeri. Texti spurningaskrárinnar og hluta svaranna er aðgengilegur á: *Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn* (<https://sarpur.is/Spurningaskra.aspx?ID=531300>).

þulu, er AM 148 8vo, Kvæðabók úr Vigur en þar er Þórnaldar þula rituð á bl. 253r–254v (skv. blaðmerkingu í handritinu). Flest þuluhandritin eru þó frá ofanverðri 19. og ofanverðri 20. öld, frá tímum skipulegrar þjóðfræðasöfnunar. Þuluhandrit eru varðveitt á ýmsum söfnum, þ. á m. á Árnasafni á Íslandi og í Danmörku (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab við Kaupmannahafnarháskóla), á Landsbókasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, héraðsskjalasöfnum og erlendum söfnum: Konungsbókhöðum í Danmörku og Svíþjóð, Háskólabókasafni í Uppsölum, breskum söfnum o.s.frv. Hvert safnið hefur sína leið til að skrá handritin og þar af leiðandi mismunandi lýsigögn, þótt ákveðin samræming á framsetningu lýsigagna hafi orðið með verkefnum á borð við *Handrit.is* (samskrá yfir íslensk og norræn handrit).⁴

Hljóðrit með þulum eru hins vegar til frá mun skemmra tímaskeiði, eða nær eingöngu frá 20. öld (og þá einkum 7. áratug), og eru langflest varðveitt á þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (þ. á m. hljóðrit sem voru unnin í samstarfi við Ríkisútvarpið). Þau eru skráð á samræmdan hátt í vefgagnagrunninn *Ísmús: íslenskur músík- og menningararfur* (<https://ismus.is>) sem er í umsjá Tónlistarsafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Eftirfarandi upplýsingar eru meðal þess sem er skráð með hverri hljóðfærslu í *Ísmús*:

- safnmark og frumgagn
- erindi (samræmt upphaf) ef um kveðskap er að ræða
- form, þ.e. hvort textinn er þula, kvæði, lausavísa o.s.frv.
- heimildarmenn / flytjendur
- spylar / hljóðritarar
- hljóðritunarstaður
- dagsetning upptökunar

Allar þessar breytur er hægt að nota til flokkunar og rannsókna á efni þjóðfræðisafnsins, þ. á m. á þulum síðari alda; allar athuganir á hljóðritum í þessu erindi eru unnar úr efni í *Ísmús*. Vísað er í efnið með safnmarki og einkvæmu númeri viðkomandi hljóðfærslu í gagnagrunninum (t.d. SÁM 85/124 EF, 19470).

Flestar hljóðupptökurnar í Færeyjum eru einnig varðveittar á sama stað, eða á Bandasavninum við Føroyamálsdeild Fróðskaparseturs Føroya. Verið er að koma safninu í stafrænt form undir heitinu *Talgilda bandasavnið* (sjá nánar á <https://bandasavn.setur.fo>). Þar eru skráðar svipaðar grundvallarupplýsingar og í *Ísmús* en vensl í gagnagrunninum eru með öðrum hætti (eins og rætt verður í kafla 4). Skráningin er því ekki fyllilega sambærileg við skráninguna í *Ísmús* og er auk þess ekki eins langt komin. Af þessum ástæðum er efni í *Talgilda bandasavninum* aðeins notað í þessari rannsókn þegar unnt er að bera það saman við efni í *Ísmús*.

3. Samhengi þulna í frumheimildum

Rík ástæða er til þess að skoða samhengi þulna í frumheimildum en staða þeirra og nærumhverfi í handritum og hljóðritum getur gefið vísbendingar um það hvernig heimildarmenn og lesendur/áheyrendur upplifðu þulur. Reyndar þarf að hafa þann fyrirvara að oft er erfitt að dæma um upprunalegt samhengi þulna í frumheimildum – einkum handritum. Ein af ástæðum þess er sú að forvígismenn þjóðfræðasöfnunar á 19. öld, Jón Árnason og Jón Sigurðsson (og líklega fleiri, bæði á þeirra vegum og

⁴ Færeysk *skjaldur* eru afar sjaldgæf í handritum, a.m.k. fram á 20. öld; það gerir samanburð við handritavarðveislu þulna illmögulegan. Ég þakka Seán D. Vrieland fyrir að benda mér á *skjaldur* í Acc. 4 d nr. 16 (bls. 37–43) í uppskrift Christiane Elisabeth Schrøter, dóttur J. H. Schrøter, prests í Suðuroy og kvæðasafnara, á Árnasafni í Kaupmannahöfn.

síðari notendur safnanna), tóku aðsendar uppskriftir í sundur og flokkuðu eftir efni þeirra og/eða eftir því hvaða munnmenntagrein efnið tilheyrði. Til að undirbúa þessa flokkun voru þeir sem höfðu áhuga á að skrifa upp munnmæli beðnir um að skrifa efni úr hverjum flokki sér á blað (sbr. Jón Árnason 1861:93).

Flokkunin kom frá sömu forvígismönnum en í orðsendingum þeirra eru þulur ítrekað flokkaðar með barnaefni og leikjum:

Þvínæst gömul kvæði og ljóð [...] ymsar rímur, fornkvæði, vikivakar, dansleikakvæði, söguljóð [...]. Enn fremr *þulur og barnavísur*, sem tíðkanlegar eru. („Boðsbréf til Íslendinga“ [1846]:vj, leturbreyting mín – YSH; sbr. [Jón Árnason] 1859:56 og Jón Árnason 1861:93)

Á þeim tímapunkti var söfnunin að fara af stað og því má velta fyrir sér hversu mikil áhrif þessi tilmæli hafi haft á söfnunina sjálfa og á síðari umræðu um þulur sem barnaefni. Við blasir að forvígismenn þjóðfræðasöfnunar settu þulur – viljandi eða ekki – í ákveðið samhengi áður en söfnunin hófst. Ekki þarf því að undra þótt í sumum aðsendum uppskriftum hafi þulur verið skrásettar við hliðina á barnagælum.

Hitt er aftur eftirtektarvert hvað þær uppskriftir urðu margar þar sem þulur voru *ekki* flokkaðar með barnakveðskap. Þar voru þulur oftast í návist við lengri kvæði, einkum fornkvæði (sagnadansa og ýmis frásagnarkvæði), langlokur, þ.e. lengri kvæði án erindaskila, líkt og þulur en með stuðlasetningu og rím sem nær oft yfir margar línur (sem er ólíkt þulum) og keðjukvæði, þ.e. lengri kvæði þar sem erindi eru síendurtekin og aukin nýjum atriðum við hverja endurtekningu (Jón Samsonarson 1983:311–312).⁵ Aftur á móti eru þulur talsvert sjaldnar í félagsskap barnavísna og leikja.⁶ Það stingur í stúf bæði við ummæli Jóns Árnasonar „[...] móðirin raular þulur, smáveris og barna[g]ælur við börnin sín“ (Lbs 587 4to VII, [38r], sbr. [39r]), sem eru líklega tilkomin, m.a. fyrir áhrif frá þjóðfræðasöfnunum í Skandinavíu ásamt Boðsbræfi Fornfræðafélagsins (sbr. Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:59–61), og við síðari tíma umfjöllun, t.d. orð Ögmundar Helgasonar (1989:405) um „yngri“ þulurnar: „langalgengast að þessi kveðskapur sé tengdur börnum á einhvern hátt“.

Nærumhverfi þulna í heimildum breytist þó frá 19. öld til þeirrar 20. en þá eru styttri kvæði og vísur mun meira áberandi við hliðina á þulum. Það kann m.a. að skýrast af því að lengri kvæðum virðist hafa almennt fækkað í handritum; telja má líklegt að munnleg þekking á lengri kvæðum hafi farið dvínandi. Ekki er heldur útilokað að hin fræga grein Theodóru Thoroddsen (1914) um þulur, skrifuð frá sjónarhorni margra barna móður, hafi haft þau áhrif að þulur hafi enn frekar tengst kveðskap kvenna handa börnum í hugum manna. Af styttri kvæðum og vísnum, sem standa nú við hliðina á þulum, eru barnavísur eigi að síður aðeins tæplega þriðjungur. Lengri kvæði höfðu ekki heldur farið langt, því þau standa *næstoftast* í nærumhverfi þulna (aðeins u.þ.b. þriðjungur sjaldnar en styttri vísur). Leikir en einnig bænir og gátur, eru meðal annarra munnmennta sem oft má finna við hlið þulna.

Hljóðupptökur eru ný og öðruvísi heimild fyrir þulum og þar myndast annað samhengi. Næstu nágrannar þulna á hljóðupptökum eru ekki aðeins styttri og lengri

⁵ Meðal sendinga þar sem þulur eru frekar í návist lengri kvæða eru Lbs 414 8vo, 82r–106r (Þórður Árnason), Lbs 587 4to II, bls. 89–112 (Guðmundur Einarsson), Lbs 587 4to IV, 15r–30v (Magnús Bjarnason), Lbs 587 4to VIII, 2r–11v (Brandur Tómasson), Lbs 587 4to X (Magnús Grímsson), DFS 67, 237r–244v (Brynjólfur Árnason), DFS 67, 245r–251v (Benedikt Þórarinnsson), DFS 67, 252r–261v (Daníel Halldórsson(?)) og DFS 67, 321r–441v (Jón Eyjólfsson).

⁶ Meðal þeirra sendinga þar sem þulur eru í návist barnakveðskapar eru helst Lbs 587 4to II, bls. 1–14 (Björn Jóhannesson) og Lbs 587 4to II, bls. 21–32 (Sigmundur Long).

kvæði heldur líka þjóðfræði í óbundnu máli: ýmsar sögur og sagnir (en í handritum stendur óbundið mál ekki oft við hliðina á þulum – hugsanlega þó vegna þess að safnarar hafi flokkað það frá bundnu máli). Leikir, bænir og gátur eru aftur á móti talsvert færri í kringum þulur síðari alda í hljóðritum en í handritum. Erfitt er að segja með vissu hver ástæða þess er en þessi munur gæti tengst því hvernig spyrjar byggja viðtöl, um hvað þeir spyrja heimildarmenn sína og í hvaða röð. Af samhengi þulna í frumheimildum má þó álykta með nokkurri vissu að á 20. öld hafi þulur færst nær kveðskap handa börnum.

4. Heimildarmenn að þulum

Miðað við umfjöllun Jóns Árnasonar, Theodóru Thoroddsen o.fl. um þulur sem kveðskap kvenna mætti búast við því að langsamlega flestir heimildarmenn að þulum væru konur. Svo er þó ekki. Konur eru vissulega um 2/3 heimildarmanna að þulum í handritum 20. aldar og um 3/4 heimildarmanna að þulum í hljóðritum á 20. öld (Yelena Sesselja Helgadóttir 2020:67) en karlar eru eigi að síður fjórðungur til þriðjungur heimildarmanna að þulum. Það er of hátt hlutfall til þess að það sé réttlætanlegt að kalla þulur kvenlegan kveðskap að dæmi G. F. (1914:101–102).

Athugun á efninu í *Talgilda bandasavninum* sýnir aftur á móti að í Færeyjum virðast karlar vera fleiri meðal heimildarmanna að *skjaldrum* en konur, eða rúmlega helmingur allra heimildarmanna sem fara með *skjaldur*. Þess þarf vissulega að gæta að efni í *Bandasavninum* er ekki fullskráð í gagnagrunninn og niðurstaða getur orðið önnur þegar allir heimildarmenn hafa verið skráðir. Þá er skráning heimildarmanna að þulum og *skjaldrum* ekki fullkomlega sambærileg vegna mismunandi vensla efnisins í gagnagrunnunum; í *Ísmús* er heimildarmaður (ásamt upplýsingum um hann) skráður fyrir hverjum texta sem hann flytur en í *Talgilda bandasavninum* er heimildarmaður skráður fyrir hverju bandi (segulbandi) með efni hans – en ekki tengdur hverjum texta sem hann flytur. Þessi munur skiptir litlu máli ef einn heimildarmaður fer með allt efni á bandi með *skjaldrum* – en ef tveir eða fleiri heimildarmenn eru með efni á einu og sama bandi er oft erfitt að greina út frá skráningunni hver þeirra fer með hvaða *skjaldur* (og hver fer e.t.v. alls ekki með *skjaldur*). Á hinn bóginn er útkoman mjög svipuð þegar taldir eru annars vegar aðeins þeir heimildarmenn sem fara *einir* með allt efni á sínu bandi eða sínum böndum, þar á meðal með *skjaldur* (en þá vantar í talninguna heimildarmenn sem flytja *skjaldur* í hljóðritum með fleiri heimildarmönnum) en hins vegar *allir* heimildarmenn sem eru skráðir fyrir bandi/böndum með *skjaldrum* – þótt óvíst sé að hver og einn þeirra hafi farið með einhver af þeim *skjaldrum* sem eru á bandinu/böndunum (en við þessa talningu getur einhverjum verið ofaukið á lista mínum yfir heimildarmenn að *skjaldrum*). Hvorug aðferðin er gallalaus því það er annaðhvort vantalið eða oftalið; en báðar talningarnar benda eindregið í sömu átt: að karlar séu fleiri en konur meðal heimildarmanna að *skjaldrum*.

Því er ekki að neita að konur eru oftast en ekki heimildarmenn fyrir fleiri þulutextum en karlar á Íslandi. Í hljóðritum 20. aldar fara karlar t.d. að meðaltali með rúmlega 2,5 texta en konur með tæplega 5 texta. Í *Talgilda bandasavninum* í Færeyjum er staðan aftur allt önnur en af því efni að dæma sem var aðgengilegt fyrir þessi greinaskrif fara karlar með u.þ.b. 11 texta að meðaltali en konur með 8 texta (athugað 25. október 2022, aðeins talið efni frá þeim sem fara örugglega með *skjaldur* á sínu bandi/böndum). Karlar virðast því vera ekki aðeins fleiri heldur öflugri heimildarmenn að *skjaldrum* en konur – öfugt við þulur. Reynist það rétt kann skýringin að liggja í mismunandi skiptingu munnmenntagreina á milli karlkyns- og kvenkynsflytjenda í Færeyjum og á Íslandi. Hún gæti t.d. tengst því að mikið af því efni sem er kveðið um í ballöðum (*kvæðum*) í Færeyjum, t.a.m. í kappakvæðum, er frekar efniviður í rímur á Íslandi (sbr. það að ballöður um kappu eru varla til sem sjálfstæð grein hér á landi). Rímur, og þá einkum rímur um miklar

bardagahetjur, eru kveðskapur sem höfðar fremur til karla en ballöður (sagnadansar), sem á Íslandi fjalla einkum um ástir og örlög kvenna, höfða fremur til kvenna bæði hvað varðar efni og efnistöð (Ingibjörg Eypórsdóttir 2018). Þulur eru nátengdar ballöðum – líkt og *skjaldur* í Færejum og romsur í Skandinavíu (sbr. Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:33–36) – og kunna því, ásamt ballöðunum, að hafa skipast meira kvenna megin hér á landi (sjá Mynd 1 í kafla 5). Komi í ljós við áframhaldandi rannsóknir að karlar séu ekki færri en konur meðal flytjenda á romsum í Skandinavíu verður það lóð á vogarskál þessarar tilgátu. Að öðrum kosti þarf líklega að leita skýringar á mismunandi hlutföllum karlkyns- og kvenkyns-flytjenda á þulum og *skjaldrum* í mismunandi menningu eða hefðum í tengslum við flutning þjóðkvæða.

Enn hefur ekki verið sagt frá hlutföllum kynjanna meðal heimildarmanna í 19. aldar handritum en þau hlutföll er erfiðara að meta. Þjóðfræðum var þá oft safnað í gegnum heimildanet menntamanna – oftast karla – sem skrásettu þau að beiðni forvígismanna söfnunarinnar. Þótt skrásetjarar hafi fengið skýr tilmæli um að skrifa niður „nöfn, aldr og heimili þeirra, sem sérhvað eina er tekið eptir“ („Boðsbréf til Íslendinga“ [1846]:vij)⁷ var þessum tilmælum ekki endilega fylgt við söfnun. Við sjáum fyrir vikið aðallega þjóðfræðasafnarana, sem voru flestir menntaðir karlmenn, en upplýsingar um kyn heimildarmanna að þulum liggja sjaldan fyrir. Hins vegar er vitað um samsetningu heimildarmannahóps hjá stöku safnara sem skráði ítarlegar upplýsingar um flytjendur þjóðfræða, einkum hjá Jóni Eyjólfssyni á Stað í Aðalvík, sem safnaði fyrir Fornfræðafélagið, Guðmundi Gísla Sigurðssyni frá Stað í Steingrímsfirði, sem safnaði fyrir Jón Árnason, og hjá Jóni Árnasyni sjálfum (sbr. Töflu 1 aftar í þessum kafla).

Hverjum þulutexta frá Jóni Eyjólfssyni (DFS 67 E, 360r–360v, 372r og 403r–437r, í bland við annan kveðskap) fylgja upplýsingar um heimildarmenn: aldur, stétt og búsetu. Þulurnar eru skráðar eftir tólf konum en þremur körlum. Konur eru því meirihluti heimildarmanna Jóns að þulum (um 4/5) og fara með talsvert fleiri þulutexta að meðaltali en karlar: rúmlega tvo vs. einn á mann. Á hitt ber þó að líta að konur eru einnig meirihluti heimildarmanna Jóns að öðrum þjóðkvæðum (um 3/4, með 2,7 kvæðatexta vs. 1,8 á mann). Þulur skera sig að þessu leyti lítt eða ekkert út.

Í heimildarmannahóp Guðmundar Gísla Sigurðssonar eru um tuttugu manns og er kynjaskiptingin nokkuð jöfn en í safni hans eru ekki aðeins þulur og kvæði, eins og hjá Jóni Eyjólfssyni í DFS 67, heldur talsvert af sögum. Upplýsingar um heimildarmenn Guðmundar Gísla eru í Lbs 424 8vo (61r–61v) og Lbs 420 8vo (128r–129v). Síðarnefnda skráin er ítarlegri og er hér miðað við hana að viðbættum athugasemdum hans við þulutexta,⁸ en þeir eru einkum í Lbs 424 8vo (16r–17v, 24r–29r, 32v–33r og 81r–81v) og Lbs 587 4to III (8r–10v og 44r). Heimildarmenn að þulum eru tæplega helmingur hópsins og eru konur líka í meirihluta meðal þeirra en þó ekki jafn miklum, eða 2/3. Þriðji hver heimildarmaður að þulum er því karl. Konurnar fara þó með enn fleiri þulutexta en karlarnir að meðaltali: 2,5 á móti einum.

Þá tilgreinir Jón Árnason munnlegar heimildir sínar (sem og forrit) við þulutexta í Lbs 587 4to I (bls. 14, 16–19, 26 og 35 skv. blaðsíðutali handritsins). Jón Samsonarson gerir grein fyrir þessum heimildum í óbirtum rannsóknargögnum sínum (sbr.

⁷ Enski fræðimaðurinn George Stephens, höfundur tillögu ([1845]) sem boðsbréfið byggði á, hafði einnig lagt til að skrá stöðu/starf viðmælenda en það var ekki nefnt í boðsbréfinu.

⁸ Þar kemur m.a. fram að móðir Guðmundar Gísla, Hildur Guðmundsdóttir, og systir hans, Ingveldur, séu meðal munnlegra heimilda hans fyrir þulum (Lbs 424 8vo, 17r, 24r, 25v–26r, 27r, 28v og 29r) þótt Hildur sé ekki tilgreind í því hlutverki í ofanefndum skráum Guðmundar Gísla yfir heimildarmenn sína en Ingveldur sé yfirleitt ekki skráð þar.

Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:67–69).⁹ Meðal munnlegra heimilda Jóns Árnasonar að þessum þulutextum eru *karlar* rúmlega helmingur en konur eru óvænt í minnihluta (líkt og í færeyskum *skjaldrum* í 20. aldar hljóðritum). Enn fremur er óvænt að karlar eru sömuleiðis fleiri en konur meðal munnlegra heimilda Jóns Árnasonar að öllum kveðskap – ekki aðeins þulum – í Lbs 587 4to I (bls. 14–26 og 42–51), öfugt við heimildarmenn Jóns Eyjólfssonar og ólíkt heimildarmönnum Guðmundar Gísla Sigurðssonar. Þá er textafjöldi frá konum og körlum úr heimildarmannahóp Jóns Árnasonar óvenju jafn, að meðaltali rúmlega einn þulutexti á mann. Þess má geta að enginn áberandi munur er á því hvort kynið fer með hvaða þulur eða þá á innihaldi eða stíl þunnanna.

Safnari	Heimildarmenn sem fara með þulur		Fjöldi þulutexta sem heimildarmaður fer með (meðaltal)	
	konur	karlar	konur	karlar
Jón Eyjólfsson	12	3	> 2	≈ 1
Guðmundur Gísla Sigurðsson	6	3	≈ 2,5	≈ 1
Jón Árnason	3	5	> 1	> 1

Tafla 1: Kynjahlutföll í þremur hópum heimildarmanna að þulum á 19. öld.

Af þessum þremur heimildarmannahópum að dæma er útlit fyrir því að á 19. öld hafi meirihluti heimildarmanna að þulutextum verið konur, líkt og á 20. öld en erfiðara er að segja til um hlutfall þeirra út frá þeim takmörkuðu og oft innbyrðis ólíku upplýsingum sem fyrir liggja. Eitt er þó víst að allnokkur hluti heimildarmanna að þulum voru karlar, allt frá fimmtungi og upp í rúman helming, þótt þeir hafi oft farið með færri texta að meðaltali en konur.

5. Þróun á samhengi þulna með hliðsjón af kyni heimildarmanna

Fram er komið að algengasta samhengi fyrir þulur í handritum 19. aldar – óháð kyni heimildarmanns – eru lengri kvæði, þ. á m. frásagnarkvæði og langlokur (kafla 3) en oftar en ekki er erfitt að greina hvort tiltekinn þulutexti í 19. aldar handriti er skráður eftir karli eða konu (kafla 4). Þar sem varla er gerlegt – eins og sakir standa – að greina nærumhverfi þulna í 19. aldar handritum eftir kyni heimildarmanns hefst greiningin á 20. aldar handritum. Þar eru styttri kvæði og vísur orðnar meira áberandi við hliðina á þulum en barnavísur eru þó aðeins þriðjungur þeirra (kafla 3).

Miðað við umfjöllun um þulur sem kvenlegan kveðskap tengdan börnum væri viðbúið að í heimildum 20. aldar sjáist merki þess að konur tengi þulur við barnakveðskap og barnauppeldi. En í handritum 20. aldar standa barnagælur¹⁰ heldur oftar í nánasta samhengi þulna hjá *körlum* en konum. Þá eru keðjukvæði (sjá kafla 3 hér að framan) í nærumhverfi þulna u.þ.b. jafnmörg í uppskriftum karla og kvenna. Með öðrum orðum virðast *karlar* tengja þulur við barnagælur – sem og við lengri kvæði – í svipuðum eða jafnvel meiri mæli en konur.

Í hljóðritum virðast þulur aftur á móti tengjast barnakvæðum – og kvæðum almennt – í meiri mæli í augum kvenna en karla. Barnavísur eru t.a.m. nær eingöngu í nánasta umhverfi þulna hjá heimildarkonum þótt vísur almennt séu nokkurn veginn jafn algengar í hljóðritum með heimildarfólki af báðum kynjum. Um leiki og leikkvæði gildir sama og um barnavísur. Jafnvel lengri (frásagnar)kvæði eru


⁹ Hér er vísað í kafla 7 í heimildalýsingum sem eru geymdar í öskju merktri „Þuluútgáfa yfirlit | Jón Árnason“ á skjalasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

¹⁰ Með barnagælum er hér átt við vísur – stakar eða samhangandi – sem farið er með fyrir börn til að skemmta þeim, hugga þau eða róa (sbr. Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:53, 87–89).

Á BÓK OG BANDI

algengari í nærumhverfi þulna á upptökum með konum, öfugt við það sem við sjáum í handritum þar sem þau eru algengari hjá körlum. Á hljóðupptökum með körlum er samhengi þulna hins vegar tilviljanakenndara og meira fer fyrir óbundnu máli – þ. á m. sögum – við hliðina á þulum en bæði í hljóðritum með konum og í handritum karla.

Athugun á nánasta samhengi þulna í hljóðritum gefur því tilefni til þess að ætla að í hópi heimildarfólks hafi karlar ekki sömu hugmyndir og konur um stöðu þulna meðal annarra munnmennta- og bókmenntagreina. Konur í hljóðritum tengja þulur frekar við kveðskap handa börnum en karlar í hljóðritum þótt öðru máli virðist gegna um handrit frá svipuðum tímum, sbr. Mynd 1 sem sýnir þróun á afstöðu heimildarmanna af báðum kynjunum til þess hvaða efni myndar nánasta umhverfi þulna.



Mynd 1: Nærumhverfi þulna í heimildum (með tilliti til tegundar heimildar og kyns heimildarmanns).

Þeirri spurningu er ekki fullsvarað hvers vegna textar skiptast á svo mismunandi hátt milli kynjanna í handritum og hljóðritum á 20. öld. Þessi munur á samhengi þulna í handritum og hljóðritum eftir kyni heimildarmanna kann að skýrast af mismunandi söfnunaraðferðum við skriflega söfnun og söfnun beint úr munnlegri geymd, t.d. af byggingu viðtala í hljóðritum. Það mætti jafnvel velta því upp hvort fyrirframgefnar hugmyndir safnara um efni hafi getað ráðið för, t.d. ef safnarar í hljóðritum spurðu frekar konur um þulur en karla en hjá körlum komu þulur upp meira tilviljanakennt, rifjast t.d. upp í tengslum við annað efni. Eins gæti eitthvað annað skýrt þennan munur á handritum og hljóðritum. Ljóst er þó að þessar tvær tegundir heimilda vege hvor aðra upp og gefa fyllri mynd af samhengi þulna í frumheimildum.

Athygli vekur að í færeyskum hljóðritum er skipting efnis í næsta nágrenni við *skjaldur* milli kynjanna frábrugðin þeirri íslensku. *Vísur*, eða danskvæði, eru sú kvæðagrein sem finnst oftast í grennd við *skjaldur* á hljóðupptökum með körlum en talsvert sjaldnar á upptökum með konum. Í íslenskum hljóðritum eru slík lengri (frásagnar)kvæði einkum algeng við hlið þulna hjá konum en hjá körlum í íslenskum handritum. Munurinn á tíðni danskvæða við hliðina á þulum og *skjaldrum* í íslenskum og færeyskum hljóðritum getur m.a. stafað af því að danskvæðahefð er umtalsvert sterkari í Færeyjum en á Íslandi. Næstoftast á eftir *vísur* finnast *ramsúr* og *þrindi* við hliðina á *skjaldrum*, þ.e. romsúr, vers eða vísur. Algengt er að barnaefni sé í romsu- og vísuformi og má gera því skóna að barnaefni sé jafnvel oftast í nábyli við *skjaldur* á upptökum með körlum en konum þar sem allt þrennt – *vísur*, *ramsúr* og *þrindi* – finnst oftast í næsta nágrenni við *skjaldur* hjá körlum en konum. *Síðir* eru hins vegar oftast við hliðina á *skjaldrum* í hljóðritum með konum – en sjaldan í hljóðritum með körlum og í hljóðritum með báðum kynjum við hliðina á íslenskum

þulum. Sálmar koma næstoftast fyrir í grennd við *skjaldur* í hljóðritum hjá konum og líka nokkuð oft hjá körlum – en fyrirfinnst vart í nágrenni þulna í íslenskum handritum og hljóðritum.

Þá finnast andleg kvæði og ævintýri í nágrenni við *skjaldur* nær einvörðungu í hljóðritum með konum – þótt önnur kvæði og sagnir séu oftast við hliðina á *skjaldrum* í hljóðritum með körlum. Þessi allt að því fyllidreifing er það helsta sem er svipað með skiptingu efnis í grennd við þulur/*skjaldur* milli kynjanna í færeyskum og íslenskum hljóðritum.

Þessi samsetning sameiginlegra og ólíkra einkenna á því hvaða stöðu þulur og *skjaldur* hafa á íslenskum og færeyskum hljóðupptökum er tilefni til frekari rannsókna en erfitt er að segja að svo stöddu að hve miklu leyti þessar niðurstöður litast af því að efnisflokkun í *Ísmús* og *Talgilda bandasavninum* er ekki alveg með sama hætti og af því að ekki er búið að skrá allt færeyskt efni í *Talgilda bandasavnið*.

Víst er þó að þessi þróun efnis af mismunandi greinum þjóðfræða við hlið þulna síðari alda mælir gegn því að flokka þulur sem þjóðkvæði *kvenna*, eins og oft má sjá í umræðu um þulur (sbr. kafla 3 hér að framan) en til þess er hlutfall karlkyns þuluflytjenda allt of hátt. Athugun á samhengi þulna, sem gefur innsýn í skilning heimildarmanna á efninu, sýnir ekki heldur að konur tengi þulur við börn og kveðskap handa börnum í meiri mæli en karlar því þannig er það ekki í handritum.

6. Með augum heimildarmanna: Aðstandendur og aðstæður þuluflytninga

Hingað til hefur verið rýnt í hlutlægar upplýsingar og ályktanir einkum dregnar af efnisskipan í heimildum annars vegar og lýsigögnum handrita og hljóðrita hins vegar. Nú verður litið á málið frá sjónarhorni heimildarmanna og farið eftir upplýsingum frá þeim til að greina kyn og aldur þeirra sem heimildarmenn í handritum og hljóðritum hafa heyrt fara með þulur, svo og aldur þeirra sem hlýddu á.¹¹

Nú standa sömu forvígismenn að skriflegri þjóðfræðasöfnun og söfnun beint úr munnlegri geymd á ofanverðri 20. öld: Hallfreður Örn Eiríksson, Jón Samsonarson og Helga Jóhannsdóttir. Spurningar, sem beint er að heimildarmönnum við skriflega og munnlega söfnun, eru hins vegar ekki alltaf eins. Í „59. spurningaskrá: Þulur og gátur“ (1984, 3r) frá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands voru spurningarnar orðaðar mjög almennt: „Hvers vegna var farið með þulur? Hvenær ævinnar lærðu menn að jafnaði þulur? [...] Af hverjum lærðu menn þulur?“ o.s.frv. og svörin eru að sama skapi almenn (sjá aftar í þessum kafla). Spyrjar á hljóðupptökunum spyrja þessara og svipaðra spurninga en oft er það gert í tengslum við einhverja(r) tiltekna(r) þulu(r) – og svörin eru þá að sama skapi afmarkaðri (sjá nánar Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:251–252).

Athugun á því hver kenndi heimildarmönnum þulur – út frá því sem kemur fram í handritum og hljóðritum – sýnir svipuð kynjahlutföll og athugun á sjálfum heimildarmönnum. Algengustu svörin eru *mamma* eða *amma* (sbr. t.d. handritin ÞP 6542, 1r–2r; ÞP 6905, 16r og hljóðritin SÁM 85/124 EF, 19470; SÁM 85/189 EF, 20443 m.m.) en meðal svaranna eru einnig *faðir minn*, *afi gamli* og *afi minn og amma* (ÞP 6451, 16r; ÞP 6594, 1r; SÁM 85/122 EF, 19422; SÁM 85/123 EF, 19460; SÁM 85/146 EF, 19801). Eldra fólk kemur sérstaklega við sögu:

Ég heyrði ekki þulur þar utan hvað ég nam á hlaupum af *gamalli konu*, sem raulaði við rokkinn sinn. Það notaði ég svo þótt hálfgerð slitur væru, þegar ég fór að *svæfa mín eigin börn*. (ÞP 6556, 1r; leturbreyting mín – YSH)

¹¹ Þessi hluti rannsóknarinnar er aðeins unninn upp úr íslensku efni en til stendur að gera sambærilega athugun á efni í *Talgilda bandasavninum*.

Þetta er þuluf lutningur alveg eins og Theodóra Thoroddsen (1914:415–416) lýsir honum í greininni um þulur í *Skírni*. Munurinn er þó sá að í þessu dæmi er heimildar- maðurinn karlmaður – en ekki kona, ekki sú störfum hlaðna margra barna móðir sem Theodóra lýsir. Þulur síðari alda „tilheyra“ greinilega ekki sérstöku kyni í augum heimildarmanna handrita eða hljóðrita. Þær virðast frekar tengjast fólki á ákveðnum æviskeiðum. Hins vegar var ekki farið með þulur *eingöngu* fyrir börn, sbr. eftirfarandi handritadæmi sem eru svar við spurningunni „Hvers vegna var farið með þulur?“ (sem sjaldan er orðuð svo almennt í hljóðritum):

- „Börnum til gamans og gömlum til hugarhægðar“ (ÞÞ 7329, 5r).
- „Það var farið með þulurnar svona til að dreifa huganum, bæði barna og fullorðinna“ (ÞÞ 7187, 51r)
- „Ég held að [...] *gamla fólkið*, hafi raulað þetta, sér til dægurstyttingar“ (ÞÞ 6464, 11r; greinarmerkjasetning handritanna en leturbreyting mín – YSH).

Í handritum kemur enn fremur fram að sumt fólk lærði þulur á fullorðinsaldri (ÞÞ 6408, 12r; ÞÞ 6565, 3r); sumir heimildarmenn á hljóðupptökum geta þess líka að hafa lært (tilteknar) þulur á fullorðinsárum (sbr. SÁM 85/168 EF, 20128).

Af framansögðu má álykta að þulur hafi verið almenn afþreying, ekki sérstaklega ætluð börnum – a.m.k. ekki fram á 20. öld, sbr. kafla 3 um samhengi þulna – þótt þulur hafi einkum verið fluttar handa börnum og hafi gegnt vissu hlutverki í barnaupveldi (Yelena Sesselja Helgadóttir 2020:265–269). Um það eru heimildar- menn í handritum og hljóðritum sammála.

Athyglisvert er einnig að í huga heimildarmanna á 19. öld tengdust þulur eldra fólki fremur en börnum; rætt var um „þulur skrifaðar upp eftir gömlum manni“ (Lbs 587 4to III, 9r–9v) og „kveðskap af munnum gamalla kvenna“ (bréf Jóns Þórðarsonar í AM 970 IV 4to, [fylgigögn, 1r]). Börn eru mun sjaldnar nefnd til sögunnar í tengslum við þulur hjá 19. aldar heimildarmönnum (að Jóni Árnasyni frátöldum). Líklega skýrist það þó af því að heimildarmennirnir hafi hugsað fyrst og fremst um flytjendur þulutexta en síður um áheyrendur. Hinu má velta fyrir sér *hversu* gamlir flytjendur þulna voru. Jón Eyjólfsson tilgreinir aldur heimildarmanna sinna og í ljós kemur að meðalaldur heimildarmanna hans að þulum er undir fertugu.

Um stað og stund flutnings eru handrit og hljóðrit einnig að mestu sammála. Í hvoru tveggja kemur fram að þulur voru oft fluttar í baðstofu í rökkkrinu og oft var þrjónað eða önnur tóvinna höfð um hönd (SÁM 84/28 EF, 421; ÞÞ 6464, 15r; sjá fleiri dæmi hjá Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:257–259).¹² En kvöldið og rökkrið er þó ekki einkennandi tími þuluf lutnings. Annars vegar voru margar aðrar munnenntageirnar einnig fluttar á rökkursetum og kvöldvökum, þannig að þulur skera sig ekki úr að þessu leyti en hins vegar var líka farið með þulur á öðrum tímum dags (sbr. t.d. ÞÞ 6412, [1r] (laust blað fremst) eða ÞÞ 6565, 14r).

Handritum og hljóðritum ber hins vegar ekki alveg saman þegar kemur að flutningsmáta þulna. Heimildarmenn sem svara (skriflega) „59. spurningaskrá“ nefna *raul* mun oftast í tengslum við þuluf lutning heldur en það að þulur séu *mæltar fram* en heimildarmenn í hljóðritum segja u.þ.b. jafnoft að þulur séu mæltar fram og að þær séu raulaðar. Þegar litið er á þuluf lutning í sjálfum hljóðritum kemur svo í ljós að þulur eru mun oftast mæltar fram en aðeins u.þ.b. þriðjungur þulna í *Ísmús* er raulaður/sunginn (Sigríður Pálmadóttir 2007).

Hugsanleg skýring á þessum mun á milli upplýsinga frá heimildarmönnum í handritum og hljóðritum er sú að í skriflegum svörum er oftast en ekki rætt um

¹² Þulur eru samt sem áður ekki vinnukvæði en aðeins eru heimildir um eina þulu sem hefur verið notuð sérstaklega við það að þæfa, *Bárður á Jökli* enda er hún stundum kölluð *þófarapula* (ÞÞ 6807, 24r; SÁM 85/264 EF, 2410–2411).

flutning í fortíð, sbr. spurningar í „59. spurningaskrá“ (1984:3r): „Hvernig var farið með þulur? Voru þær raulaðar og þá hverjar?“ Í hljóðritum er hins vegar oft ekki aðeins samtalið um gömlu hefðina heldur einnig lifandi flutningur – og stundum snýst samtalið einnig um hann, sbr. þessa spurningu: „Og þannig *raular* þú þetta við börn?“ (SÁM 85/349 EF, 21315). Með öðrum orðum sjáum við þuluhefðina á mismunandi tímum í þessum tveimur tegundum af heimildum: í handritum, eins og hefðin var í barnæsku heimildarmanns – en í hljóðritum, bæði eins og hefðin var á æskuárunum og þegar hljóðupptakan var gerð. Af þessu má álykta að ekki sé ólíklegt að þulur hafi verið raulaðar meira áður fyrr – og það endurspeglar í handritum – en að þuluflutningur hafi einfaldast með dvínandi munnlegri þuluhefð.

Munurinn á upplýsingum frá heimildarmönnum í hljóðritum um það hversu oft þulur hafi verið raulaðar (u.þ.b. helmingur nefnir það) og því hversu oft þulur eru í raun raulaðar í hljóðritunum (aðeins í u.þ.b. þriðjungi tilfella) getur fyrir sitt leyti bæði skýrst af því að heimildarmenn í hljóðritum ræða ekki aðeins flutning á líðandi stundu heldur einnig í barnæsku sinni (sem rímar við þá tilgátu að þulur hafi verið meira raulaðar áður fyrr) og af því að sumir heimildarmenn treysta sér ekki til að raula þulur á upptökum, t.d. vegna þess að þeim finnst röddin í sér ryðguð á gamals aldri (sbr. SÁM 85/139 EF, 19683).

Mismunandi aðstæður við skriflega og munnlega söfnun ráða væntanlega líka því að heimildarmenn handrita eru heldur afdráttarlausari í dómum sínum um þuluflutning, t.d.: „Þulur voru aldrei raulaðar“ (ÞÞ 6594, 1r). Á hljóðupptökum er oftast rætt að ákveðnir textar séu raulaðir (SÁM 84/92 EF, nr. 1411, um kúapulu) en aðrir þvert á móti ekki (SÁM 85/166 EF, nr. 20098, um *Hér læt ég skurka*). Þó kemur fyrir að aðrir heimildarmenn raula eða syngja texta úr sama þuluflokki sem ekkert lag ætti að vera við skv. hinum, t.d. *Stígum nú stórum* (SÁM 85/168 EF, 20132; sami flokkur og *Hér læt ég skurka*; sjá Yelenu Sesselju Helgadóttur 2020:375–376).

7. Niðurstöður

Fram er komið að upplýsingar, sem fylgja þulutextum í handritum og hljóðritum, eru oft nokkuð ólíkar. Það stafar af eðlislægum mun á þessum tveimur tegundum heimilda annars vegar en hins vegar af mismunandi aðstæðum og tilhögun þjóðkvæðasöfnunar, t.d. tilmælum og spurningum sem safnendur beina að heimildarmönnum og jafnframt af því að mismunandi upplýsingar eru tilgreindar við heimildaskráningu. Þessar heimildategundir, handrit og hljóðrit, bæta því oft hvor aðra; samspil þeirra á ríkan þátt í því að breyta mynd okkar af þulum og þuluflutningi úr tvívídd í þrívídd. Til að mynda gefur mismunandi umfjöllun heimildarmanna um flutningsmáta þulna í handritum og hljóðritum innsýn í flutningshefðina bæði í tiltölulega fjarlægri fortíð (í æsku heimildarmanna – þegar þulur voru hugsanlega meira raulaðar) og nýlegri fortíð þar sem þulur eru oftast mæltar fram. Athugun á nánasta samhengi þulna í handritum og hljóðritum með hliðsjón af kyni heimildarmanns sýnir mismunandi skilning á þulum og afstöðu karlkyns og kvenkyns flytjenda til þulna á 20. öld; karlar sem skrifa þulur upp – og konur, þó einkum þær sem flytja þulur á hljóðupptökum – setja þulur á bás með lengri kvæðum og kveðskap handa börnum en karlar sem flytja þulur á hljóðupptökum virðast setja þulur nær lengri frásögnum í óbundnu máli.

Á nokkrum öðrum sviðum eru niðurstöður úr athugun á handritum og hljóðritum samhljóða eða mjög sambærilegar. Meðal þeirra er athugun á kyni og aldri flytjenda og áheyrenda þuluflutnings. Hún sýnir að flestir þuluflytjendur eru konur en karlmenn hafa þó alltaf verið allnokkur hluti flytjenda (um fimmtungur til helmings) – og í færeyskum *skjaldrum* virðast þeir vera meirihlutinn. Áheyrendur eru ekki aðeins börn, heldur einnig fullorðnir, þótt þulur gegni vissu hlutverki við barnauppleidi. Á 20. öld virðast börn vera helsti markhópurinn við þuluflutning en um fyrri tíð er erfitt að dæma; af rituðum heimildum má þó álykta að á 19. öld hafi

Á BÓK OG BANDI

heimildarmenn fremur skipað þulum í hóp með lengri frásagnarkvæðum en barnagælum. Þetta rennir stoðum undir þá almennu ályktun mína að tengsl við konur eða börn séu ekki sérkenni þulna síðari alda umfram aðrar greinar þjóðkvæða (Yelena Sesselja Helgadóttir 2020:250–269, 276–277).

Athugun á því efni sem nú er aðgengilegt í *Talgilda bandasavninum* sýnir að bæði samsetning heimildarmanna að *skjaldrum* og staða, sem *skjaldur* taka sér meðal annars efnis í færeyskum hljóðritum, er nokkuð frábrugðin því sem sjá má í íslenskum hljóðritum. *Talgilda bandasavnið* opnar því nýja möguleika til samanburðarannsókna – einkum þegar skráningu í safnið er lokið.

HEIMILDIR

HANDRIT

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík
Lbs 587 4to, Lbs 414 8vo, Lbs 420 8vo, Lbs 424 8vo.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík
AM 970 IV 4to, AM 148 8vo
Jón Samsonarson. [Óbirt rannsóknargögn á skjalasafni stofnunarinnar].

Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, Reykjavík
59. spurningaskrá: Þulur og gátur. (1984).
ÞÞ 6408, ÞÞ 6412, ÞÞ 6451, ÞÞ 6464, ÞÞ 6542, ÞÞ 6556, ÞÞ 6565, ÞÞ 6594, ÞÞ 6807, ÞÞ 6905, ÞÞ 7187, ÞÞ 7329

HLJÓÐRIT

Þjóðfræðisafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík
SÁM 84/28 EF, SÁM 84/92 EF, SÁM 85/122 EF, SÁM 85/123 EF, SÁM 85/124 EF, SÁM 85/139 EF, SÁM 85/146 EF, SÁM 85/166 EF, SÁM 85/168 EF, SÁM 85/189 EF, SÁM 85/264 EF, SÁM 85/349 EF

VEFGAGNAGRUNNAR OG GAGNASÖFN

Handrit.is. <https://handrit.is>

Ísmús: Íslenskur músík- og menningararfur. <https://ismus.is>

Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn. <https://sarpur.is>

Talgilda bandasavnið. <https://bandasavn.setur.fo>

FRÆÐIRIT OG AÐRAR HEIMILDIR

Boðsbréf til Íslendinga um fornrita-skýrslur og fornsögur. ([1846]). *Antiquarísk Tidsskrift*, 1843–1845, i–viii.

G. F. [Guðmundur Finnbogason]. (1914). Ólöf Sigurðardóttir: Nokkur smákvæði. Akureyri 1913. Bókaverzlun og prentsmiðja Odds Björnssonar [ritfregn]. *Skírnir*, 88(1), 99–102.

- Ingibjörg Eyþórsdóttir. (2018). „Reif hann hennar stakkinn, reif hann hennar serk“: Nokkur orð um konur og kynbundið ofbeldi í íslenskum sagnadönsum. *Ritið*, 18(3), 45–65.
- Jón Árnason. (1861). Hugvekja um alþýðleg fornfræði. *Íslendingur*, 2, 91–93.
- [Jón Árnason] (J. J. Borgfirðingur).¹³ (1859). Hugvekja um alþýðlega fornfræði. *Norðri*, 7, 56.
- Jón Samsonarson. (1983). Þula. Í Jakob Benediktsson (ritstj.), *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (bls. 310–312). Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning.
- Sigríður Pálmadóttir. (2007). Tónlist í munnlegri geymd: Rannsókn á stemmum og þululögum frá Ytra-Fjalli í Aðaldal. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2007/>
- Stephens, George. ([1845]). Forslag til Islændernes uudgivne Folkesagns og Sanges Optegnelse og Bevaring. *Antiquarisk Tidsskrift, 1843–1845*, 191–192. <http://runeberg.org/antiqdk/18431845/0205.html>
- Theodóra Thoroddsen. (1914). Þulur. *Skírnir*, 88(4), 415–420.
- Yelena Sesselja Helgadóttir. (2020). *Íslenskar þulur síðari alda*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/1939>
- Ögmundur Helgason. (1989). Þulur. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.), *Íslensk þjóðmenning* (bindi 6: Munnmenntir og bókmenning, bls. 401–409). Þjóðsaga.

ABSTRACT

Nominalization is also optional in this case, as it was for nominative subjects in first position and nominative and accusative objects.

4.4 Indirect objects

Clausal indirect objects are quite rare and more difficult to construct. As one could expect, it was impossible to find any naturalistic data in RMH. However, I still had the chance of testing the acceptability of clausal nominalization in questionnaires. I opted for two verbs in this case: *veita* (‘provide’) for dative case and *svipta* (‘deprive’) for accusative case. In order to construct the examples presented in (23), I asked some native speakers (who are also students in linguistics) for assistance.

They suggested that extraposing the clause while leaving the pronoun *in situ* could appear more acceptable to speakers. Therefore, only in this case, in order to avoid that neither variant was considered acceptable, I applied extraposition to the sentences in (23). The results are partially satisfying, as shown in the following table:

(23)	Sentence (clausal indirect objects)	-það	+það
	<i>Jón veitti (því) enga athygli að Sara væri að gráta</i> 'Jón paid no attention to the fact that Sara was crying'	1.86	6.33
	<i>Vopnahléið svipti (það) öllum hetjuljóma að hermenn fórnúðu lífi sínu</i> 'The armistice deprived the fact that the soldiers sacrificed their life of all its heroism'	2.10	2.57

The data on dative case indicate that *það* is mandatory, but the ones on *svipta* did not return significant results, which led me to investigate the matter further. Just to be sure, I tested the same sentence once more, but without extraposition. The results were problematic as well:

(24)	Sentence (clausal indirect objects)	-það	+það
	<i>Vopnahléið svipti (það) að hermenn fórnúðu lífi sínu öllum hetjuljóma</i> 'The armistice deprived the fact that the soldiers sacrificed their life of all its heroism'	1.09	1.42

Therefore, I resorted to some oral interviews with native speakers. In the interviews, all the speakers involved ($n = 17$) mostly considered the nominalized variant grammatical in the case of *svipta*, although, unexpectedly, they often reported that the non-extraposed nominalized variant was the best one. All this contrasts with the results here above and also indicates that participants to online questionnaires found difficult to parse the sentence with *svipta* while reading it (which is understandable since these constructions are rare). Be that as it may, the data from interviews tell us that *það* is mandatory independently from the case that is assigned. This is quite suspicious, especially because this is the first instance where we see that *það* is also mandatory with accusative case assignment. How can we explain this? Some interesting facts from passive constructions can help us to answer this question. There is an important contrast between accusative and dative case. If the indirect object is passivized, the pronoun remains obligatory with dative case, but not accusative (see Garofalo 2020; the judgments in (25) are based on the oral interviews as well):

- (25) a. [**(Því) að Sara væri að gráta*] var engin athygli veitt
that.DAT that Sara was to cry was no.NOM attention.NOM paid
'No attention was paid to the fact that Sara was crying'
- b. [*(Það) að hermenn fórnúðu lífi sínu var svipt öllum hetjuljóma*]
that.NOM that soldiers sacrificed life their was deprived all heroism.DAT
'The fact that the soldiers sacrificed their life was deprived of all heroism'

In other words, we are observing in accusative clausal indirect objects the same issue we observed with clausal subjects before and after the finite verb. Pronominal optionality in first position when the indirect object is passivized and moved to Spec,C suggests that obligatoriness *in situ* is not due to case assignment, but rather

to another property common to subjects and indirect objects. We are going to discuss this in the next section.

5. Discussion

On the basis of the empirical data, we can find some consistent patterns. First and foremost, the distribution of clausal nominalization is mainly built (but not exclusively) upon case assignment. Whenever lexical case is assigned, the pronoun is generally mandatory. The same cannot be said of structural case, where the pronoun is optional, but it is still best to opt for a bare clausal argument. This suggests that, while lexical case corresponds to formal features to check in syntax, structural case might not correspond to any formal feature at all. This resonates to much extent with the so-called *Dependent Case Theory* (see e.g. Wood 2011; also Marantz 2000), where accusative and nominative are actually the morphological representation respectively of dependent case (which is based on relations between DPs that have not been assigned lexical case) and unmarked case.

The data from nominal predicates corroborate this view since non-default features in gender and number are correlated to a higher frequency of *það* in naturalistic data. In other words, whenever a clausal argument needs to have a non-default feature checked, whether in relation to case, gender or number, nominalization tends to be the most preferable option, if not the only one available (as in lexical case).

In relation to subjects and clausal indirect objects, a possible explanation of pronominal obligatoriness lies in D-features. By standard assumptions in Minimalist Theory (see Chomsky 1993 and much subsequent work), the D-feature in T can only be checked by the DP that lands in subject position. If we consider the facts from Icelandic we observed so far on subjects and indirect objects and their interesting similarities, it is plausible that Spec,T and Spec,Appl (if we follow the *Applicative Head Approach* in Pylkkänen (2000)) are two positions where a DP is required as only this category can check D-features (which also entails that Appl should have a D-feature as well). If a clausal argument can escape those positions and reach the position before the finite verb, it can still surface as a bare CP if no case feature has to be checked (see (25)).

As for the optionality issue, the most plausible explanation at this point is that, since accusative and nominative case, which are generally associated to pronominal optionality, do not correspond to any feature to check, nominalization must be systematically allowed by virtue of the fact that the clausal argument is in a DP position. In other words, the underlying condition that restricts nominalization in non-DP positions is the same one that opens the way for nominalization to surface in DP positions. However, since there are no formal case features to check, it is still best to drop the pronoun, most probably because it is less costly from a structural perspective.

Lastly, from a cross-linguistic perspective, it is plausible that also clausal subjects in other languages like Modern Greek and Persian (see (2) and (3)) must be nominalized by virtue of D-feature checking and not by case assignment as proposed by Roussou (1991) or D-head visibility in subjects as in Knyazev (2016). The problem here is that these languages are not V2 languages like Icelandic and, therefore, it is not possible to see there a different distribution of nominalized and bare clausal arguments before and after the finite verb.

6. Conclusions

On the basis of the empirical data, the role of nominalizer *það* in Icelandic is checking formal case, gender and number features on behalf of the clausal argument. Only optionally, it is possible to nominalize the clause independently of feature checking, but this is plausibly due to the fact that merging in a DP position is an

underlying condition which allows clausal arguments to be systematically allowed to surface as DPs. Structural case, neuter and singular appear to not correspond to formal features to check, which leads the speaker to prefer a bare clausal argument since it is structurally less costly, while lexical case and non-default gender and number features (masculine, feminine and plural) correspond to formal features to check, which trigger clausal nominalization or make it more preferable (as in nominal predicates). Whenever a clausal argument surfaces or lands in a position which is linked to D-feature checking, nominalization is obligatory, independently of case, gender or number.

REFERENCES

- Borsley, Robert D. and Jaklin Kornfilt. (1999). Mixed extended projections. *Syntax and Semantics*, 32, 101–131. https://doi.org/10.1163/9781849500098_006
- Chomsky, Noam. (1993). A minimalist program for linguistic theory. In Kenneth Hale and Samuel Jay Keyser (Eds.), *The view from building 20* (pp. 1–52). MIT Press.
- Garofalo, Mirko. (2020). The case of Icelandic clausal arguments. *Working Papers in Scandinavian Syntax*, 104, 1–28.
- Hartman, Jeremy. (2012). *Varieties of clausal complementation*. PhD thesis, MIT. <http://hdl.handle.net/1721.1/77800>
- Ingason, Anton Karl. (2018). Icelandic case-marked CP. *Canadian Journal of Linguistics*, 63(3), 444–453. <https://doi.org/10.1017/cnj.2017.55>
- Kaltenböck, Gunther. (2003). On the syntactic and semantic status of anticipatory *it*. *English Language & Linguistics*, 7(2), 235–255. <https://doi.org/10.1017/S1360674303001096>
- Kastner, Itamar. (2015). Factivity mirrors interpretation: The selectional requirements of presuppositional verbs. *Lingua*, 164, 156–188. <https://doi.org/10.1016/j.lingua.2015.06.004>
- Kiparsky, Paul and Carol Kiparsky. (1971). Fact. In Danny Steinberg and Leon Jacobovits (Eds.), *Semantics* (pp. 345–369). Cambridge University Press.
- Knyazev, Mikhail. (2016). *Licensing clausal complements: The case of Russian čto-clauses*. Doctoral dissertation, Utrecht University. https://www.lotpublications.nl/Documents/418_fulltext.pdf
- Kornfilt, Jaklin and John Whitman. (2011). Introduction: Nominalizations in syntactic theory. *Lingua*, 121(7), 1160–1163. <https://doi.org/10.1016/j.lingua.2011.01.006>
- Labov, William. (1966). The linguistic variable as a structural unit. *Washington Linguistics Review*, 3, 4–22.
- Landau, Idan. (2007). EPP extensions. *Linguistic Inquiry*, 38(3), 485–523. <https://doi.org/10.1162/ling.2007.38.3.485>
- Marantz, Alec. (2000). Case and licensing. In Eric J. Reuland (Ed.), *Arguments and case: Explaining Burzio's Generalization* (pp. 11–29). John Benjamins.
- Pimentel, Jonald L. (2019). Some biases in Likert scaling usage and its correction. *International Journal of Science: Basic and Applied Research (IJSBAR)*, 45(1), 183–191.
- Pylkkänen, Liina. (2000). What applicative heads apply to. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics*, 7(1), 197–210.
- Rosenbaum, Peter Steven. (1967). *The grammar of English predicate complement structures*. MIT Press. <https://dspace.mit.edu/bitstream/handle/1721.1/16391/03190468-MIT.pdf>

- Roussou, Anna. (1991). Nominalized clauses in the syntax of Modern Greek. *UCL Working Papers in Linguistics*, 3, 77–100.
- Ruys, Eddy G. (2010). Expletive selection and CP arguments in Dutch. *The Journal of Comparative Germanic Linguistics*, 13(2), 141–178. <https://doi.org/10.1007/s10828-010-9037-5>
- Steingrímsson, Steinþór. (2019). Risamálheildin. *Orð og tunga*, 21, 159–168. <https://doi.org/10.33112/ordogtunga.21.9>
- Stowell, Timothy Angus. (1981). *Origins of phrase structure*. Doctoral dissertation, MIT. <http://dspace.mit.edu/handle/1721.1/15626>
- Sudhoff, Stefan. (2016). Correlates of object clauses in German and Dutch. In Werner Frey, André Meinunger and Kerstin Schwabe (Eds.), *Inner-sentential propositional proforms: Syntactic properties and interpretative effects* (pp. 23–48). John Benjamins Publishing.
- Thráinsson, Höskuldur. (1979). *On complementation in Icelandic*. Garland.
- Thráinsson, Höskuldur, Ásgrímur Angantýsson and Einar Freyr Sigurðsson (Eds.). (2013). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð: Markmið, aðferðir og efniviður*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Wood, Jim. (2011). Icelandic let-causatives and case. *Working Papers in Scandinavian Syntax*, 87, 1–52.
- Wood, Jim. (2012). Against the movement theory of control: Another argument from Icelandic. *Linguistic Inquiry*, 43(1), 322–330. <https://www.jstor.org/stable/pdf/23256616.pdf>

ÚTDRÁTTUR

‘The role and distribution of nominalized clauses: A view from Icelandic’

Keywords: Icelandic syntax, nominalizers, complement clauses, case marking, determiner phrases

Nafnyrtar fallsetningar eru algengt fyrirbæri þvert á tungumál þar sem ákveðniorð eða persónufornafn kemur fremst í fallsetningu. Í íslensku má sjá flókna dreifingu nafnyrtra og ónafnyrtra fallsetninga þar sem fornafnið getur verið skyldubundið, valfrjálst eða ótækt. Tilraunagögn segja okkur að nafnyrðing eigi sér stað ef fallsetning þarf að gáta fall-, kyn- eða tölupætti eða jafnvel ákveðniþátt. Ákveðniþættir og orðasafnsfall valda skyldubundinni nafnyrðingu (sem í óbeinum andlögum og í frumlagssæti á eftir persónubeygðu sögninni), og nafnyrðing verður æskileg ef fallsetningin þarf að gáta kyn- eða tölupætti (eins og í sagnfyllingum). Valfrælsi í notkun fornafnsins má sjá í frumlagssetningum í nefnifalli og andlagssetningum í nefnifalli og þolfalli og það stafar af því að fallsetningin kemur fram í ákveðnilíðarstöðu þótt best sé að sleppa setningaforafninu í þessum tilfellum. Þetta bendir til þess að setningaforafn sé ótækt í stöðum þar sem ákveðnilíður getur aldrei komið fram. Mynstrið sem kemur í ljós sýnir að nefnifall, þolfall, hvorugkyn og eintala eru ekki formlegir fallþættir (en það útskýrir af hverju forafninu er sleppt), ólíkt orðasafnsfalli eða mörkuðum kyn- og tölupáttum.

Mirko Garofalo
Háskóla Íslands
mig@hi.is

Málbeiting og sambýli við ensku: Eigindleg rannsókn á *what* og *ha* í tölvuleikjum íslenskra grunnskóladrengja

1. Inngangur

Undanfarna áratugi hafa áhrif enskrar dægurmenningar á hversdagslegt talmál farið ört vaxandi og eru breytingarnar ekki síst áberandi í samtölum ungs fólks. Í norrænum samanburðarrannsóknum um áhrif ensku á orðaforða hefur kastljósinu einkum verið beint að innihaldsorðum, þ.e. nafnorðum, lýsingarorðum og sagnorðum (sjá t.d. Selback og Sandøy 2007 og Ástu Svavarsdóttur og Veturliða Óskarsson 2009), og aðlögun þeirra að viðtökumálinu (Sandøy 2003, Jarvad og Sandøy 2007, Guðrún Kvaran og Ásta Svavardóttir 2002 og Guðrún Kvaran 2004). Á síðastliðnum árum hefur sjónum þó í auknum mæli verið beint að áhrifum enskrar tungu á málbeitingu, þ.e. notkun orða og orðasambanda sem hafa þann tilgang að sýna viðhorf mælenda og liðka fyrir samskiptum fremur en að miðla staðreyndum og upplýsingum sem vísa út fyrir samtalið (sjá Andersen 2014, Peterson 2017 og Peterson og Vaattovaara 2014). Slík áhrif birtast í notkun orða og orðasambanda á borð við *jess, oh my god, what the fuck* og *sorrí* sem kalla má málbeitingarmerki (e. *pragmatic marker*). Til að aðgreina málbeitingarmerki sem hafa komið inn í málið úr ensku á síðustu áratugum frá öðrum orðum með lengri sögu (t.d. *jæja* eða *guð minn almáttugur*) hefur um fyrrnefnda flokkinn verið notað hugtakið pragmatísk aðkomuorð (e. *pragmatic borrowing*).¹

Andersen (2014:18), sem rannsakað hefur áhrif ensku á norsku, skiptir pragmatískum áhrifum frá öðrum málum í þrjú flokka: 1) aðkomuorð (t.d. *what, jess, sjitt* og *sorrí* í íslensku), 2) tökuþýðingar (t.d. no. *gaur* sem notað er sem ávarp, sbr. *dude* í ensku) og 3) líkamstjáningu og hljómfali sem koma inn í málið vegna framandi áhrifa (t.d. rísandi tónn þar sem mætti eiga von á fallandi tóni eða „að gefa einhverjum fingurinn“). Aðkomuorð hafa verið notuð lengi í íslensku og mörg hver öðlast fastan sess í málinu. Sem dæmi má benda á upphrópanir á borð við *vá* og *ókei* sem hafa verið mjög mikið notaðar í hversdagslegum samtölum og koma fyrir í *Íslenskri orðabók* (2004) og *Íslenskri nútímamálsorðabók*. Önnur orð eru nýleg og takmarkast að miklu leyti við ákveðna hópa samfélagsins, eins og t.d. *jó* sem notað er sem kveðja meðal ungs fólks. Onysko (2007) hefur bent á að líta beri á þennan mun sem stigsmun fremur en eðlismun og að orðin raði sér á ás þar sem á öðrum endanum má finna tilfallandi málvíxl en almennan orðaforða á hinum. Segja má að orð eins og *what* og *jó* í íslensku sé þarna mitt á milli og ekki er ólíklegt að þau muni á næstu árum annaðhvort hverfa úr íslensku eða breiðast út og verða hluti af almennu máli og öðlast fastan sess í íslenskum orðabókum.

Í greininni er fjallað um á notkun pragmatískra aðkomuorða í samtölum þriggja unglingsdrengja af höfuðborgarsvæðinu. Annars vegar verður fjallað um tíðni og dreifingu þessara orða í samtölum og hins vegar verður litið nánar á notkun drengjanna á orðunum *what* og *ha*. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi: 1)

¹ Hér er hugtakið **aðkomuorð** notað yfir orð sem fengin eru úr öðrum málum eftir 1950, burtséð frá því hvort þau hafi aðlagast íslensku málkerfi eða teljist tilheyra íslenskum orðaforða. Orð sem öðlast hafa íslenskan rithátt eru skrifuð í samræmi við það. Því skal ekki líta á rithátt sem vísbendingu um hljóðfræðilega aðlögun orðanna enda er hér um ræða rannsókn á töluðu máli.

Hvaða orð og orðasambönd koma fyrir í efniviðinum og hvernig dreifast þau á notkunarsvið? 2) Hvernig nota drengirnir *what* og *ha*, og hvaða ályktanir má draga af því um notkun pragmatískra aðkomuorða í íslensku almennt? Til að svara seinni spurningunni er stuðst við aðferðafræði samskiptamálfraðinnar (sjá t.d. Sidnell 2010 og Thompson o.fl. 2015).

2. Efniviður

Efniviður rannsóknarinnar samanstendur af fjórum hljóðrituðum samtölum sem samtals eru um fjórar klukkustundir og tólf mínútur að lengd (sjá einnig Helgu Hilmisdóttur 2021a). Þátttakendur eru þrír fimmtán ára drengir sem eru að spila leiki í Playstation-leikjätölvu, tveir og tveir í senn. Þeir er staddir heima hjá sér og deila því ekki sama rými í raunheimum. Drengirnir eiga þó í munnlegum samskiptum í gegnum hljóðrás og taka þátt í sama sýndarheimi þar sem þeir leysa þrautir saman og takast á við andstæðinga. Einn drengjanna, sem hér gengur undir nafninu Bogi, er með í öllum samtölunum. Hann sá um að taka upp bæði hljóð og skjámynd. Öllum nöfnum hefur verið breytt til að gæta persónuverndarsjónarmiða og upptökurnar fóru fram með leyfi þátttakenda og forráðamanna.

Leikirnir sem drengirnir spila eru annars vegar hasarleikurinn *Grand Theft Auto*, sem snýst um að vinna sér inn stig með því að fremja glæpi og leysa ýmsar þrautir sem þeim tengjast, og hins vegar fótboltaleikurinn *FIFA*, þar sem þátttakendur selja og kaupa leikmenn sem keppa svo á móti öðrum liðum. Báðir leikirnir eru þekktir og mjög vinsælir á Íslandi og um hinn vestræna heim. Allt umhverfi leikjanna er á ensku, bæði upplýsingar sem birtast sem texti á skjá og stöðluð ávörp sýndarmenna sem eru hluti hljóðheimsins sem drengirnir upplifa. Í glæpaheimi *Grand Theft Auto* er t.d. algengt að heyra stuttar upphrópanir frá saklausum vegfarendum sem verða á vegi glæpamannanna (t.d. *oh fuck, what the hell is going on*) en þegar sýndarmenni drengjanna í leiknum fara inn í fataverslanir eða hárgreiðslustofur heyra þeir staðlaðar setningar á borð við *how can I help you* eða *please don't shoot me!* Í *FIFA* heyra spilarar hins vegar leiklýsingu á ensku og gleðihróp þegar liðin skora. Samskipti drengjanna fara fram á íslensku.

Tafla 1 sýnir fjölda lesmálsorða og tíðni pragmatískra aðkomuorða í efniviðnum. Ekki er gerður greinarmunur á almennum orðaforða sem finna má í orðabókum og orðum sem takmarkast að miklu leyti við óformlegt hópamál unglinga. Þó er sjónum aðeins beint að beinum aðkomuorðum, þ.e.a.s. tókupýðingar eru ekki taldar með.

Leikur	Tími	Heildarfjöldi lesmálsorða	Pragmatísk aðkomuorð
<i>Grand Theft Auto</i>	2.12	16.934	574 (3,4%)
<i>FIFA</i>	2.00	10.346	321 (3,1%)
Samtals	4.12	27.280	895 (3,3%)

Tafla 1: Upplýsingar um fjölda lesmálsorða og pragmatískra aðkomuorða.

Eins og sjá má á *Töflu 1* eru töliverður munur á fjölda lesmálsorða á milli tölvuleikja. Munurinn skýrist ef til vill fyrst og fremst af því að *Grand Theft Auto* er hraðari leikur sem snýst að miklu leyti um skotbardaga og eltingaleiki á hraðskreiðum bílum sem krefst samhæfingar. Í *FIFA* fer hins vegar töliverður tími í að setja saman lið og inn á milli koma langar þagnir. Einnig er hlutfall pragmatískra aðkomuorða aðeins hærra í *Grand Theft Auto*, 3,4% á móti 2,7% í *FIFA*.

Hlutfallið virðist ef til vill ekki hátt en hér ber að hafa í huga að fyrri rannsóknir á tíðni nýlegra aðkomuorða í íslenskum dagblaðatextum hafa bent til þess að hlutfall þeirra sé rétt undir 0,17% (sjá Selbeck og Sandøy 2007:26). Langstærsti hluti þessara orða eru nafnorð (88,4%), lýsingarorð (7,2%) og sagnorð (3,6%) (Selbeck og Sandøy

MÁLBEITING OG SAMBÝLI VIÐ ENSKU

2007:140). Í óformlegu máli er tíðni aðkomuorða aðeins hærri, eins og Ásta Svavarsdóttir (2004:172) hefur sýnt í rannsóknnum á dagbókarfærslum (0,8%) og í gagnagrunninum ÍSTAL sem er safn hversdagslegra samræðna (0,5%).

3. Tíðni pragmatískra aðkomuorða í efniviðnum

En hvaða pragmatísku aðkomuorð koma fyrir í samtölum drengjanna og hvernig dreifast þau á notkunarsvið? *Tafla 2* sýnir yfirlit yfir öll tilvik sem koma fyrir í efniviðnum. Athugið að *jó* kemur fyrir í tveimur flokkum.

Notkunarflokkur	Pragmatísk aðkomuorð	GTA	FIFA	Samtals
kurteisisfrasar	sorrí (21), plís (12)	22	11	33
kveðjur og ávörp	jó (3), dickhead(s) (5), bro (4), dumbass (4), faggots (4), bitch (4), boys (4), dick (3)	28	3	31
blótsyrði	fokking (113), (oh) sjitt (67), fokk (it) (59), damn (it) (19), oh my/oh my god ² (7), holy (shit) (5), fökk (3), fokkast/ fokka upp (3), what the fuck (3), gee (4) hvað/hvernig í fokkanum (2)	188	97	285
hvatningarorð	let's go (13), come on (4)	2	15	17
viðbragðsagnir (e. <i>response particles</i>)	ey (45), (oh) yeah (36), (oh) what (31), jó (21), vá (12), jess (12), vó (10)	100	67	167
orðræðumerki	ókei (242), án djóks (40), alright/ægt (17), fact(s) (10), no joke (6), no offence (4), of course (4), no shit (2), believe me (1)	239	87	326
Samtals		579	278	857

Tafla 2: Yfirlit yfir pragmatísk aðkomuorð í efniviðnum.

Eins og sjá má á *Töflu 2* dreifast aðkomuorðin á sex flokka: 1) kurteisisfrasa, 2) ávörp 3) blótsyrði, 4) hvatningsorð, 5) viðbragðsagnir og 6) orðræðumerki. Ef orðin í töflunni eru skoðuð nánar kemur í ljós að þau eru misvel þekkt meðal málhafa. Þar má bæði sjá orð sem hafa verið lengi í málinu og hafa verið tekin inn í orðabækur, eins og t.d. *ókei*, *vá* og *hæ* (*Íslensk orðabók 2004*, *Íslensk nútímamálsorðabók*) og orð sem einskorðast helst við hópamál unglunga, eins og t.d. *fact(s)*. Síðarnefnda orðið er þó vel þekkt endurgjöf í amerísku slangri þegar mælandi er sammála því sem kemur fram í síðustu lotu viðmælanda, eins og lesa má um í *Urban Dictionary*.³ Einnig eru orðin misvel aðlöguð að íslensku málkerfi. Sem dæmi má nefna að blótsyrðið *fuck* er í 59 tilvikum borið fram *fokk* [föhk], eins og lengi hefur tíðkast í íslensku slangri, en í 3 sem *fökk* [föhk], sem líkist amerískum framburði orðsins (sjá umræðu hjá Veturliða Óskarssyni 2023). Sum aðkomuorð eru föst orðasambönd tekin beint úr ensku, eins og *of course* og *oh my god*, en önnur eru eins konar blendingar þar sem enskt orð er felld inn í íslenskt samhengi. Þar má nefna blótsyrði

² Að leggja nafn Drottins við hégóma var bannað samkvæmt boðorðum kristinna manna og því teljast upphrópanir sem þessar til blótsyrða (sjá Fjeld 2021:12–15).

³ *Urban Dictionary* er slangurorðabók sem unnin er með hópverkjun. Orðabókinni hefur ekki verið ritstýrt af sérfræðingum heldur byggist eingöngu á færslum notenda. Aðrir notendur geta svo merkt skýringar með þumli upp eða niður sem gefur vísbendingar um hversu þekkt eða útbreidd notkunin er.

á borð við *hvernig/hvað í fokkanum* sem er eins konar blanda af íslenska blótsyrðinu *hvernig/hvað í andskotanum* og enska *how/what the fuck*. Slík blöndun ólíkra kerfa er þekkt í öðrum málum (sjá Andersen 2022 um norsku).

Við skulum nú líta nánar að notkun aðkomuorðsins *what* í samtölum drengjanna og bera saman við íslenska orðið *ha* (sbr. *Íslenska orðabók* 2004). Síðarnefnda orðið hefur ásamt *hvað* verið skilgreint sem jafnheiti *what* í ensk-íslenskum orðabókum, t.d. *Ensk-íslenskri orðabók með alfræðilegu ívafi* 1984. Samkvæmt þeirri bók er enska upphrópuninni *what* notuð „sem spurning eða til að lýsa undrun“.

4. Notkun *what* í efniviðnum

Notkun *what* í íslensku er ekki alveg ný af nálinni og ekki einvörðungu bundin við óformlegt mál unglinga. Ýmislegt bendir þó til þess að notkun málbeitingarmerkisins hafi færst í vöxt á undanförunum áratug. Í tengslum við rannsókn á lagfæringum í íslenskum samtölum hefur Rósa Gísladóttir (Rosa S. Gísladóttir 2015:322) lýst *what* í íslenskum samtölum sem merki sem komi fyrir þar sem mælandi sýni undrun.

Við skulum líta nánar á dæmi úr tölvuleikjasamtölum drengjanna. Í eftirfarandi broti eru Bogi og Valdi að spila fótboltaleik. Þegar brotið hefst er andstæðingurinn að sækja fram völlinn eins og heyra má leiklýsanda segja frá (lína 1). Skráningarlykill er í viðauka.

(1) Rangur eða ekki?: IU_Fifa

(B = Bogi, V = Valdi, C = tölvurödd)

```

01 C   oh stylish ba:ll (.) what can they do n[ow↓]
02 V                                       [ran]gur↓
03 C   played into the center↑
04     (0,5)((boltinn fer út af))
05 C   he [comes to the xx           ] at the end↑
06 V   [> .h hann er ekki rangur<]
→ 07 V   /wha::t→
08     (0,8)((boltinn úti))
09 B   hvernig↓
10     (1,5)((andstæðingur fær aukakast))
11 V   hvernig í fokkanum ((bolti aftur inn á))

```

Andstæðingurinn sparkar boltanum fram völlinn að marki Boga og Valda. Valdi telur að hitt liðið hafi brotið á sér með því að gefa boltann á rangstæðan mann (lína 2). Hann ber orðið *rangur* fram á rólegan hátt, með fallandi lokatóni og án þess að hækka róminn. Hér virðist Valdi því líta svo á að þetta sé augljós staðreynd sem dómari í leiknum muni bregðast við. Andstæðingarnir halda þó áfram eins og ekkert hafi í skorist, eins og fram kemur í leiklýsingu (lína 3 og 5). Boltinn lendir á leikmanni í liði strákanna og svo út af þannig að andstæðingarnir fá aukaspyrnu. Hér hefur því atburðarásin farið á annan veg en Valdi bjóst við. Hann bregst við þessu með því að benda Boga á að leikmaðurinn hafi ekki verið dæmdur rangstæður (lína 6). Hann notar svo *wha::t* í háum tóni og með löngum sérhljóða (lína 7). Bogi bregst við með spurnarfornafni, *hvernig*, sem sýnir að aukaspyrna andstæðinganna komi líka Boga á óvart (lína 9). Að lokum kasta andstæðingarnir boltanum inn á völlinn og rununni er lokað með blótsyrði Valda, *hvernig í fokkanum*, sem sýnir enn á ný að hann er mjög ósáttur við að leikmaðurinn hafi ekki verið dæmdur rangstæður.

Með því að nota *what* vekur Valdi athygli á því að hér hafi eitthvað átt sér stað sem ekki er í samræmi við væntingar. Viðbrögðin beinast þó ekki að þeim sem hefur „brotið á“ liði Valda og Boga og tilgangurinn með því að nota *what* er því ekki sá að hafa áhrif á gang leiksins. Í þessu tilviki er *what* notað sem viðbragð við atviki sem

kemur á óvart. Þannig má segja að *what* sé viðbragð sem sýnir að mælandi hafi áttað sig að ný staða er komin upp, þ.e. hann hafi tekið við nýjum upplýsingum, og að þessi atburðarás sé ekki í samræmi við það sem hann hafði átt von á. Orðið *what* er því notað til að sýna viðhorf mælanda gagnvart nýjum upplýsingum.

Næst skulum við líta á dæmi þar sem *what* kemur fyrir í lagfæringu, þ.e. í runu þar sem þátttakendur leysa úr eins konar misskilningi eða ágreiningi um staðreyndir. Í dæmi (2) eru Svenni og Bogi að ræða þekktar Youtube-stjórnur sem hafa átt í opinberum útistöðum. Brotið hefst á því að Svenni færir Boga nýjar upplýsingar: KSI er hættur að koma til landsins (lína 1). Hann ber þó upplýsingarnar á borð eins og að þetta sé eitthvað sem Bogi eigi að vita, t.d. með því að nota orðasambandið *þú veist að* í upphafi lotu.

(2) *Ekkert beef lengur: IU_GTA*

(B = Bogi, S = Svenni)

```

01 S þú veist að Kei ess æ e- kemur ekki til Íslands
02 útaf því↑
03 B ha ne:::hh
04 (1,1)
05 S hann hatar Ísland↓
06 (0,4)
07 S >segir hann allavega[na<]
→ 08 B [nei]::: >þarna< hann er
→ 09 hættur þeir (0,7)@streightuðu things up@ eitthvað
10 (1,0)
→ 11 S what
12 S [hvenær ]
13 B [hann ge-] hann gerði ví:deó um það sko
14 (1,7)
15 S Kei [ess æ: ]
16 B [hann sagð-] hann sagðist (x x ) eitthva
17 ví:nir en þúst það er ekkert neitt beef lengur↓
18 (1,6)
19 B [svo honum] líkaði alveg ágætlega við hann
20 S [mhm ]

```

Í stað þess að svara spurningu Svenna strax játandi eða neitandi bregst Bogi við með því að nota *ha* (lína 3). Ögnin gefur til kynna að upp sé komið vandamál af einhverjum toga sem þurfi að vinna úr eða lagfæra. Þar á eftir notar hann *ne:::hh* (þ.e. dregur seiminn og notar einhljóða) sem Svenni túlkar sem höfnun fremur en svar. Með öðrum orðum telur Bogi það ekki vera rétt að KSI sé hættur að koma til Íslands. Hér er því komið upp misræmi í þekkingarstöðu drengjanna sem þarf að leysa úr. Svenni ítrekar þær upplýsingar sem hann hefur með því að benda á að KSI segist sjálfur hata Ísland (línur 5 og 7). Bogi lagfærir þá lotu Svenna, fyrst með neitun og svo með því að færa honum nýjar upplýsingar: mennirnir eru búnir að semja (línur 8–9). Eftir einnar sekúndu þögn (lína 10) kvittar Svenni fyrir þessar upplýsingar með *what*. Hann tekur svo aftur til orða og biður um frekari útskýringar, þ.e. hvenær óvinirnir hafi samið (lína 12). Jafnvægi kemst svo loks á þegar Svenni samþykkir útskýringar vinar síns með því að nota lágmarksviðbragðið *mhm*. Drengirnir eru nú báðir með sömu upplýsingar undir höndum og Svenni hefur meðtekið og samþykkt nýjustu upplýsingarnar sem hann skorti í upphafi rununnar.

Eins og í dæmi (1) er *what* í þessu tilviki notað sem viðbragð við upplýsingum sem eru nýjar og ekki í samræmi við væntingar mælanda. Að þessu sinni kallar viðbragð Svenna þó á frekari úrvinnslu, fyrst og fremst vegna þess að hann fylgir ögninni eftir með spurnarfornafninu *hvenær*. Ef til vill hefði *what* eitt og sér ekki leitt til þess að Bogi hefði útskýrt nánar gang mála, þ.e. að KSI hefði tekið upp

myndskeið og lýst því yfir að það væri engin óvild til staðar lengur. *what* kemur nefnilega oft fyrir í lok runa, sem eins konar endapunktur á umræðu (e. *topic closure*).

Slíkt tilvik má sjá í dæmi (3). Að þessu sinni kemur ögnin fyrir í þríliðaðri runu sem samanstendur af spurningu (A), svari (B) og viðbragði við svari (C). Í (3) eru Bogi og Svenni að spila Grand Theft Auto. Bogi leggur til við vin sinn að þeir taki þátt í fjársjóðsleik sem snýst um að finna kistu sem geymir óvæntan vinning. Hann biður um leyfi því strákarnir eru samherjar í leiknum og vinna saman að verkefnum.

(3) Fimmtú ká: IU_GTA

(B = Bogi, S = Svenni)

01 B gaur ég veit hvar treasure hunt er (.) má ég fara
 02 að ná íða↓
 03 (0,8)
 04 S jáhh
 05 (3,6)
 A → 06 S hva: fær maður mikið fyrir treasure↓
 07 (0,9)
 B → 08 B a- ör- það er örugglega alveg fimmtú ká
 09 örugglega sko
 10 (0,9)
 C → 11 S **wha::th→**
 12 B gaur (0,3) getur þú merkt á mappið

Svenni samþykkir tillögu Boga um að sækja fjársjóðinn (lína 4) en spyr svo hver verðlaunin eru (lína 6). Bogi er ekki með svarið á hreinu eins og sést vel á því hvernig svarið er orðað. Hann á erfitt með að hefja lotuna og notar orðið *örugglega* tvisvar sinnum. Ef Bogi hefði vitað upp á hárfæst fyrir að finna fjársjóðskistilinn hefði form segðarinnar að öllum líkindum verið einfaldara (sbr. Sidnell 2010:78–79). Upphæðin sem Bogi telur að sé sennileg er há, eða fimmtú þúsund dollarar. Eftir stutta pásu sýnir Svenni að hann hafi meðtekið svarið með því að nota *wha::th*. Bogi bregst svo við með því að skipta um umræðuefni og snýr sér aftur að verkefninu sem þeir ætla sér að leysa (lína 12).

Í þessu dæmi er *what* notað sem viðbragð við svari. Algengast er að þátttakendur bregðist við svörum með lágmarksviðbragði (e. *minimal response*), þ.e. orðum og hljóðum á borð við *já*, *mhm* eða *mm*, en slík viðbrögð gefa aðeins til kynna að viðkomandi hafi heyrt og meðtekið svarið. Stundum bregðast svo þátttakendur við svari með því að nota orð eins og *að sjálfsögðu* eða *auðvitað* sem gefur til kynna að svarið hafi átt verið augljóst (sjá dæmi í *Samtalsorðabók*). Þannig geta spyrjendur sýnt viðhorf til svarsins í þriðja lið. Notkun *what* er af sama toga. Með því að kvitta fyrir svar með *what* sýnir mælandi að svarið hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Í þessu tilviki leiðir viðhorf Svenna þó ekki til þess að Bogi bregðist við, t.d. með því að réttlæta eða útskýra svarið.

Sú notkun sem sýnd er í dæmi (3) gæti verið frábrugðin notkun *what* í breskri og amerískri ensku en ekki verður farið nánar út í slíkan samanburð hér. Þegar verið er að rannsaka pragmatísk aðkomuorð er mikilvægt að nálgast umfjöllunarefnið með opnum huga og vera ekki með fyrirframgefnar hugmyndir um að þeim sé beitt á sambærilegan hátt og í upprunamálinu. Þegar málbeitingarmerki á borð við *what* hafa verið tekin inn í viðtökumálin öðlast þau nefnilega sjálfstætt líf og geta þróast í eigin áttir, bæði hvað varðar hljóðfræðilega þætti og notkun. Ekki er hægt að skýra notkun *what* í íslensku með því að vísa í rannsóknir á notkun *what* í enskum samtölum.

5. Samanburður við *ha*

Þegar verið er að rannsaka notkun nýrra pragmatískra aðkomuorða í íslensku er mikilvægt að velta fyrir sér hvaða áhrif nýju orðin hafa á þau orð sem fyrir eru í tungumálinu. Hefur aukin tíðni *what* áhrif á samskiptakerfið, t.d. með því að draga úr notkun orða sem hafa áður gegnt sama eða svipuðu hlutverki? Eins og Rósa Gísladóttir (2015) hefur fjallað um er *ha* í íslensku fyrst og fremst notað sem lagfæringarmerki (e. *repair initiator*) í opnum lagfæringum, þ.e. sem merki sem mælandi notar til að sýna að hann hafi ekki heyrt eða skilið lotu viðmælanda. Eins og hún bendir á er *what* ekki notað á þennan hátt í íslensku. Dæmi um *ha* í opnum annarslagfæringum má sjá í dæmi (4). Brotið kemur fyrir í lok samtals, rétt áður en Bogi slekkur á upptökunni að ósk Svenna (lína 1).

(4) *Stoppaðu recordingið: IU_GTA4*

(S = Svenni, B = Bogi)

```

01 S  gaur↓ stoppaðu recordingið
02     (1,9)
→ 03 B  ha: ↓
04     (0,6)
05 S  *stohopphaðu recordingið* ((hlær))
06     (1,1)
07 B  ah ókei já

```

Bogi bregst við beiðni Svenna með *ha* sem borið er fram með fallandi lokatóni (lína 3). Svenni bregst við með því að endurtaka beiðnina með örlítið breyttu sniði og þannig má draga þá ályktun að vandamálið felist ekki í innihaldi segðarinnar heldur að Bogi hafi hreinlega ekki heyrt nógu vel í honum. Svenni túlkar *ha* sem ósk um að hann endurtaki sig. Þegar Svenni hefur endurtekið sömu beiðni bregst Bogi við upplýsingunum með stöðubreytingarmerki (e. *change-of-state token*) sem gefur til kynna að hann skilji nú það sem hann skildi ekki áður, *ah* (sbr. Heritage 1984). Að lokum sýnir hann með *ókei* að hann ætli að verða við beiðninni.

Auk þess kemur *ha* stundum fyrir sem viðbragð sem gefur til kynna vandamál af einhverjum toga, t.d. þegar mælendur eru ósammála um stöðu mála eins og fjallað var um í dæmi (2) sem er birt að hluta til aftur.

(5) *Ekkert beef lengur: IU_GTA*

(B = Bogi, S = Svenni)

```

01 S  þú veist að Kei ess æ e- kemur ekki til Íslands
02     útaf því↑
→ 03 B  ha ne:::hh
04     (1,1)
05 S  hann hatar Ísland↓

```

Um leið og Svenni kemur að fyrstu lotuskiptastöð bregst Bogi við upplýsingunum með *ha* en bætir svo við neitun sem véfengir þær. Hér felst vandamálið því ekki í því að Bogi hafi ekki heyrt fyrri lotu eða skilið upplýsingarnar heldur fremur í því að upplýsingarnar eru rangar samkvæmt hans bestu vitund. Hér er *ha* notað til að sýna að mælandi hafi tekið við nýjum upplýsingum en sýnir jafnframt að þær hafi ekki verið í samræmi við væntingar.

Í þriðja lagi hefur *ha* verið notað í íslensku til að knýja fram eins konar viðbrögð frá viðmælanda. Slík tilvik koma fyrir ýmist stök eða í lok lengri lotu, eins og sjá má í umfjöllun Þóru Bjarkar Hjartardóttur (2006:26) um það sem hún flokkar sem hala (e. *tags*). Samkvæmt útreikningum hennar á hölum í útvarpsþættinum Þjóðarsálinni frá 1996 var *ha* algengasti halinn í efniviðnum og mun algengari en t.d. *er það ekki*,

HELGA HILMISDÓTTIR

hum og *skilurðu* (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2006:32). Síðasta dæmið í þessari umfjöllun er tekið beint úr umfjöllun Þóru og sýnir *ha* sem kemur fyrir stakt í lotu (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 2006:26).

(6) Þessir Selfyssingar: ÞS 1:2

(A = hlustandi, B = þáttastjórnandi)

```

01 A þeir víla það nú ekki fyrir sér þessir [Selfyssingar]
02 B                                     [*nei*      ]
→ 03 A ha
04 B ekki frekar en annað

```

Hlustandi tjáir persónulega skoðun sína á Selfyssingum sem þáttastjórnandi samþykkir þegar lotan nálgast lotuskiptastöð (lína 2). Endurgjöf þáttastjórnanda skarast við lotu hlustanda og ef til vill hefur hlustanda því ekki þótt viðbrögðin nægilega afgerandi, þrátt fyrir hlátur í rödd þess fyrrnefnda. Hlustandinn tekur því aftur til máls og notar *ha* og reynir þannig að knýja fram meiri eða sterkari viðbrögð frá þáttastjórnanda. Að þessu sinni sýnir þáttastjórnandi að hann er á sama máli með því að taka undir og bjóða jafnvel enn betur: Þessir Selfyssingar víla ekki aðra hluti fyrir sér heldur.

Tafla 3 sýnir tíðni *ha* í tölvuleikjasamtölum drengjanna flokkaða eftir virkni. Í töflunni er gerður greinarmunur á tilvikum sem eru notuð sem lagfæringarmerki (*ha*^{lagf}), viðbrögð sem sýna að fyrri lota hafi ekki verið í samræmi við væntingar (*ha*^{vænt}) og merki sem knýr fram frekari viðbrögð frá viðmælanda (*ha*^{kný}).

	<i>ha</i> ^{lagf}		<i>ha</i> ^{vænt}		<i>ha</i> ^{kný}		samtals
FIFA	17	85%	3	15%	0	0%	100%
GTA	50	91%	5	9%	0	0%	100%
samt.	67	89%	8	11%	0	0%	100%

Tafla 3: Tíðni og virkni *ha* í efniviðnum.

Eins og Tafla 3 sýnir eru samtals 75 dæmi um *ha* í samtölum drengjanna. Af þeim flokkast 89% sem dæmi um lagfæringarmerki en 11% eru notuð til að sýna ósamræmi milli fyrirbyggjandi upplýsinga og fyrri væntinga. Engin dæmi var að finna um *ha* sem knýr fram viðbrögð frá viðmælanda.

Tafla 4 sýnir tíðni *what* í efniviðnum og dreifingu á flokka.

	<i>what</i> ^{lagf}		<i>what</i> ^{vænt}		<i>what</i> ^{kný}		samtals
FIFA	0	0%	14	100%	0	0%	100%
GTA	0	0%	17	100%	0	0%	100%
samt.	0	0%	31	100%	0	0%	100%

Tafla 4: Tíðni og virkni *what* í efniviðnum.

Tölurnar í Töflu 4 sýna að *what* kemur aðeins fyrir sem viðbragð við upplýsingum sem eru á einhvern hátt óvæntar, þ.e. *what*^{vænt}. Engin dæmi eru um hina tvo flokkana sem bendir til þess að *what* gegni fremur afmörkuðu hlutverki í íslenskum samtölum.

Þegar Tafla 3 og 4 eru bornar saman kemur í ljós að *what* hefur að miklu leyti tekið yfir sem viðbragð við óvæntum upplýsingum í samtölum drengjanna. Niðurstöðurnar gefa tilefni til þess að rannsakað verði betur hvort tilkoma *what*^{vænt} hafi dregið úr notkun *ha*^{vænt} í samtölum ungs fólks og hvort þetta muni leiða til þess að orðin tvö eigi eftir fá skýrari verkaskiptingu í framtíðinni. Velta má fyrir sér hvort við séum að upplifa tilfærslu í kerfinu sem mun halda áfram þar til *what* hefur tekið yfir sem viðbragð við óvæntum upplýsingum og *ha* hefur takmarkast við

lagfæringarmerki. Einnig er ástæða til að velta fyrir sér hvers vegna engin dæmi eru um *ha*^{kný} í samtölum drengjanna. Skýringuna er ef til vill að finna í ólíku eðli gagnanna, þ.e. tölvuleikjasamtölum og opinni dægurmálaumræðu í útvarpi, en vert er að skoða hvort ástæðan gæti líka verið fólgin í mikilli sókn orðræðuagna á borð við *þúst*, *skiluru* og *fattaru* (sjá Helgu Hilmisdóttur 2021b).

6. Samantekt og lokaorð

Í þessari grein hefur verið fjallað um notkun *what* og *ha* í samtölum fimmtán ára grunnskóladrengja sem eru að spila tölvuleiki og eiga í munnlegum samskiptum í gegnum hljóðrás. Efniviður rannsóknarinnar er frá árinu 2021 og samanstendur af fjórum hljóðrituðum samtölum sem samtals eru um fjórar klukkustundir og tólf mínútur að lengd eða 27.280 lesmálsorð.

Rannsóknin leiddi í ljós að hlutfall pragmatískra aðkomuorða var 3,3% af öllum lesmálsorðum. Ekki var gerður greinarmunur á gamalgrónum aðkomuorðum á borð við *vá* og *ókei* og nýjungum eins og *fact(s)* og *ægt*. Aðkomuorðin dreifðust á sex notkunarflokkum: 1) kurteisfrasa, 2) kveðjur og ávörp, 3) blótsyrði, 4) hvatningarorð, 5) viðbragðsagnir og 6) orðræðumerki. Orðin sem komu oftast fyrir voru *ókei* (242), *fokking* (113), *(oh) sjitt* (67), *fokk (it)* (59) og *ey* (45). Í samtölunum voru einnig 31 dæmi um *(oh) what* sem fjallað var um sérstaklega til að draga upp mynd af því sem gerist þegar ný málbeitingarmerki ryðja sér til rúms í viðtökumáli. Notkun drengjanna á *what* var síðan borin saman við notkun þeirra á *ha*, sem hefur samkvæmt *Ensk-íslenskri orðabók með alfræðilegu ívafi* (1984) verið talið íslenskt jafnheiti *what* í ensku.

Greining á samtölum drengjanna leiddi í ljós að *what* kemur aðeins fyrir í samhengi þar sem einhverjar upplýsingar koma fram sem ekki eru í samræmi við væntingar mælanda. Í umræðunni eru slík dæmi nefnd *what*^{vænt}. Notkun *what*^{vænt} kallar þó ekki endilega á viðbrögð eða úrlausn viðmælanda og stundum kemur orðið fyrir í lok runu áður en þátttakendur snúa sér að öðrum athöfnum. Ef kallað er eftir frekari viðbrögðum er það gert eftir öðrum leiðum eins og t.d. að nota spurnarorð (sjá *hvenær* í dæmi (2)).

Orðið *ha* kemur hins vegar yfirleitt fyrir sem lagfæringarmerki þar sem mælandi á í erfiðleikum með að heyra eða skilja lotuna á undan, hér nefnt *ha*^{lagf}. Mun sjaldgæfara er að *ha* sé notað til að sýna að upplýsingar séu ekki í samræmi við væntingar. Aðeins 8 tilvik flokkast sem *ha*^{vænt}.

Þótt tölurnar sem hér um ræðir sýni aðeins hvernig málum er háttað í nákvæmlega þessum samtölum drengjanna er samt ástæða til að velta fyrir sér hvort niðurstöðurnar endurspeglí almenna þróun í samtölum ungra Íslendinga. Er *what* að taka við af *ha* í samhengi þar sem mælendur vilja sýna að upplýsingar séu ekki í samræmi við væntingar? Athugun á dæmum í gagnagrunninum *Íslenskt unglíngamál*, sem geymir 190.000 lesmálsorð, bendir til að svo sé.⁴ Breytingarnar eru ef til vill hluti af stærri þróun sem nauðsynlegt er að gefa meiri gaum. Tilkoma nýrra málbeitingarmerkja hefur verið áberandi undanfarna áratugi og samanburður á upptökum bendir til að ákveðin þróun gæti verið í gangi sem vert er að fara betur í saumana á (sjá Helgu Hilmisdóttur 2021b).

HEIMILDIR

Andersen, Gisle. (2014). Pragmatic borrowing. *Journal of Pragmatics*, 113, 116–126. <https://doi.org/10.1016/j.pragma.2014.03.005>

⁴ Sjá gagnagrunn á vefsíðunni <https://tekstlab.uio.no/glossa2/iyl>.

- Andersen, Gisle. (2022). Phraseology in a cross-linguistic perspective: A diachronic and corpus-based account. *Corpus Linguistics and Linguistic Theory*, 18(2), 365–389. <http://doi.org/10.1515/cllt-2019-0057>
- Ásta Svavarsdóttir. (2004). English in Icelandic – A comparison between generations. *Nordic Journal of English Studies*, 3(2), 153–165. <https://doi.org/10.35360/njes.167>
- Ásta Svavarsdóttir og Veturliði Óskarsson. (2009). Annarleg sprek á ókunnugri strönd. Tökuorð í íslensku fyrr og nú. *Orð og tunga*, 11, 17–44.
- Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi*. (1984). Sören Sörenson (ritstj.). Örn og Örlygur.
- Fjeld, Ruth Vatvedt. (2021). *Norsk banneordbok. Om eder og forbannelse og andre språklige tabuer*. Humanistforlag.
- Guðrún Kvaran. (2004). English influence on the Icelandic lexicon. *Nordic Journal of English Studies*, 2(3), 143–152. <https://doi.org/10.35360/njes.166>
- Guðrún Kvaran og Ásta Svavarsdóttir. (2002). Icelandic. Í Manfred Görlach (ritstj.), *English in Europe* (bls. 82–107). Oxford University Press.
- Helga Hilmisdóttir. (2021a). Leikjatölvur og orðaforði unglunga: Rannsókn á framandorðum í samtölum tveggja grunnskóladrengja. *Ritið*, 21(3), 117–144. <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/153>
- Helga Hilmisdóttir. (2021b). Talspráskorpusar, diskurspartiklar och lexikografi. *LexikoNordica*, 28, 79–100. <https://tidsskrift.dk/lexn/article/view/129589>
- Heritage, John. (1984). A change-of-state token and aspects of its sequential placement. Í J. Maxwell Atkinson og John Heritage (ritstj.), *Structures of social action: Studies in conversation analysis* (bls. 299–345). Cambridge University Press.
- Íslensk nútímamálsorðabók*. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. islenskordabok.arnastofnun.is
- Íslensk orðabók*. (2004). Mörður Árnason (ritstj.). Edda.
- Jarvad, Pia og Helge Sandøy (ritstj.). (2007). *Stuntman og andre importord i Norden: Om udtale og bøjning*. Novus forlag.
- Onysko, Alexander. (2007). *Anglicisms in German: Borrowing, lexical productivity and written codeswitching*. Walter de Gruyter.
- Peterson, Elizabeth. (2017). The nativization of pragmatic borrowings in remote language contact situations. *Journal of Pragmatics*, 113, 116–126. <https://doi.org/10.1016/j.pragma.2017.02.012>
- Peterson, Elizabeth og Johanna Vaattovaara. (2014). *Kiitos and pliis: The relationship of native and borrowed politeness markers in Finnish*. *Journal of Politeness*, 10(2), 247–269. <https://doi.org/10.1515/pr-2014-0011>
- Rosa S. Gísladóttir. (2015). Other-initiated repair in Icelandic. *Open Linguistics* 1, 309–328. <https://doi.org/10.1515/opli-2015-0004>
- Samtalsorðabók*. Helga Hilmisdóttir (ritstj.). samtalsordabok.arnastofnun.is
- Sandøy, Helge. (2003). *Med 'bil' i Norden i 100 år: Ordlagning og tilpassing av utalandske ord*. Novus forlag.
- Selback, Bente og Helge Sandøy. (2007). *Fire dagar i nordiske aviser: En jamføring av påverknaden i ordforrådet i sju språksamfunn*. Novus forlag.
- Sidnell, Jack. (2010). *Conversation analysis: An introduction*. Wiley-Blackwell.
- Thompson, Sandra A., Barbara A. Fox og Elizabeth Couper-Kuhlen. (2015). *Grammar in everyday talk: Building responsive actions*. Cambridge University Press.
- Urban Dictionary*. urbandictionary.com
- Veturliði Óskarsson. (2023). Orð koma í orða stað: Um sagnorðið *fokka* og nafnorðið *fokk*. *Orð og tunga*, 25, 43–67. <https://doi.org/10.33112/ordogtunga.25.4>

MÁLBEITING OG SAMBÝLI VIÐ ENSKU

Þóra Björk Hjartardóttir. (2006). Halar í samtölum. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 28, 17–55.

Viðauki: Skráningarlykill

↓	fallandi lokatónn
↑	rísandi lokatónn
→	jafn lokatónn
(.)	pása styttri en 0,3 sekúndur
(0,5)	pása mæld í sekúndum (hér 0,5 sekúndur)
ha-	óklárað orð
xx	orð sem ekki er hægt að greina
Markmið greinarinnar er að greina færeyskt gælunafnamynstur út frá orðmyndun, beygingu og hljóðkerfi og bera það saman við íslenskt gælunafnamynstur, sem hefur verið talsvert meira rannsakað (sjá Willson 2007; Veturliða Óskarsson 2003; Guðmund Finnbogason 1926 og Aðalheiði Þorsteinsdóttur 1998). Til að greina mynstrið verða eftirfarandi spurningar hafðar í huga: Hvernig eru helstu orðmyndunaraðferðir færeyskra gælunafna? Eru þær svipaðar íslensku þar sem langoftast er stofn auk beygingarendingar? Ef svo er mætti búast við því að nöfnin væru í flestum tilvikum veikbeygð en það er eitt helsta einkenni íslenskra gælunafna. Einnig mætti búast við hljóðfræðilegum breytingum þegar gælunöfn eru mynduð út frá eiginnafni ef miðað er við að færeyskum gælunöfnum svipi til íslenskra gælunafna. Þá verður helst lítið til langra sérhljóða en þar ber líka að athuga hvort sömu hljóðferli eru möguleg í færeysku og íslensku, eins og lokhljóðun (líkt og *Stefán* – *Stebbi*) og lenging sömu hljóða, en niðurstöður rannsóknarinnar sýna að lenging /r/ kemur ekki fram í færeyskum gælunöfnum.

Efni viður þessa verkefnis er dæmasafn færeyskra gælunafna frá nafnfræðingnum Anfinni Johansen. Ýmsar spurningar vöknudu við fyrstu skoðun dæmasafnsins og var netkönnun unnin upp úr dæmasafninu til að leita svara við þeim. Könnunin var lögð fyrir 15 færeyska málhafa og vörðuðu spurningarnar orðmyndunarleg og hljóðkerfisleg atriði. Niðurstöður könnunarinnar voru svo lagðar saman við dæmasafnið og nam það þá í heildina 445 nöfnum: 231 karlkynsnafni og 214 kvenkynsnöfnum.² Einnig var rætt við nokkra færeyska málhafa, einkum um beygingu tiltekinnar nafna en einnig um notkun gælunafna og þekkingu þeirra á þeim.

Segja má að helsti munurinn á íslenskum og færeyskum gælunöfnum sé ekki málfræðilegur, heldur sá hversu lítið gælunöfn eru notuð í Færeyjum miðað við Ísland. Í netkönnuninni sögðust níu þátttakendur af fimmtán þekkjara fáa eða engan sem notar gælunöfn og sömuleiðis sögðu þeir sem rætt var við sérstaklega að

¹ Þessi grein og erindið sem flutt var á Frændafundi 11 er unnið upp úr lokaritgerð í námskeiðinu *Færeyska og íslenska* við Háskóla Íslands haustið 2021 í umsjón Jóhannesar Gísla Jónssonar.

² Sé þess óskað verður dæmasafninu fúslega deilt með þeim sem hafa áhuga á því.

gælunöfn væru lítið sem ekkert notuð í Færeyjum. Á Íslandi eru gælunöfn hins vegar mikið notuð og auðvelt er að mynda gælunöfn af flestum íslenskum nöfnum.

Það ber að nefna að hér verða gælunöfn (á færeysku *kelinöfn*), sem mynduð eru út frá eiginnöfnum, í forgrunni en ekki verður fjallað um viðurnefni eða uppnefni sem hafa engin tengsl við eiginnafnið. Viðurnefni, eða *eyknefni* á færeysku, eru nöfn sem nafnberinn velur ekki endilega sjálfur og lýsa oft persónulegum eða útlitslegum einkennum hans. Þau geta verið niðrandi og jafnvel notuð um nafnberann einungis þegar hann heyrir ekki til (Willson 2007).

Efnisskipan greinarinnar er á þá leið að í öðrum kafla verða íslensk gælunöfn til umræðu og byggir umfjöllunin á fyrri rannsóknum sem hafa verið gerðar um efnið. Farið verður yfir orðmyndunarlegt, beygingarlegt og hljóðfræðilegt mynstur íslenskra gælunafna. Í þriðja kafla verður sagt frá dæmasafninu sem unnið var með við greiningu færeyskra gælunafna og netkönnuninni sem unnin var upp úr dæmasafni Anfinns. Í fjórða kafla verður sagt frá færeysku gælunafnamynstri og það borið saman við íslenskt gælunafnamynstur. Kaflinn skiptist í tvo undirkafla; orðmyndunar- og beygingarfræðileg atriði og hljóðkerfisfræðileg atriði. Loks verða tekin saman lokaorð í fimmta kafla.

2. Íslensk gælunöfn

Helstu einkenni íslenskra gælunafna er að þau beygjast oftast veikt, eru tvíkvæð og bera í mörgum tilvikum langt samhljóð. Þau eru oftast samsett af einkvæðum stofni auk beygingarendingar (sjá Veturliða Óskarsson 2003). Stofninn er dreginn af rót eiginnafns og þá ýmist af þeirri fyrri eða seinni ef nafnið ber tvær rætur, t.d. *Addi* eða *Alli* og *Steini* af *Aðalsteinn*. Einnig er stundum farið yfir orðhlutaskil og stofn gælunafns er dreginn af hljóðstreng í miðju nafni óháð orðhlutum, t.d. *Stjáni* af *Kristján* og *Slauga* af *Áslaug*.

Endingar gælunafna eru langoftast *-i* í kk.nf. og *-a* í kvk.nf. en einnig taka sum gælunöfn viðskeytin *-si/-sa* og *-ki/ka*, t.d. *Brynki* – *Brynjólfur*, *Steinka* – *Steinunn*, *Finni* – *Finnur* og *Gunnsa* – *Guðrún*. Guðmundur Finnbogason (1926) benti á að þessi viðskeyti gæfu gælunöfnum eins konar lýsingarorðablæ, og nefnir þar að til dæmis er *blaðka* ekki eiginlegt blað heldur líkist blaði, og *ofsi* og *vansi* tengist einhverju sem er *of-* eða *van-*eitthvað. Ekki er augljóst hvort sama túlkun eigi við í dag, en hugsanlegt er að uppruni notkunar viðskeytanna í íslenskum gælunöfnum komi frá eins konar lýsingarorðsgervingu eiginnafna líkt og Guðmundur fjallar um.

Eins og áður var nefnt eru íslensk gælunöfn langoftast tvíkvæð. Vegna þessa eru gælunöfn ekki endilega stytting á eiginnöfnum þar sem einkvæð eiginnöfn leiða af sér tvíkvæð gælunöfn, t.d. *Nonni* af *Jón* og *Kalli* af *Karl*. Gælunöfn í íslensku miða því heldur að beygingarlegri, orðmyndunarlegri og hljóðkerfislegri einföldun, enda beygjast þau reglulega og eru laus við flókna samhljóðaklasa (Ásta Svavarsdóttir 2006). Vegna áherslumynsturs í íslensku hafa tvíkvæð orð ómarkaða hrynjandi, sem gerir gælunöfn einnig einfaldari en einkvæð eða þríkvæð nöfn. Að gælunöfn séu tvíkvæð fellur því vel inn í eins konar tvíliðahneigð í íslensku, en til dæmis voru tvíliðir frekar fyrir valinu í könnun Antons Karls Ingasonar (2007) þar sem íslenskir málhafar voru beðnir um að meta mismunandi frumlög fyrir ópersónulegu sögnina *vanta*. Þá voru þátttakendur líklegri til að samþykkja þolfallið af *Guðmundur* (þríkvætt í þágufalli) og þágufallið af *Jón* (einkvætt í þolfalli).

Í gagnasafni Willson (2007) yfir íslensk gælunöfn beygðust 77% dæmanna veikt, og 86% nafna í safni Veturliða Óskarssonar (2003). Sterkbeygð gælunöfn eru í flestum tilfella stýfingar af eiginnöfnum, en hér verður átt við stýfingar sem styttingu á eiginnafni sem er aðeins eitt morfem. Augljóst dæmi um stýfingu væri til dæmis *Ingó* af *Ingólfur*, þar sem nafnið er hreinlega stytt um atkvæði. En stýfingar eiga einnig við um nöfn þar sem hljóð úr eiginnafni hafa verið klippt saman á nýjan hátt. Þetta á oft við um gælunöfn sem enda á *-i/y*: *Hófi/Hófý* – *Hólmsfríður*; *Sirry* –

Sigríður. Loks má nefna gælunöfn sem eru tvítekin atkvæði, t.d. *Gógó*, *Dídí* og *Bóbó*. Slík nöfn, sem og ýmis nöfn með -ý endingu líkt og *Dollý* og *Baddy*, hafa verið kennd við stríðsárin þegar Ísland var hernumið af Bretum og síðar Bandaríkjamönnum (Willson 2007:142–147).

Hingað til hefur aðeins verið fjallað um gælunöfn sem hafa tengsl við eiginnöfn en einnig koma fyrir gælunöfn dregin af skyldleikaorðum. Sem dæmi er *Systa* mjög algengt gælunafn í íslensku en það er algjörlega óháð eiginnafninu. Einnig koma fyrir gælunöfn með hljóðkerfislegum breytingum á *systir*, eins og *Sissa* eða *Didda* (að því gefnu að [t] komi til vegna samsvarandi myndunarstaðar við [s]) sem og fyrir *bróðir*, t.d. *Brói*, *Bói* og *Brósi*. Þar að auki eru til önnur gælunöfn án nokkurrar tengingar við eiginnafnið, s.s. *Lilla* eða *Lilli*, sem oft eiga við um yngstu systkini, eða gælunöfn dregin af *stelpa*, *stúlka* eða *drengur*, t.d. *Stella*, *Stúlla*, *Dúlla* og *Dengsi* (Willson 2007:70–72).

Af hljóðfræðilegum einkennum íslenskra gælunafna er mest áberandi langt samhljóð sem oftast er dregið af samsvarandi hljóði í eiginnafni, t.d. *Tommi* – *Tómas* og *Kolla* – *Kolbrún*. Langa hljóðið í gælunafninu er ekki alltaf dregið af samhljóðinu sem stendur næst stofnsérhljóðinu í eiginnafninu. Þannig eru til gælunöfn fyrir eiginnafnið *Guðrún* þar sem hvert einasta samhljóð í nafninu er langt í gælunafninu: *Gunna*; *Gugga*; *Gudda*; *Gurra*. Í flestum tilfellum veldur langt samhljóð einnig einhljóðun sérhljóða: *Palli* – *Páll*; *Solla* – *Sólveig*; *Svenni* – *Sveinn*. Þó eru til undantekningar frá þessu eins og *Auddi* – *Auðunn*.

Eiginnöfn sem bera önglhjóðin /ð/, /y/, /v/ eða /f/ eiga oft gælunöfn sem hafa langt lokhljóð með samsvarandi myndunarstað, líkt og *Davíð* – *Dabbi*, *Alfreð* – *Freddi*, *Sigríður* – *Sigga* og *Stefanía* – *Stebba*. Þar sem hljóðin [v:], [ð:] og [y:] eru ekki til í íslensku hljóðkerfi er lokhljóðun skyldubundin við gælunafnamyndun með löngu samhljóði þegar þessi hljóð eru annars vegar. Afleiðsla slíkra nafna er því á þann veg #Dav:i# → *Dabbi*, #Freð:i# → *Freddi*. Eiginnöfn sem bera [f] eiga oft bæði gælunöfn með önglhjóði og lokhljóði: *Hafdís* – *Haffa/Habba*; *Stefán* – *Steffi/Stebbi*. Lokhljóðun á sér einnig stað fyrir tannmælt önglhjóð [θ] í framstöðu: *Þorbjörg* – *Tobba*; *Þórður* – *Doddi*.

3. Dæmasafn

Hingað til hefur ekkert verið gefið út um færeysk gælunöfn í fræðiritum og engin dæmasöfn eru opinberlega aðgengileg. Það stafar sennilega af þeirri einföldu ástæðu að gælunöfn eru lítið notuð í Færeyjum, eins og nefnt var í inngangi. Færeyski nafnfræðingurinn Anfinnur Johansen hafði þó safnað gælunöfnum í áranna rás og var ég svo heppin að fá afrit af dæmasafni hans fyrir þetta verkefni. Þegar rýnt var í safnið vöknudu ýmsar spurningar er varða orðmyndunarleg og hljóðkerfisleg atriði sem tilefni þótti til að athuga betur. Var þá unnin netkönnun upp úr dæmasafninu sem lögð var fyrir fimmtán færeyska málhafa sem flestir eru búsettir í Færeyjum. Einnig hafði ég samband við nokkra Færeyinga á Íslandi sem veittu aðstoð með beygingu ýmissa dæma og sögðu jafnframt frá gælunafnahefðum í Færeyjum.

Könnunin var þríþætt. Í fyrsta hluta var notkun gælunafna athuguð og voru þátttakendur spurðir með krossaspurningum hversu marga þeir teldu sig þekkja sem nota gælunöfn. Níu þátttakendur (60%) sögðust þekkja fáa eða engan og fjórir nokkra, en tveir þekktu marga. Í þessum hluta voru þátttakendur einnig beðnir um að nefna eins mörg gælunöfn og þeir mundu eftir, sem og eiginnöfnin sem gælunöfnin áttu við. Með þessu verkefni bættust því nokkur ný dæmi í safnið. Í næsta hluta voru sett fram nokkur gælunöfn úr safni Anfinns og þátttakendur beðnir um að nefna eiginnöfn sem þau gætu átt við. Gælunöfnin sem voru valin fyrir þetta verkefni voru einkum gælunöfn með endingar sem koma ekki fyrir í íslensku. Sem dæmi höfðu mörg karlkyns gælunöfn í safninu -a endingu og kvenkyns gælunöfn -i endingu og virtist því beygingarendingin vera öfug miðað við kyn nafnsins. Nokkur

nöfn með „öfuga“ beygingarendingu voru höfð í þessum lið til að kanna hvort þátttakendur gæfu dæmi um karlkyns eða kvenkyns eiginnöfn.

Í þriðja hluta voru sett fram sex karlkyns eiginnöfn og sex kvenkyns eiginnöfn og þátttakendur beðnir um að búa til gælunöfn út frá þeim. Karlkyns nöfnin sem voru valin voru *Aðalstein, Jákup, Jógvan, Kjartan, Magnus, Petur* og *Stefan*. Kvennöfnin voru *Annika, Elinborg, Elisabet, Guðrun, Hjördis, Kristina* og *Ragnhild*. Könnunin var vitaskuld á færeysku og var tekið fram í upphafi hennar að hér væri áherslan á *kelinövn* en ekki *eyknefni* (ísl. viðurnefni), sem eru oft niðrandi og ekki í neinum málfræðilegum tengslum við eiginnöfnin. Svörin úr netkönnuninni voru svo færð inn í dæmasafn Anfinns og nemur safnið í heild 445 gælunöfnum, þar af 231 karlkyns nafni og 214 kvenkyns.

4. Færeyskt gælunafnamynstur

Við greiningu á dæmasafninu öllu mátti strax sjá að orðmyndunarlegt mynstur færeyskra gælunafna er svipað íslensku mynstri. Langflest nöfnin voru tvíkvæð og samanstóðu mörg þeirra af stofni og beygingarendingu auk þess sem langt samhljóð var áberandi: *Dánjal – Dani; Asbjørn – Assi; Ingibjörg – Bøgga*. Einnig var mikið um samsteypu tveggja nafna, þ.e. fyrsta nafns og millinafns: *Johanna Maria – Hannemia; Hans Hendrik – Sjeddik*. Anfinnur hafði líka tekið saman nöfn sem höfðu áður verið gælunöfn en eru nú opinber eiginnöfn miðað við *Fólkanavnalistan* (Málráðið 2021). Þetta eru til dæmis nöfn eins og *Sigga, Ella, Manni* og *Geiri* en öll þessi nöfn eru mjög klassísk íslensk gælunöfn. Þó færeyskt gælunafnamynstur sé í grófum dráttum svipað íslensku er margt sem er ólíkt sem varðar orðmyndun, beygingu og hljóðkerfi og þetta verður nánar rætt í næstu köflum.

4.1 Orðmyndunar- og beygingarfræðileg atriði

Líkt og í íslensku eru algengustu endingarnar í færeyskum gælunöfnum *-i* í nf.kk. og *-a* í nf.kvk. og gælunöfnin eru því veikbeygd. Hins vegar eru tvö veik beygingarmynstur í báðum kynjum í færeyskum gælunöfnum. Auk fyrrnefndra endinga í nefnifalli eru einnig karlkyns gælunöfn með *-e* endingu veikbeygd, s.s. *Matte* af *Mathias*, og kvenkyns gælunöfn með *-i* endingu, s.s. *Krissi* af *Kristina*. Beygingu nafnanna má sjá í töflum 1 og 2. Aðeins voru þó 6 dæmi um *-e* endingu í karlkyni, sem er einungis 2,6% af öllu dæmasafninu. Ekkert varðandi nöfnin sjálf virtist gefa vísbendingu um hvers vegna *-e* endingin kom til frekar en *-i*, en þau voru: *Birgir – Bigge; Jákup – Jakke/Jáge; Mathias – Matte; Sofus – Uffe; Zakaris – Bagge*. Hins vegar virðist *-i* ending í kvenkyni oft geta komið til vegna eiginnafrags, t.d. *Birgit – Biggi, Elisabet – Elli* og *Herdís – Heddi*. Samtals voru kvenkynsnöfn með *-i* endingu níttján talsins og voru aðeins þrjú þeirra dregin af eiginnöfnum sem báru ekkert *i*: *Súsanna – Sussi; Guðrun – Guddi; Margreta – Maggi*.

	-i	-e	-a	-u	-y	-in*	-ba
Nf.	Luddi	Matte	Agga	Jakku	Benny	Ollin	Diaba
Þf.	Ludda	Matta	Agga	Jakku	Benny	Ollin	Diaba
Þgf.	Ludda	Matta	Agga	Jakku	Benny	Ollini/um	Diaba
Ef.	Ludda	Matta	Agga	Jakku	Benny	Ollins	Diaba
	(Ludvik)	(Mathias)	(Jógvan)	(Jákup)	(Benjamin)	(Óli)	(Andrias)

Tafla 1: Beyging karlkyns gælunafna í færeysku. Stjórnumerkta endingar eru óstaðfestar beygingarmyndir.

	-a	-i	-y	-e*	-an*
Nf.	Bøggga	Krissi	Henny	Trille	Beggan
Pf.	Bøgggu	Krissu	Henny	Trille	Begguna
Pgf.	Bøgggu	Krissu	Henny	Trille	Begguni
Ef.	Bøgggu	Krissu	Henny(ar)	Trille	Beggunar
	(Ingibjörg)	(Kristina)	(Henrietta)	(Katrina)	(Bergfrid)

Tafla 2: Beyging kvenkyns gælunafna í færeysku. Stjörnumerktar endingar eru óstaðfestar beygingarmyndir.

Í heildina beygjast 64,5% allra gælunafnanna í dæmasafninu veikt. Þetta er ágætur meirihluti en ekki jafnmikill og í íslensku dæmasöfnunum, sem var 77% í gagnasafni Willson (2007) og 86% í safni Veturliða Óskarssonar (2003). Mun meira var um stýfingar í færeyska dæmasafninu í báðum kynjum en í töflunum hér að ofan má sjá að gælunöfn sem enda á -a, -u, og -y í karlkyni og -y og -e í kvenkyni eru eins í öllum föllum. Aftasta sérhljóð eiginnafns hefur oft áhrif á það á hvaða sérhljóði stýfingarnar enda; til dæmis enduðu 5 af 10 gælunöfnum sem skráð voru fyrir *Jógvan* á -a. Hins vegar virðist -a líka vera virk gælunafnaending í karlkyni óháð nafni þar sem mörg eiginnöfn sem báru ekki -a áttu gælunöfn með sömu endingu: *Kristoffur* – *Doffa*; *Jákup* – *Agga*, *Magnus* – *Magga*. Alls báru 13,4% karlkyns nafna í safninu -a endingu.

Þetta er eitt þeirra atriða í dæmasafni Anfinns sem kom á óvart því almennt merkir -a ending í íslensku að orðið sé veikbeygt kvenkyns orð og myndu gælunöfn eins og **Heidda* aldrei vera dregin af nafninu *Heiðar*. Í netkönnuninni voru þátttakendur beðnir um að nefna eiginnöfn fyrir gælunafnið *Agga* til að kanna hvort stungið yrði upp á karlkyns eða kvenkyns nöfnum. Öll svörin voru karlkyns og miðað við það eru því færeyskir málhafar ekki í vafa um kyn nafnsins þó það væri líka hægt að túlka það sem kvenkyns. Það gæti þó verið að hér hafi ekki besta dæmið verið valið til að kanna þetta, en eitt svaranna var hreinlega „Ja, feroyski sangarin.“³ Nafnið er því e.t.v. of þekkt til að gefa vísbendingar um virkni -a endingar fyrir karlkyns gælunöfn.

Líkt og fjallað var um í öðrum kafla koma fyrir stýfingar með -y endingum í íslensku og stafa þær nær alltaf af því að sérhljóðið í næstaftasta atkvæði eiginnafnsins er [i], eins og *Sigríður* – *Sirry* og *Hólmfríður* – *Hófy*. Í færeysku voru nokkur dæmi um -y endingar (borið fram [i]) í bæði karlkyni og kvenkyni, sem rekja má til [i]-hljóðs í aftasta eða næstaftasta atkvæði eiginnafnsins: *Andrias* – *Andy*; *Benjamin* – *Benny*; *Henrietta* – *Henny*; *Kristina* – *Krissy*; *Poulina* – *Polly*. Hins vegar er ekki hægt að skýra dæmin *Jógvan* – *Jeggy* og *Stefan* – *Steffy* á sama hátt og fyrrnefnd dæmi.

Dæmin fyrir -u endingar í karlkyni og -e endingar í kvenkyni voru fátíðar. Öll dæmin með -u endingu í karlkyni áttu við *Jákup*, en ekkert dæmi um sömu endingu voru fyrir *Magnus*, *Rasmus* eða önnur eiginnöfn með -u. Mjög mörg gælunöfn fyrir *Jákup* komu fyrir í dæmasafninu enda er *Jákup* algengasta karlkynsnafn Færeyja skv. upplýsingum frá Hagstovu Føroya (2022). Þar af höfðu sjö gælunöfn endinguna -u, t.d. *Jakku*, *Aggu* og *Áku*. Fjögur dæmi voru um kvenkyns nöfn með -e endingu: *Óluva* – *Olle*; *Rakul* – *Ralle*; *Sólrun* – *Solle* og *Katrina Maria* – *Trille*. Færeyskir ráðgjafar þessa verkefnis voru alls ekki vissir um hvernig ætti að beygja slík nöfn og eru þau því talin eins í öllum föllum í töflu 2. Danskar nafnahefðir gætu verið innblástur þessara nafna en fjölmörg dönsk kvennafn enda á -e, t.d. *Anne*, *Mette* og *Lærke*.

Viðskeytin í færeyskum gælunöfnum eru af öðrum toga en í íslensku. Ekki kom fyrir neitt dæmi um viðskeytin -si/-sa og -ki/ka eins og tíðkast í íslenskum gælunöfnum. Hins vegar voru nokkur gælunöfn í safninu skráð með því sem virtist

³ „Já, færeyski söngvarinn.“

vera valkvæður greinir innan sviga, sbr. *Olli(n)* af *Óli* og *Gugga(n)* af *Guðrun*. Færeyskir ráðgjafar verkefnisins gáfu hins vegar óræð svör þegar þeir voru spurðir hvort um gælunöfn með viðskeyttum greini væri að ræða og voru þeir ekki vissir hvort þetta væri greinir eða eitthvað annað viðskeyti.

Þá var beyging nafna af þessu tagi líka óljós. Beygingin sem sett er fram í töflum 1 og 2 miðar við beygingu nafna í *Fólkanavnalistanum* (Málráðið 2021) með svipaða endingu. Í listanum er kvenkyns nafnið *Malan* beygt í aukaföllum *Maluna*, *Maluni*, *Malunar*, sem er alveg eins og ef um viðskeyttan greini aftan við samnafn væri að ræða: *kvinnan*, *kvinnuna*, *kvinnuni*, *kvinnunar*. Því er beyging gælunafnsins *Beggan* í töflu 2 höfð í samræmi við venjulega beygingu viðskeytts greinis því hún gæti líka samræmst beygingu nafna eins og *Malan*. Beyging nafnsins *Ollin* í töflu 1 er hins vegar sett fram á tvenna vegu; annars vegar eins og beyging nafnsins *Martin* og hins vegar eins og viðskeyttur greinir.

Það er ólíklegt að nokkur Íslendingur myndi kynna sig með gælunafni með viðskeyttum greini nema viðkomandi ætli sér að hljóma hégómafullur en stundum er greini skeytt aftan við gælunöfn náinna vina og fjölskyldu sem einkabrandari. Þetta má t.d. sjá í ýmsum færslum á samskiptamiðlum eins og Facebook og Instagram, t.d. *sæta Beggan mín...* eða *Sillan er mætt á svæðið*.⁴ Ef til vill eru nöfn með viðskeyttum greini í færeyska gælunafnasafninu dæmi um slíkan einkabrandara eins og í íslensku og það er þá kannski þess vegna sem færeyskir ráðgjafar verkefnisins voru óvissir með beyginguna þar sem nöfn af þessum toga tíðkast bara innan náinna hópa.

Nokkur nöfn í safninu báru viðskeytið *-ba*: *Addaba* – *Adolf*; *Diaba* – *Andrias/Andreas*; *Eggaba* – *Jógvan*; *Hanneba* – *Jóhan Edvin*; *Pollaba* – *Poul*. Einnig var eitt dæmi um eingöngu *Ba* fyrir *Kornelius*. Í færeysku er *ba* barnamál af orðinu *beiggi* sem þýðir ‘bróðir’ og á helst við um litla bræður. Orðinu er oft skeytt aftan við önnur skyldleikaorð, s.s. *mammuba*, *babbaba* og *abbaba* í merkingunni ‘móðurbróðir’, ‘föðurbróðir’ og ‘afabróðir’ (Seðlasavn).

Skyldleikaorðin standa í eignarfalli þegar *-ba* er skeytt aftan við þau, sbr. *mammuba*, enda vísar fyrri hluti samsetningarinnar ekki til nafnberans því *mammuba* á ekki við um mömmu heldur bróður hennar. Hins vegar á fyrri hluti gælunafnanna við um nafnberann sjálfan; *Eggaba* á t.d. ekki við bróður Jógvans heldur Jógvan sjálfan. Fallið á gælunöfnunum er ekki augljóst út frá samsetningum þar sem karlkyns gælunöfn í færeysku eru ýmist með *-i* endingu og *-a* í aukaföllum eða með *-a* endingu í öllum föllum eins og hér hefur verið rætt. Samsetningin *Eggaba* er því *Egga* (nf.) + *ba* í merkingunni ‘Jógvan bróðir’ en ekki ‘bróðir Jógvans’. Þetta skýrir tilkomu *-e-* í *Hanneba* af *Jóhan Edvin*: gælunafnið *Hanne* stendur í nefnifalli auk viðskeytts *-ba*.

4.2 Hljóðkerfisfræðileg atriði

Líkt og með íslensk gælunöfn er langt samhljóð áberandi einkenni færeyskra gælunafna en alls höfðu 63% gælunafnanna í dæmasafninu atkvæðagerðina VC:. Þar sem ekkert gælunafn með langt /r/-hljóð kom fyrir í dæmasafni Anfinns var reynt að fiska eftir slíkum dæmum í netkönnuninni. Í þriðja lið könnunarinnar voru þátttakendur beðnir um að búa til gælunöfn af uppgefnum eiginnöfnum og þar á meðal voru *Kjartan* og *Guðrun*, sem gætu fengið gælunöfnin *Kjarri* og *Gurra* í íslensku. Enginn þátttakendanna nefndi slík gælunöfn og því var ekkert dæmi um langt /r/ í dæmasafninu öllu.

Hljóðið er vissulega til í íslenskum gælunöfnum en er þó oft vafasamt fyrir tiltekin nöfn. Sem dæmi eru *Gurra* og *Sirry* góð og gild gælunöfn en *Herjólfur* og

⁴ Ég þakka Eiríki Rögnvaldssyni fyrir skemmtilegar umræður eftir erindi mitt á Frændafundi 11 þar sem hann benti mér á þessa notkun greinis aftan við íslensk gælunöfn á netinu.

Þórdís myndu sennilega seint vera kölluð *Herri* eða *Þorra*. Þó ekki hafi verið nein dæmi um langt /r/ í dæmasafni Anfinns er það alls ekki ótækt í færeysku eða færeyskum nöfnum; t.d. eru til nöfnin *Orri*, *Merrý* og *Kyrri*, sem og orðin *turrur* (ísl. *þurr*) og *pirra* (ísl. *bóla*).

Eins og áður var nefnt er algennt í íslensku að öngljóðin /ð/, /ç/, /v/ og /f/ í eiginnafni birtist sem langt lokhljóð með samsvarandi myndunarstað í gælunafni þess eiginnafns. Þetta á t.d. við um dæmi eins og *Aðalheiður – Adda*, *Sigurður – Siggi*, *Davíð – Dabbi* og *Stefán – Stebbi*. Í færeyska dæmasafninu var ekkert dæmi um lokhljóðun af þessu tagi. Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að búa til gælunöfn fyrir nafnið *Stefan* til að fá fram *Stebbi*. Þetta kom þó ekki fyrir og höfðu einu svörin fyrir nafnið langt /f/, eins og *Steffi*. Enginn færeysku málhafanna sem rætt var við taldi sig geta kallað *Stefan Stebba* eða *Dávid Dabba* og málhafarnir höfðu aldrei heyrt slíkt áður.

Lokhljóðun virðist því ekki almennt tíðkast í færeyskum gælunöfnum líkt og gerist í íslensku en það skýrist af því að í færeysku hefur ekki orðið sama þróun í lokhljóðum. Í íslensku á sér stað ferlið /f, v/ → [p] á undan /l/ eða /n/, t.d. *nafn* [napn] og *tefla* [tʰepla]. Í færeysku fellur öngljóðið á brott á undan /n/ og veldur tvíhljóðun: *navn* [nau:n]. Hins vegar hafa orðið hljóðavíxl á /v/ og /l/ og í orðum sem hafa /fl/ í íslensku er nú /lv/ í færeysku: ísl. *tefla*; fær. *telva* (sbr. Kristján Árnason 2011:30). Það að lokhljóðun /v/ og /f/ geti átt sér stað í íslenskum gælunöfnum en ekki færeyskum virðist því hreinlega vera vegna hljóðkerfislegs munar á málunum tveimur.

Hljóðin [ð] og [ç] eru horfin úr færeysku og í stað þeirra eru nú borin fram hálfserhljóðin [j] eða [w] eða öngljóðið [v] eftir umhverfi (Kristján Árnason 2011:81–82). Þar sem hljóðin eru ekki borin fram í eiginnafninu verður engin lokhljóðun í gælunafninu. Í þriðja lið netkönnunarinnar voru þátttakendur beðnir um að mynda gælunöfn út frá uppgefnum eiginnöfnum og fékkst þar eitt dæmi um *Aðalstein – Addi*. Það gæti verið að langa lokhljóðið í gælunafninu stafi af [t]-hljóðinu í seinni rót nafnsins en hér væri einnig gaman að velta fyrir sér möguleikanum á baklægðu /ð/. Óvíst er hvort hægt sé að gera ráð fyrir því að ð í færeysku sé mikið meira en bókstafur en færð hafa verið rök fyrir því að /ð/ gæti verið baklægt í málinu. Í því samhengi hafa oft sagnbeygingar eins og *klæða – klæði – klæddi* verið nefndar en hér er erfitt að ímynda sér hvers vegna [t] kemur fram ef ekkert /ð/ er til staðar í baklægðu gerðinni (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2012:104–105, 134; Magnús Snædal 1986:148–150). Sé /ð/ baklægt í *Aðalstein* gæti vel verið að *Addi* komi til vegna lokhljóðunar en sú umræða verður látin liggja á milli hluta að sinni.

5. Lokaorð

Færeysku gælunafnamynstri svipar mjög til íslensks gælunafnamynsturs þar sem meirihluti nafnanna í færeyska dæmasafninu eru tvíkvæð, beygjast veikt og hafa langt sérhljóð. Veik beygingarmynstur eru tvenns konar í báðum kynjum í færeysku; *-i* og *-e* í karlkyni og *-a* og *-i* í kvenkyni. Þó veikbeygð nöfn séu í meirihluta eru þau ekki jafnalgeng í færeyska gagnasafninu eins og í söfnum Veturlíða Óskarssonar (2003) og Willson (2007) fyrir íslensk gælunöfn en í færeysku er talsvert meira um óbeygjanlegar stýfingar. Einnig eru viðskeyti færeyskra gælunafna ólík íslenskum en ekki voru nein dæmi um *-si/-sa* og *-ki/-ka*, eins og tíðkast í íslensku. Hins vegar kemur fyrir það sem virðist vera viðskeyttur greinir aftan við gælunöfnin. Einnig á færeyska hliðstæðu við íslensku skyldleikagælunöfnin, eins og *Systa* og *Brói*, en hún kemur eingöngu fram í viðskeytinu *-ba*, sem merkir ‘bróðir’: *Jógvan – Eggaba*.

Í færeysku gælunöfnunum kom aldrei fyrir lokhljóðun, eins og *Davíð – Dabbi* og *Stefán – Stebbi* í íslensku. Þetta stafar af hljóðkerfislegum mun á málunum tveimur þar sem lokhljóðun er mun fátíðari í færeysku en í íslensku. Því má sjá að þótt

færeyskt gælunafnamynstur sé að mörgu leyti líkt íslensku gælunafnamynstri er margt ólíkt. Fyrir utan málfraeðilegan mun á gælunöfnum í málunum er einn helsti munurinn sá að notkun gælunafna á Íslandi er mun meiri en í Færeyjum. Flestir þeirra sem tóku þátt í netkönnuninni, sem og Færeyingarnir sem rætt var við, sögðust þekkja fáa eða varla nokkurn sem notar gælunöfn en þau eru hins vegar mjög algeng á Íslandi.

HEIMILDIR

- Aðalheiður Þorsteinsdóttir. (1998). Frá Hólmsteini til Homma – myndun gælunafna í íslensku. *Mímir: Blað félags stúdenta í íslenskum fræðum*, 46, 30–39.
- Anton Karl Ingason (2007). *Tvíliðahneigð*. http://www.linguist.is/skjol/tvilida_hneigd.pdf
- Ásta Svavarsdóttir (2006). Að skamma strák sem heitir Jón. Í Ari Páll Kristinsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson, Höskuldur Þráinsson og Margrét Guðmundsdóttir (ritstj.), *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006* (bls. 20–22).
- Guðmundur Finnbogason. (1926). Íslensk gælunöfn. *Skírnir*, 100, 104–112.
- Hagstova Føroya. (2022, 1. september). *Nøvn*. <https://hagstova.fo/fo/folk/folkatal/novn>
- Höskuldur Thráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. (2012). *Faroese: An overview and reference grammar*. Føroya Fróðskaparfélag og Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristján Árnason. (2011). *The phonology of Icelandic and Faroese*. Oxford University Press.
- Magnús Snædal. (1986). Færeyska sérhljóðakerfið. *Íslenskt mál*, 8, 121–168.
- Málráðið. (2021). *Fólkanøvn*. <http://malrad.fo/page.php?Id=38&l=fo>
- Sedlasavn. *Fróðskaparsetur Føroya*. <https://sedlasavn.setur.fo>
- Veturliði Óskarsson. (2003). Siggi. Í Baldur Sigurðsson og Þórður Helgason (ritstj.), *Fáfnis hjarta við funa steikir: Sigurður Konráðsson fimmtugur 18. ágúst 2003* (bls. 7–11). Meistarautgáfan.
- Willson, Kendra J. (2007). *Icelandic nicknames*. Doktorsritgerð, University of California, Berkely.

ABSTRACT

‘Icelandic and Faroese nicknames’

Keywords: nicknames, Faroese names, Icelandic names, fortition

The focus of this study is on Icelandic and Faroese *gælunöfn/kelinøvn* (nicknames) that have a stem derived from a person’s proper name. By contrast, *uppnafni/eyknefni*, that are often pejorative and have no relation to the proper name, are not discussed. Broadly speaking, Faroese nicknames are quite similar to Icelandic nicknames and have the same characteristics, i.e., they are most often disyllabic, weakly declined and have a long consonant (VC:). The materials used in this study are a collection of Faroese nicknames from the linguist Anfinnur Johansen and results from an online survey. Despite more than half the Faroese database consisting of weakly declined nicknames, weak declension was still not as common as in Icelandic compared to Willson’s (2007) and Óskarsson’s (2003) studies. This is due

to the fact that undeclined truncated names are more common in Faroese than Icelandic. Suffixes in Faroese nicknames are also different from Icelandic, as the Faroese database had no example of *-si/-sa* or *-ki/ka*, which are common suffixes in Icelandic nicknames. Additionally, some names in the database showed an optional definite affixed article, as in *Olli(n)* from *Óli*. Syllables of the type VC: are also a noticeable characteristic for stems of nicknames in both languages, but fortition seems to be almost impossible in Faroese nicknames, whereas it is quite common in Icelandic, as in *Stefán – Stebbi*.

Eva Hrund Sigurjónsdóttir
Háskóla Íslands
ehs20@hi.is

GUÐRÚN STEINÞÓRSÐÓTTIR

Sek eða saklaus?

Ég heiti Ísbjörg.

Ég er ljón.

Það glampar á sverð réttlætisins í loftinu. Myrkur. Gulldregin hjöltin sindra. Stjörnur þjóta. Gljáandi hvít egginn skelfur. Neistar fljúga. Sverðið snýst í kringum mig. Ég beygi mig ekki þótt söngurinn hljómi:

Auga

fyrir auga

fyrir tönn

fyrir tönn¹

Á þessa leið hefst skáldsagan *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* eftir Vigdís Grímsdóttur sem kom út árið 1989. Sögumaðurinn er ung vændiskona, Ísbjörg Guðmundsdóttir, sem myrt hefur viðskiptavin sinn og fær nú tólf stundir til að segja lögmanninum Pétri sögu sína. Þótt það liggi skýrt fyrir að Ísbjörg hafi gerst sek um morð má velta því fyrir sér að hvaða marki hún sé sek og ekki síst hvenær samfélagið yti undir svo alvarlegan glæp. Saga Vigdísar hverfist minna um morðið en ætla mætti í fyrstu. Hún fjallar miklu fremur um kynferðislegt ofbeldi gegn konum og börnum; afbrot sem lengi voru sveipuð þagnarhjúpi bæði í samfélagslegri umræðu og í íslensku réttarkerfi. Ísbjörg er þolandi sífjaspella auk þess sem henni hefur verið nauðgað, bæði sem barni og á fullorðinsárum. Fyrir þau brot hefur þó enginn verið sóttur til saka enda hefur Ísbjörg staðið vörð um sannleikann og engum sagt sögu sína fyrr en verjandinn Pétur kemur á hennar fund. Hér ætla ég að fjalla um kynferðisafbrotin sem greint er frá í skáldsögu Vigdísar og setja þau í samhengi við afstöðu og viðhorf til slíkra brota í íslensku samfélagi á seinni hluta tuttugustu aldar.

„Og hann kallar það að stinga í. Þetta að sjá stjörnur.“

Nauðgun er eitt af þeim afbrotum sem fylgt hefur mannskepnunni um aldir en í íslenskum lögum má finna ákvæði um nauðganir allt aftur í Grágás. Þótt lögin hafi vitaskuld tekið breytingum í gegnum tíðina og markast af breyttum áherslum í samfélaginu á ólíkum tímum hefur megininntak þeirra einatt verið hið sama eins og Ragnheiður Bragadóttir (2018:23), prófessor í lögfræði, hefur bent á, „þ.e. að maður þvingar konu gegn vilja hennar til að hafa við sig kynmök.“ Núgildandi hegningarlög tóku gildi þann 12. febrúar 1940 en síðan þá hefur kaflinn um kynferðisafbrotin verið endurskoðaður þrisvar sinnum, það er að segja árin 1992, 2007 og 2018. Meðal annars hefur verið lögð áhersla á að breyta og víkka skilgreininguna á nauðgunarhugtakinu, skilgreina afbrotið nauðgun út frá skorti á samþykki og hækka hámarksrefsingu fyrir brot. Þá hafa ákvæði kaflans einnig verið gerð ókynbundin en fram að lagabreytingunni 1992 nutu konur aðeins refsiverndar og gátu verið þolendur en karlar gátu hins vegar einungis verið gerendur. Athyglisvert er að engin ákvæði hegningarlaganna hafa verið endurskoðuð jafn oft og kynferðisafbrotakaflinn en það er kannski til vitnis um gjörbreytta afstöðu til kynferðislegs ofbeldis á ólíkum tímum (Ragnheiður Bragadóttir 2018:18, 38; Ragnheiður Bragadóttir 2011:175).

¹ Tilvitnunin er á blaðsíðu 9. Eftirleiðis verður vísað til bókarinnar með blaðsíðutali í sviga.

Þegar skáldsaga Vigdísar um Ísbjörgu kom út höfðu ákvæðin um kynferðis-afbrotin staðið óbreytt í hálfra öld. Á þeim tíma var opinber umræða um kynferðislegt ofbeldi lítil sem engin og dómar í málaflokknum afar fáir. Margir litu raunar svo á að brot af þessu tagi væru ekki framin á Íslandi, sér í lagi kynferðisbrot gegn börnum (Ragnheiður Bragadóttir 2018:17; Helgi Gunnlaugsson 2011:497). Hvort tveggja hefur eflaust haft þau áhrif að margir þolendur þögðu um ofbeldið sem þeir höfðu verið beittir og kærðu ekki gerendur sína. Í kjölfar annarrar bylgju femínismans á Vesturlöndum varð þó breyting á samfélagsumræðunni þegar konur rufu þögnina og tóku til við að ræða opinskátt um kynferðislegt ofbeldi og alvarlegar afleiðingar þess, meðal annars með hjálp skáldskaparins; rétt eins og Vigdís gerði með sinni skáldsögu (Guðrún Steinþórsdóttir 2021:383–384). Þar gekk hún raunar skrefinu lengra en margar aðrar konur því hún beindi sjónum einkum að kynferðisbrotum gegn börnum og sifjaspellum eða að því kynferðislega ofbeldi sem fór leyndast og mest bannhelgin var á (Guðrún Jónsdóttir 2012:7).

Kynferðisbrot gegn börnum og unglingum eru talin vera með alvarlegustu brotum sem framin eru. Þau fara einatt fram í leynd og er gerandinn vanalega karlkyns og einhver sem þolandinn þekkir og treystir; til dæmis faðir, stjúpfi, afi, bróðir, fjölskylduvinnur, kennari eða nágranni. Kynferðisbrot gegn einstaklingum undir löfgaldri hafa verið skilgreind með ýmsum hætti en gott er að feta í spor Sæunnar Kjartansdóttur (2011:298) sálgreinanda sem leggur áherslu á ásetning gerandans og hvernig hann nýtir sér valdastöðu sína gagnvart þolandanum til að fá kynferðislegum löngunum fullnægt. Í skrifum sínum styðst Sæunn við eftirfarandi skilgreiningu á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum:

Það telst til kynferðislegs ofbeldis þegar kynþroska manneskja, af ásetningi eða vegna vanrækslu, lætur barn, eða leyfir öðrum að láta barn, taka þátt í athöfnum af kynferðislegum toga í þeim tilgangi að veita kynþroska manneskju kynferðislega nautn. Einu gildir hvort athafnirnar fela í sér þvingun af einhverju tagi, hvort þeim fylgir líkamleg snerting, hvort það er barnið eða hinn fullorðni sem á frumkvæðið eða hvort hægt er að greina skaðlegar afleiðingar þegar til skamms tíma er litið.²

Sæunn (2011:298) bendir auk þess á að kynferðislega ofbeldið feli í sér að barn sé „gert að þolanda í athöfnum sem það hefur hvorki vitsmunalegar forsendur til að skilja né tilfinningalegan þroska til að vinna úr.“ Hún nefnir enn fremur að aðstæðurnar geti vakið ótta hjá börnum, þau upplifi sig einangruð og hjálparvana, mörg finni til líkamlegs sárauka og flest kenni sjálfum sér um afbrotið.

Þessar lýsingar ríma vel við áfallasögu Ísbjargar eins og kemur glögglega fram í upprifjun hennar af æskunni. Hún er einkabarn foreldra sinna, Guðmundar og Þórhildar. Faðirinn er greindur alþýðumaður en líður fyrir að vera ómenntaður. Hann tollir illa í vinnu og finnst að hann sé ekki metinn að verðleikum. Fjölskyldan er fátæk en Guðmundur fyrirliður hana ríku þótt hann þrái í raun að tilheyra þeim hópi. Mánaðarlega leggst hann í þunglyndi vegna aðstæðna sinna og þegar Ísbjörg er átta ára fellur hann fyrir eigin hendi. Á meðan Guðmundur lifir heldur hann heimilinu í heljargreipum því hann stjórnar mæðgunum með sálrænu ofbeldi og einangrar þær frá umheiminum. Hann talar gjarnan niður til Þórhildar en dýrkar hins vegar dóttur sína sem hann telur einstaka. Guðmundur sér sjálfan sig í barninu, nærir það á eigin hugmyndum og lífsskoðunum og vill að það gangi menntavegin. Hann brýnir auk

² Tilvitnunin í grein Sæunnar (2011:298) er þýðing úr bókinni *Child sexual abuse* (1993) eftir Danya Glaser og Stephen Frosh.

SEK EÐA SAKLAUS?

Þess fyrir Ísbjörgu að kjafta ekki frá leyndarmálum, vera hörð og töff og láta ekki aðra kúga sig.³

Á yfirborðinu virðist samband feðginanna kannski gott og fagurt en undir niðri lúrir þó hryllingurinn því ýmsar vísbendingar eru gefnar um að Guðmundur hafi beitt Ísbjörgu kynferðislegu ofbeldi.⁴ Í því skyni er vert að skoða sérstaklega tvær lýsingar sem eiga það sammerkt að segja frá samskiptum feðginanna um kvöld á bak við luktur dyr í svefnherbergi Ísbjargar. Fyrri lýsingin hefst á þessa leið:

Mér finnst gott þegar hann situr hjá mér á kvöldin og strýkur mér inn í drauminn. Eða strýkur í mig drauma einsog hann kallar það sjálfur.

- Þú verður ekki grenjuskjóða þegar þú stækkar, hvíslar hann að mér áður en hann hallar hurðinni aftur.

- Neihei, svara ég og þá sest hann aftur á rúmstokkinn. Heldur um hendur mínar. Þær sökkva á kaf í hans. Skip í sjó. Ég lygni augunum. Hendur mínar vagga á öldunum.

- Gott hjá þér mér leiðast nefnilega grenjuskjóður. (24)

Í kjölfarið biður Ísbjörg föður sinn um að segja sér frá því þegar hann meig á grenjuskjóðu og áfram heldur lýsingin:

Ég toga hann til mín. Finn hárin á handleggjum hans strjúkast við mig. Léttan andardrátt hans á augnalokunum.

- Ef þú segir engum.

- Ég kjafta ekki, segi ég lágt með þungri áherslu og loka augunum.

Hann kyssir mig á augnalokin. Ég sé stjörnur í myrkrinu því að varir hans eru þungar. Hylja allt ljós. (25)

Frásögninni lýkur síðan á því að faðirinn gefur Ísbjörgu merki um að þegja yfir atburðinum eða eins og hér segir:

Hann leggur löngutöng á hálfopnar varir mínar. Lætur mig vita að ég eigi ekki að segja meira. Og lengi vel, eftir að hann er farinn, finn ég bragðið af fingri hans þegar ég sleiki út um. Hann er góður og okkur líður vel saman. (25–26)

Lýsingin á gjörðum Guðmundar er óljós þannig að lesandi veit ekki fyrir víst hvort eitthvað óæskilegt hafi átt sér stað eða hvort frásögnin vitni eingöngu um föður sem svæfir dóttur sína með því að sitja hjá henni á rúmstokknum, segja henni sögu og kyssa hana góða nótt. Sú staðreynd að Guðmundur lokar að þeim og leggur endurtekið áherslu á þagmælsku Ísbjargar bendir þó til þess að ekki sé allt með felldu; þau eigi saman leyndarmál sem enginn megi vita um. Þögnin og hin óljósa umfjöllun á sér hliðstæðu í því hvernig ofbeldi gegn börnum er iðulega vandlega falið innan veggja heimilisins og eins í því hvernig samfélagið sameinaðist lengi vel um að þegja yfir slíkum brotum.

³ Sbr. Silju Aðalsteinsdóttur (1990:106–108) sem skrifaði vandaðan ritdóm um skáldsöguna þar sem hún greinir vel frá valdamisvæginu innan fjölskyldunnar.

⁴ Skáldsagan um Ísbjörgu kallast einum þræði á við smásöguna *Dýrasaga* eftir Ástu Sigurðardóttur (1985:121–132) því þar segir frá fjölskyldu sem samanstendur af móður, dóttur og fósturföður sem beitir mæðgurnar sálrænu ofbeldi. Líkast til beitir karlinn fósturdóttur sína einnig kynferðislegu ofbeldi en rétt eins og í sögunni um Ísbjörgu eru lýsingar á því óljósar. Í greininni *Myndir* fjallar Dagný Kristjánsdóttir (1999b:139–153) skilmerkilega um ofbeldið í smásögunni.

Ummælin um „strokur“ og að „sjá stjórnur við atlot“ eru einnig vísbendingar um mögulegt ofbeldi Guðmundar því orðalagið kallast bókstaflega á við tvær aðrar lýsingar á kynferðisafbrotum sem Ísbjörg rifjar upp. Strokurnar koma til tals þegar hún greinir Pétri, lögmanni sínum, frá ofbeldi sem á sér stað í fangelsinu þegar þeir sem sjá um löggæsluna misnota vald sitt. Eða með orðum Ísbjargar:

Sakafólki er strokið. Og því er þvegið hátt og lágt svo því geti liðið vel. Og svo er því strokið þangað til það segir það sem þeir vilja heyra. Mér hefur verið strokið hér í heilan mánuð. Stundum hafa þeir komið um miðja nótt. Velt mér við og byrjað að strjúka. (66)

Lýsingin minnir á að kynferðisafbrotamenn eru fjölbreyttur hópur og að þolendur þeirra eru hvergi óhultir; ekki einu sinni á bak við lás og slá. Í sömu mund endurspeгла ummælin raunverulegar frásagnir kvenkyns fanga um ofbeldi í fangelsum en í íslensku samhengi er nærtækt að minnast Erlu Bolladóttur sem hefur opinberlega greint frá því að hún hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi þegar hún sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu árið 1976. Þar hafi rannsóknarmaður lögreglunnar haft samræði við hana og fangavörður káfað á henni (Jón Hákon Halldórsson 2013).

Í seinni frásögninni upplýsir Ísbjörg Pétur um að henni hafi verið nauðgað ellefu ára gamalli af ókunnugum manni í verkfæraskúr. Í lýsingunni koma stjórnur endurtekið við sögu eins og eftirfarandi textabrot vitnar um:

– Viltu þá ekki að ég stingi í þig svo að þú sjáir stjórnur, spyr hann mjúklega einsog hann haldi að hún muni færast undan því, haldi að hún þori ekki að kynnast hinu leynda.

– Jú þakka þér fyrir, segir hún og brosir til hans.

[...]

– Farðu þá úr buxunum.

Og þá veit hún að þessi feimni maður ætlar að sýna henni þær stjórnur sem pabbi sýndi mömmu á kvöldin. [...] Og hann kallar það að stinga í. Þetta að sjá stjórnur. Hún fer úr buxunum. Hlakkar til. Hann fer úr sínum. (94–95)

Stjórnusýnin er hér bókstaflega tengd samförum og í ljósi þess að sérstaklega er nefnt að Guðmundur hafi sýnt konu sinni stjórnur á kvöldin er rökrétt að draga þá ályktun að samvera hans með Ísbjörgu – þegar hún sá stjórnur fyrir hugskotssjónum sínum – hafi verið kynferðisleg.

Lýsingin á nauðgun ókunnuga mannsins er felld í fagan buning meðal annars með hjálp ævintýrsins því einnig kemur fram að ofbeldismaðurinn kalli Ísbjörgu fallega prinsessu og nefnt er að atburðurinn sé ævintýri, gerandinn prins og skúririnn höll (Vigdís Grímsdóttir 1989:93). Í dag eru ævintýri oft talin eftirsóknarverð og af hinu góða en ekki má gleyma að hryllingurinn var löngum og er sumpart enn hluti þeirra, en þann þátt hefur Vigdís svo sannarlega ræktað í mörgum af sínum verkum.⁵ Með því að leggja áherslu á vilja barnsins til að taka þátt í kynferðislegu athöfninni er fegrin ofbeldisins undirstrikuð og um leið óhugnaður þess. Það sama er uppi á teningnum í seinni lýsingunni á vafasömum samskiptum Ísbjargar og Guðmundar. Í

⁵ Í þessu samhengi má til dæmis minnast skáldsagnanna *Stúlkan í skóginum* (1992), *Frá ljósi til ljóss* (2001) og *Hjarta, tungl og bláir fuglar* (2002) en í þeim tveimur síðastnefndu nýtir Vigdís sér orðræðu ævintýrsins á svo ísmeygilegan hátt að margir lesendur átta sig ekki á kynferðislega ofbeldinu sem kann að leynast undir glansmynd frásagnarinnar. Ég fjalla sérstaklega um ólíkar viðtökur lesenda á *Frá ljósi til ljóss* í bók minni *Raunveruleiki hugans er ævintýri* (2021:347–377) með tilliti til orðræðu ævintýrsins og ástarinnar.

SEK EÐA SAKLAUS?

Því tilviki verður faðirinn var við að Ísbjörg, þá átta ára, liggur á gægjum þegar hann og kona hans láta vel hvort að öðru. Nakinn eltir Guðmundur dóttur sína inn í herbergi hennar og lokar hurðinni. Í kjölfarið segir í sögunni:

Hann reisir mig upp í rúminu. Hrukkurnar djúpar í enninu. Augun stinga. Starir. Fingur hans þungir á öxlum mínum. Lít niður. Halla mér að honum. Hann er stór. Ekki reiður. Sjóðheitur. Hár hans strjúkast við vanga minn. Hann stífnar. Ég strýk. Varinnar renna. Ég kyssi hann. Snerti.

Hann gerir ekkert. Lokar augunum. Ég sé að hvarmar hans blotna. Hann er stór. Grætur.

– Ég er svo einmana pabbi.

Hann ýtir mér frá sér. Gengur út. Gamall. Lokar hljóðlega á eftir sér. (137)

Lesandanum er gert að lesa á milli línanna því ekki er sagt berum orðum að um sífjaspell sé að ræða auk þess sem látið er líta út fyrir að athöfnin sé einkum á forsendum barnsins. Þannig vinnur Vigdís listilega með lífseiga goðsögu sem notuð hefur verið til að réttlæta kynferðislegt ofbeldi gegn börnum; það er að sum þeirra njóti kynferðislegra athafna og vilji taka þátt í þeim (Guðrún Jónsdóttir 2012:13). Slík viðhorf lýsa að sjálfsögðu mikilli vanþekkingu því að börn „hafa engar forsendur til að vinna úr flóknu samspili ótta, leyndar, örvunar, sársauka og sérkennilegrar hegðunar fullorðins fólks“ eins og Sæunn Kjartansdóttir (2011:310) hefur bent á. Hún telur raunar að ein af mikilvægum ástæðum þess að banna kynlíf á milli fullorðinna og barna undir 15 ára felist í því að börnin eigi erfitt með að vita hvar mörkin eigi að liggja, til dæmis með tilliti til þess hver má gera hvað, hvað sé bannað og hvað ekki. Börnin geti fundið til kynferðislegrar örvunar við gælur án þess þó að vera samþykkt verknaðinum eða vilja það sem er að gerast. Ung börn hafa enda „ekki forsendur til að skilja að þau stjórna ekki líkamlegum viðbrögðum sínum, ekki frekar en þau ráða því hvort húð þeirra roðnar við hita eða ekki. Undantekningarlaust þjást þau af sektarkennd, sjálfsásökunum og skömm. Þau fá viðbjóð á líkama sínum sem þeim finnst vera skítugur“ (Sæunn Kjartansdóttir 2011:310).

Slíka líðan má heimfæra á Ísbjörgu sem verður ráðvillt eftir skipti sín við föðurinn. Hún veit að atburðarásin var ósæmileg en hefur ekki þroska til að skilja hvers vegna. Sömu nótt blóðgar hún sig með því að berja höfðinu við vegg og upplifir sig vonða þótt henni líði vel. Sektarkenndin og skömmin magnast þegar faðirinn fremur sjálfsmorð stuttu síðar en að mati Ísbjargar gat hann „ekki afborið sína nýju hljóðu kvöl. Sína nýju dóttur“ (137). Sjálf áttar hún sig ekki á því fyrir en síðar að atburðurinn var ekki innan leyfilegra marka í samskiptum feðgina.

